



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN ÁRSSKÝRSLA 2015





Formaður:
Guðrúnur Ásdóttir
Formaður frá 2011. Var stjórn
frá 2001 - 2010. Sat í
varastjórn frá 2000-2001.



Gjalddæmi:
Guðmundur Jónsson
Gjalddæmi frá 2014. Sat í
varastjórn frá 2012 - 2014.



Ritari:
Helgi S. Haraldsson
Ritari frá 2013.



Varaformaður:
Örn Guðnason
Varaformaður frá 2012.



Meðstjórnandi:
Helga Kolbeinsdóttir
Meðstjórnandi frá 2015.



Varamaður:
Anný Ingimarsdóttir
Varamaður frá 2011.



Varamaður:
Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.



Varamaður:
Rut Stefánsdóttir
Varamaður frá 2013.



Framkvæmdastjóri:
Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá 1991.

Ársskýrsla 2015

Umsonn með útgáfu: Engilbert Olgeirsson, Profarkalestur: Anný Ingimarsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Fanney Ólafsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Jóhannes Sigmundsson, Lís Thomsen, Rut Stefánsdóttir, Þorgeir Viglússon og Örn Guðnason. Umsýndir: Engilbert Olgeirsson og forystuáttak í félögum, nefndum og ráðum. Hönnun og umbrot: Guðmundur Karl Sigurðsson. Prentun og fjölföldun: Prentsmið Suðurlands. Útflap: 250 eintök. Forseti: Myndir úr starfi fjalla-þróttaráðs HSK sem fékk unglingabækur HSK fyrir útgáfu.



Frá stjórnarfundum HSK sem haldinn var á Hrófsvelli í júní.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

3. Ávarp formanns HSK
6. Ársreikningur
10. Verkefnasjóðsreikningur
10. Framtíð úr héraði
11. Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2015
12. Íþróttamaður HSK 2015
- Greinargerðir um íþróttamenn einstakra íþróttgreina
14. Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
- Þakir til þeirra sem styrktu starfsemi HSK frétir í Sunnlenska
15. Guð- og silfurmerki HSK veitt árið 2015
- Nýtt útlit á heimasíðu HSK
50. ársskýrsla HSK frá upphafi Annað kynningarstarf
16. Minning: Halsteinn Þorvaldsson
- Nemi í veltvangsnámi hjá HSK
- HSK heldur Unglingalandsmót UMFI 2018 og Landsmót UMFI 50+ 2017

Fundir, þing og ráðstefnur:

17. 93. héraðsþing HSK
18. Stjórnarfundir HSK
- Fundað með forystu aðildar- og sveitarfélaga
- Námsferð HSK félaga til Danmerkur í tengslum við vefund UMFI
19. Landsmótshundur HSK
72. Íþróttakeppni íþróttar- og Ólympusambands Íslands
20. Sambandsþing Ungmennafélags Íslands
- Formannafundur ISI
- Þing sársambanda

Samstarfsverkefni:

21. Félagssamböndin Sel
- Leikjannámskeið HSK 2015
- HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK
22. Félagsskýrsla verður að skila
- Virkjaðu kaflastofur
- Lofstækjur náðu ekki metárinu 2014
- Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska
23. Verkefnið fjölskyldan á fjallið
- Fyrirmyndarfélag ISI
- Hreyfing UMFI

23. Hjólum í skólann 2015

24. Haldarslagalafta HSK

Ymsar upplýsingar:

25. Lög HSK
26. Aðildarfélag og formenn félaga
27. Guð- og silfurmerki HSK
- Þögnendur félaga fjölgaði um 909
28. Stærð félaga og teikir af lotið og getuannúmer félaga
29. Íþróttakendur félaga
30. Íþróttamaður HSK frá upphafi
31. Matmenn HSK
- Sleifarhæfar HSK
32. Fréttapunktur frá ISI
34. Fréttapunktur frá UMFI
36. Styrkir úr Íþróttasjóði ríkisins
- Ferðasjóður íþróttafélaga
- Nýtt ungmennafélag sækir um aðild að HSK
37. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFI

Nefndir skipaðar af stjórn:

38. Kjómefnd
- Válmefnd vegna kjörs á íþróttamanni HSK
- Unglingalandsmótnefnd HSK

Skýrslur nefnda og séráða HSK:

41. Almenningsíþróttanefnd
- Badmintonnefnd
42. Blaknefnd
43. Borðtennisnefnd
- Bridðnefnd
44. Fimleikanefnd
- Frjálsíþróttaráð
48. Glimuráð
51. Golfnefnd
- Handknattleiksnefnd
- Hestaíþróttanefnd
- Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK
52. Íþróttanefnd fadaðra
53. Knattspyrnufélag
- Körfnatleiksnefnd
- Skáknefnd
- Starfsíþróttanefnd
54. Sundnefnd
- Sögu- og minjanefnd

Skýrslur aðildarfélaga:

55. Aksturíþróttarfélag Hraðvegkappa
- Golfklúbbur Ásatúns
56. Golfklúbburinn Dalbúi
- Golfklúbburinn Flúðir

57. Golfklúbburinn Geysir
- Golfklúbbur Helli
58. Golfklúbbur Hveragerðis
59. Golfklúbbur Kópabergs
- Golfklúbbur Selfoss
60. Golfklúbburinn Tuddi
61. Golfklúbburinn Útnilíð
- Golfklúbbur Þorlákshafnar
62. Golfklúbburinn Pverá
- Golfklúbbur Öndverðamess
63. Hestamannafélagið Geysir
- Hestamannafélagið Háfeli
64. Hestamannafélagið Ljófur
- Hestamannafélagið Logi
- Hestamannafélagið Sleipnir
65. Hestamannafélagið Smári
66. Hestamannafélagið Trausti
- Íþróttafélagið Óimón
- Íþróttafélagið Garður
67. Íþróttafélagið Gnýr
68. Íþróttafélagið Hamar
- Íþróttafélagið Milan
69. Íþróttafélagið Suðri
70. Knattspyrnufélagið Árborgar
- Knattspyrnufélag Rangæinga
71. Knattspyrnufélagið Ægir
- Körfnatleiksnefnd FSu
72. Lyftingafélagið Hengill
73. Skotíþróttafélag Suðurlands
- Skotíþróttafélagið Skyttur
- Torfaruklúbbur Suðurlands
74. UBH
- Umf. Baldur
- Umf. Blakstungna
75. Umf. Dagebrún
- Umf. Eyfellingur
76. Umf. Eyraþakka
- Umf. Framtíðin
77. Umf. Gnúperja
- Umf. Hekla
78. Umf. Hrunsmanna
79. Umf. Hvót
- Umf. Ingólfur
80. Umf. Laugdæla
- Umf. Merkinvöllur
- Umf. Samhyggja
81. Umf. Selfoss
82. Umf. Skaiðsmanna
83. Umf. Stokkseyrar
- Umf. Vaka
84. Umf. Bjótandi
- Umf. Þór
85. Umf. Þorsmörk
- Félag sem skiluðu ekki skýrslu
86. Myndir úr starfinu



Skýrsla stjórnar: Ávarp formanns HSK

Tífar tímans hjól. Ótrúlegt en satt. Enn eitt ár í starfsemi HSK að baki. Í dag lítum við um öxl, gerum upp liðið ár í starfssemi Hérasambandsins Skarphéðins og horfum fram á veginn. Eigum samræður um hvernig til hefur tekist, hvort eitthvað í starfinu þarfnist lagfæringar og leitum leiða til að bæta starfið enn frekar. Árið 2015 var frábært íþróttaár og búum við Sunnlendingar við það ríkidæmi að eiga stóran hóp afreksfólks, frábæra þjálfara, snillinga er kemur að mótahaldi og síðast en ekki síst einstaklinga sem með þrotlausri vinnu halda starfi félaganna gangandi. Margir félaga okkar hafa fetað sigurbrautir bæði hérlendis og erlendis og voru HSK keppendur afar sýnilegir á öflugum mótum sem haldin voru á árinu. Íþróttafólkið kemur úr mörgum sveitarfélögum og vettvangur þess ólíkur. En það sem er þeim sameiginlegt er að flestir hafa lagt á sig ómælda vinnu til að ná góðum árangri. Sex Sunnlendingar voru t.d. kjörnir íþróttamenn ársins af sínu sersambandi og hlýtur það að teljast frábær árangur á landsvísi. Höfum í huga að á bak við afrekin liggja óteljandi klukkustundir, stundir gleði, sorgar, svita og tára ásamt þrotlausum æfingum.

Unglingalandsmót

Allir geta verið sammála um að íþróttir fyrir börn og ungmenni eru mjög mikilvægar. Þær stuðla að auknum líkamlegum styrk auk þess að efla sjálfsstraust og félagsþroska. Mörg ungmenni lifa við vanmat á eigin getu og oft hefur leiðin til sjálfshjálpar legið í gegnum þátttöku í íþróttum. Unglingalandsmótin eru eitt af þeim verkefnum sem kemur árlega upp í hugann og stendur upp úr í starfi íþróttahreyfingarinnar þegar íþróttaárið er gert upp. Mörg ungmenni finna sig vel á mótunum og leggja grunn að afreksstarfi sínu með þátttöku sinni. Mótið var haldið að þessu sinni á Akureyri. Keppendur frá HSK hafa aldrei verið fleiri og mikill fjöldi HSK félaga tók þátt með margvíslegum hætti. Mótið var stórt í sniðum og mikill fjöldi keppnisgreina og þótti sumum nóg um. Í dag telja margir að skoða beri hvort fækka eigi keppnisgreinum. Upphaflega var markmið með mótunum að halda þau á þeim stöðum sem ekki gætu haldið stóra landsmótið. Nú er svo komið að með auknum árangri hafa kröfur um aðstæður aukist. Sú göfuga hugsun að dreifa mótunum út um landið á stóra jafnt sem smærri staði gengur ekki upp. Annað árið í röð fékk HSK fyrirmyndarbikarinn. Það var í fimmta sinn sem sambandinu áskotnaðist sá heiður. Bikarinn er viðurkenning fyrir góða umgengni, háttvísi og þrúða framgöngu m.a. í keppni og við inngöngu á setningu mótsins. Eins og keppenda og forráðamanna var von og vísa stóðu þeir sig frábærlega jafnt í keppni sem utan. Bestu þakkar til Unglingalandsmótsnefndar sem og annarra sem aðstoðuðu keppendur HSK á mótsstað. Vel að verki staðið Skarphéðinsmenn.

Sem fyrr styrkti Arion banki HSK og Ungmennafélag Laugdæla lánaði samkomutjald og fyrir það ber að þakka. Á mótssetningu var



Guðríður formaður og Guðmundur gjaldkeri.

tilkynnt að HSK og Sveitarfélaginu Ölfus hefði verið úthlutað Unglingalandsmóti 2018.

Undirbúningur er þegar hafinn og er ég ekki í nokkrum vafa um að mótið verður vel framkvæmt og glæsilegt og öllum sem að því koma til mikils sóma enda oft haft á orði að Sunnlendingar hafi á að skipa landsliði þegar kemur að mótahaldi.

Landsmót UMFÍ 50+

Mótið var að þessu sinni haldið á Blönduósi. Veðrið lék við mótsgesti, þátttaka góð og vel skipulögð dagskrá. Á 50+ mótunum er ávallt ríkjandi mikil gleði og þakklæti. Gleði yfir að hitta gömlu kunningjana og þakklæti fyrir að hafa þrek og getu til þess að takast á við áskoranir sem felast í þátttökunni. Íþróttaiðkun almennings er einn af lykilorðum sem geta haft áhrif til heilbrigðara lífens og hefur mikil áhrif á lífsstíl fólks. Í dag er það svo að heilsa eldra fólks er almennt betri og fólk í betra ásigkomulagi en áður, m.a. vegna þess að í dag hreyfum við okkur meira og höldum áfram langt fram eftir aldri. Á mótunum snýst þátttakan ekki síst um að njóta félagskapparins og efla og endurnýja gömul vináttutengsl sem byggst hafa upp í gegnum íþróttastarf. Mótin styrkjast með hverju ári, en aldurshópurinn 50–65 ára mætti vera fjölmennari að mati þeirra sem að þeim standa. Það verður mikil áskorun að ná til þessa hóps þegar HSK í samstarfi við Hveragerðisbæ heldur Landsmót 50+ árið 2017 í Hveragerði.

Lengi býr að fyrstu gerð

Ísland ásamt Norðurlöndunum skipa ávallt efstu sætin í alþjóðlegum mælingum er varða bestu svæði til búsetu. Við búum við mestu lífsgæðin og velferðarkerfi sem skapar okkur tækifæri til menntunnar, hagsældar og frelsis fyrir alla. Atvinnustig er hátt, við erum komin vel á veg með að auka jafnrétti kynjanna, búum við nútímanlegan atvinnumarkað og erum í framfarðarsveit í tæknilegri þróun. Í 31. grein

barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem við höfum lögfest hér á landi segir að öll börn eigi rétt á hvíld, tómstundum, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra – og til fjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum og stuðla skuli að því að öllum börnum séu tryggð jöfn tækifæri í þessum málaflokkum. Í vel skipulögðu tómstundastarfi felst góð forvörn gegn óæskilegum áhrifum sem nýtast þeim sem þátt taka til áframhaldandi heilbrigðra lífshátta.

Kostnaður við þátttöku barna í íþróttum og tómstundum er yfirleitt liður sem foreldrar setja ekki fyrir sig, leyfi fjárhagsstaðan slíkt. Óumdeilt virðist að íþróttaiðkunin eða tómstundirnar eru uppbyggilegar, stuðla að bættri heilsu, betri árangri í námi, geta hjálpað börnum félagslega og hafa forvarnargildi á unglingsárunum.

Að þessu sögðu má ljóst vera að samfélagslegur ávinningur er því greinilegur af slíkrri iðkun barna og sjá flest sveitarfélög hag sinn í því að hvetja foreldra til þess að stuðla að íþróttaiðkun barna sinna. Sú hvatning kemur í formi hvatpeninga/fristundastyrkja. Misjafnt er eftir sveitarfélögum hve háir styrkir eru en skipta óneitanlega verulegu máli. Þrátt fyrir viðleitni sveitarfélaga til að létta undir með foreldrum/forráðamönnum er það svo að sum börn fá ekki tækifæri til að stunda tómstundir vegna mikils kostnaðar. Ýmiss útgjöld fylgja þátttöku barna og ungmenna í tómstundastarfi m.a. æfingagjöld, íþróttaföt, skór og hljóðfæri svo fátt eitt sé talið. Í upphafi þegar börnin prófa íþróttina er fjárfest í grunnbúnaði sem ekki þarf að kosta mikið en um leið og þau hella sér af fullum krafti í sportið, eykst krafan um flottari búnað og oft fylgir pressa um að fjárfesta í ýmsum varningi merktum íþróttafélaginu sem viðkomandi æfir hjá og má segja að kaup á búnaði sé oft en ekki af félagslegum toga. Ef um keppnis- og æfingaferðir er að ræða eykst kostnaður til muna og getur hlaupið á

hundruðum þúsunda fyrir foreldra/forráðamenn. Vitað er að í tómstundastarfi kynnast margir sínum bestu vinum, tómstundastarf skapar fasta rútínu og oftar en ekki er fylgni milli virkrar þátttöku og námsárangurs. Vel skipulagt tómstundastarf er ekki aðeins til að fylla upp í tóman tíma heldur fer fram mikil félagsmótun og leggja börn og ungmenni allan sinn metnað í að standa sig og gera vel.

Þrátt fyrir að mörg sveitafélög veiti góða fristundastyrki þarf að styðja betur við tómstundastarfið í landinu. Það er hreinlega svo að sumir foreldrar hafa ekki efni á að leyfa börnum sínum að vera með í starfinu. Því er mikil hætta á að þau börn sem af þessari ástæðu geta ekki tekið þátt fari mikils á mis. Huga þarf að því að kostnaður hamli ekki þátttöku og verði til þess að hluti barna heltist úr lestinni. Börn eiga skilyrðislaust að hafa jafnan rétt í þessum málum óháð fjárhag forráðamanna sinna.

Einstaklingar dafna þegar þeir takast á við og þróa áhugasvið sitt. Við eigum að fjárfesta til framtíðar í æsku landsins, það skilar sér margfalt til baka. Ég heyrir stundum að börn með margþættan vanda sem og börn innflytjenda, sjáist sjaldan í hefðbundnu tómstundastarfi og haldnir eru fundir um hvernig við náum betur til þessara barna. Ef við leiðum hugann að grundvallarhugtakinu, Eitt samfélag fyrir alla, sem okkur er svo tamt að tala um á helgi- og hátíðarstundum getum við velt fyrir okkur hvernig við stöndum við okkur hér á Suðurlandi í því að virkja þessi börn með okkur í starfinu. Hugtakið lýsir hugsjón um samfélag þar sem því er svo háttað að allir meðlimir njóta jafnréttis og virðingar og hafi tækifæri til þátttöku á öllum sviðum þess, á sínum forsendum sem sagt fyrirmyndarsamfélag. Við getum velt fyrir okkur spurningum á borð við: hvaða tækifæri bjóðum við okkar iðkendum, erum við klár á að það eru engar hindranir fyrir þátttöku allra barna? Þegar stórt er spurt er oft fátt um svör. Við getum líka velt því fyrir okkur hvort við höfum skapað réttan vettvang til samskipta, tjáningar og samvinnu fyrir öll börn og leiðbeinendur þeirra. Ég tel að betur meg, ef duga skal.

Heilbrigði sál í hraustum líkama

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni byggir velferð einstaklinga á góðri geðheilsu og hún sögð undirstaða þess að fólk nái að finna tilgagn með lífi sínu og verði virkir og skapandi þjóðfélagsþegnar. Forvarnir og heilsuefning eru mikilvægir þættir þegar við hugsum um heilbrigði, þegar við viljum bæta líðan og lína þjáningar, minnka líkur á sjúkdómum og auka vellíðan. Margir telja að börn á Íslandi í dag standi frammi fyrir nýjum heilbrigðisvandamálum er snerta þroska þeirra og almenna líðan. Í dag eru sérfræðingar áhyggjufullir vegna þess að tilfinningaleg vandamál fara vaxandi hjá börnum og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin spáir því t.d. að 2020 verði þunglyndi og geðrænir kvillar helsta ástæða örorku og dauða á eftir hjartasjúkdómum. Með rannsóknnum hefur verið sýnt að draga meg, úr nýgengi og algengi geðraskana með fyrirbyggjandi aðgerðum og með því að efla geðheilsu. Vitað er að geðræn vandamál á æskuárum hafa ríka tilhneigingu til



Kjartan Lárusson hlaut gullmerki HSK á héraðsþingi HSK.

að verða að varanlegum vandamálum á fullorðinsárum. Þess vegna beri að leggja aukna áherslu á að auka geðheilbrigði barna og unglinga, þjóðinni til heilla.

Lengi hefur sú ímynd loðað við okkur Íslendinga að vanlíðan sé veikleikamerki og það að leita sér hjálpar við vandanum væri uppgjöf. Í september 2015 héldu ÍSÍ, KSÍ og HR málþing um andlega líðan íþróttamanna. Fjölmenni var á málþinginu og greinilegt að umræða um málefnið þörf og þá möguleg úrræði. Rannsóknir sýna að til þess að komast í fremstu röð er ekki nóg að hlúa að líkamlega þættinum, heldur einnig þeim andlega. Á þessu ári steig íþróttafólk fram og lýsti baráttu sinni við andleg og geðræn vandamál og í kjölfarið hefur farið fram góð og afar gagnleg umræða um andlega heilsu íþróttamanna. Þessu fólki ber að þakka fyrir að koma umræðunni af stað. Viðbrögðin við henni sýna að hennar var svo sannarlega þörf. Umræðan í kjölfar málþingsins vakti mig sannarlega til umhugsunar um málefnið. Ég fagnaði því mjög þegar ég heyrði ræðu formanns íþróttafréttamanna, Eiríks Stefáns Ásgeirssonar í hófi á kjöri á íþróttamanni ársins 30. desember 2015 og get heilshugar tekið undir hvert orð sem hann sagði þegar hann fjallaði um andlega líðan íþróttafólks. Ég er hjartanlega sammála að við eigum að líta sömu augum á depurð og kviða og líkamleg meiðsl. Innan íþróttahreyfingarinnar þurfa að vera úrræði við andlegum veikindum, jafnt og líkamlegum, og beita þarf sömu rökhusun um endurhæfingu og uppbyggingu hugans, rétt eins og líkamans eftir alvarleg meiðsli. Niðurstöður rannsóknar Margrétar Láru Viðarsdóttur íþróttatræðings sem unnin var við Íþróttatræðasvið HR. sýna að kviði er meiri hjá íslenskum atvinnuöðnum í boltagreinum en hjá almennungi á sama aldri. Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur og sviðsstjóri Íþróttatræðasviðs HR telur að hugsanlegar skýringar á því geti verið að margir streituvaldandi þættir séu í umhverfi íþróttamannsins m.a. væntingar um frammistöðu og pressa frá félagi, fjölmiðlum og styrktaraðilum. Íþróttakonur sagði hún mun

líklegri til að þjást af andlegum kvillum en karlar. Hafrún nefndi einnig að þekking okkar og úrræði við andlegum kvillum væru lítil innan íþróttahreyfingarinnar á meðan úrræði við líkamlegum kvillum væru mjög þekkt. Að mörgu þarf að hyggja varðandi líðan íþróttafólks. Oft er pressan mikil, sömuleiðis miklar og á stundum óraunhæfar kröfur frá umhverfi, foreldrum og íþróttafélögum. Vitað er að ofþjálfun getur leitt til þunglyndis og kviða. Við vitum öll hversu góðar fyrirmyndir íþróttafólkið okkar er þegar árangur á vellinum er skoðaður. Það fólk sem hefur stigið fram að undanfögnu og fjallað um veikleika sína geta ekki síður orðið góðar fyrirmyndir þeirra sem glíma við vanlíðan og/eda andleg veikindi óháð því hvort viðkomandi er virkur í íþróttum eða ekki ef rétt er á málum haldið. Margir hafa lýst hindrunum sem þeir hafa þurft að yfirstíga á leið sinni að settu marki og til þess hefur þurft kjark og áráðni og fyrir það ber að þakka því það ætti að auðvelda íþróttahreyfingunni að takast á við verkefni sem framundan eru í geðheilbrigði íþróttamanna. Þrátt fyrir umræðu um geðheilsu íþróttamanna á undanförunum misserum hefur að mati margra lítið verið gert skipulega til að takast á við vandamálin þegar þau hafa komið upp. Sýnum nú samstöðu og tökum á með þeim sem hafa stigið fram og rutt brautina, höldum umræðunni á lofti og breytum ríkjandi viðhorfi. Ég skora á forystumenn í íþróttahreyfingunni sem og ráðamenn í þjóðfélaginu, fjölmiðla og aðra að leggja sitt af mörkum til þess að mýtunni um hinn fullkomna íþróttamann verði útrýmt. Það er of algengt að íþróttamenn rífi sig niður í stað þess að byggja sig upp vegna vanlíðunar sem tengist þunglyndi og hefur verið tabú innan íþróttageirans allt fram til dagsins í dag.

Fundur og þing

Fulltrúar HSK sóttu hefðbundna fundi, sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári sem og aðra viðburði á þeirra vegum.

72. íþróttþing ÍSÍ var haldið í Gullhörmum í Reykjavík 17.–18. apríl 2015. Fyrir þinginu lágu fjölmargar tillögur, sem fjallað var ítarlega



um í nefndum og lagðar fram fyrir þingið. Á þinginu var kosið til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og forseta og var Lárus Blöndal kosin forseti. Einnig var útnefnt í Heiðurshöll ÍSÍ. Eins og fyrr mætti HSK með fullskipað lið þingfulltrúa sem tóku virkan þátt í góðu og velheppnuðu þingi.

Í byrjun maí 2015 lögðu formaður, ritari og framkvæmdastjóri HSK upp í velheppnaða námsferð til Danmerkur með félögum úr íþróttahreyfingunni. Örn Guðnason, stjórnarmaður í HSK og UMFÍ var einnig með í för. Í Danmörku tóku á móti okkur félagar úr DGI, systursamtökum Ungmennafélags Íslands. Ferðin var áhugaverð og gagnleg. Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, hafði yfirumsjón með skipulagningu ferðarinnar og först það vel úr hendi og fyrir það þökkum við. Nýr framkvæmdarstjóri UMFÍ, Auður Inga Þorsteinsdóttir, var með okkur í ferðinni og bjóðum við hana velkomna til starfa um leið og við þökkum Sæmundi Runólfssyni fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Stjórn HSK boðaði til samráðsfundar 20. maí 2015 undir yfirskriftinni „Hvernig viljum við sjá landsmót UMFÍ í framtíðinni?“ Fyrir fundinum lágu tillögur vinnuhóps sem lagðar höfðu verið fram á 39. sambandsráðsfundi UMFÍ í október 2014.

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu kynningarfund 2. október 2015 í höfuðstöðvum UMFÍ, Sigtúni 42 Reykjavík. Í kjölfar sambandsþings 2013 var skipuð nefnd til þess að skoða aðild íþróttabandalaga að UMFÍ. Nefndin hafði verið að störfum og lokið vinnu sinni og hafði verið falið að kynna niðurstöður sínar fyrir sambandsþing 2015 og því var boðað til þessa fundar.

Sambandsþing UMFÍ var haldið helgina 17.–18. 2015 í Vík í Mýrdal. Þar átti HSK 18 þingfulltrúa og tóku þeir virkan þátt í þinginu. Í setningarræðu kom Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, víða við og ræddi m.a. að hreyfingin væri enn trú því yfirmarkmiði sem sett var í upphafi þ.e. „Ræktun lands og lýðs“. Helga Guðrún sagði jafnframt að hreyfingin mætti ekki falla í þá gryfju að telja breytingar óþarfar heldur þyrfti ávallt að vera vakandi fyrir öllum möguleikum og tækifærum sem hreyfingin gæti nýtt sér til hagsbóta án þess að falla frá grunnstefinu. Helga Guðrún fjallaði nokkuð um stefnumótunarmálin UMFÍ sem kynnt yrði á þinginu en þar er lögð áhersla á að skerpa hlutverk og framtíðarsýn. Í stefnunni er horft til framtíðar með hliðsjón af fortíðinni og með hagsmunum framtíðar að leiðarljósi. Í lok ræðu sinnar gat hún þess að gæfi ekki kost á sér áfram sem formaður UMFÍ en hún hefur setið í stjórn í 18 ár. Helga Guðrún sagðist stolt af því hvernig hún skilaði af sér formannsstarfinu, verkefnastaðan góð, fjárhagur góður og síðast en ekki síst ríkti góður andi í hreyfingunni. HSK félagar þakka Helgu Guðrúnu ánægjulegt samstarf á liðnum árum og óska henni velfarnaðar í þeim störfum sem hún tekur sér fyrir hendur. Fjöldi tillagna lá fyrir þinginu og var meðal annars samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða að hefja vinnu við

undirbúning á inntöku íþróttabandalaganna í Ungmennafélag Íslands en tillagan hljóðaði svo: 49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að hefja vinnu við inntöku íþróttabandalaga í Ungmennafélag Íslands. Stjórn UMFÍ er falið að undirbúa inntöku íþróttabandalaganna með því að skipa nefnd sem endurskoðar lög UMFÍ, lottoreglugerð og aðra þætti sem taka þarf tillit til. Gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um inntöku íþróttabandalaganna verði á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017. Tillagan kemur fram í kjölfar vinnu starfshóps sem unnið hafði að því að skoða inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ. Þarna er um afar stórt mál að ræða sem lengi hefur verið í umræðunni. Hingað til hafa íþróttabandalögin ekki verið í UMFÍ og þarf að vanda vel til verka og ef af yrði myndi fjölga svo um munar um félagsmenn í hreyfingunni og sem dæmi eru félagsmenn í Íþróttabandalagi Reykjavíkur um 50.000. Þingið samþykkti að þátttökugjald á hvern keppanda á unglingslandsmóti skuli vera 7.000 kr. Á þinginu var kjörinn nýr formaður UMFÍ, Haukur Valtýsson frá Akureyri og óskum við honum velfarnaðar í störfum sínum. Örn Guðnason, varaformaður HSK, hlaut mjög góða kosningu, flest atkvæði til áframhaldandi setu í stjórn UMFÍ. Lögð var fram myndarleg ársskýrsla um starfsemina og góð afkoma UMFÍ mikið fagnaðarefni.

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 27. nóvember 2015, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, ávarpaði fundargesti og fór yfir liðið starfsár. Hann þakkaði þeim sersamböndum sem áttu þátt í góðu gengi Smáþjóðaleikanna fyrir þeirra störf í þágu leikanna. Lárus skýrði frá ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ að stofna Afreksíþróttamiðstöð. Skipuð hefur verið bráðabirgðastjórn um miðstöðina og hefur þegar tekið formlega til starfa. Einnig ræddi hann góðan árangur íslenskra íþróttamanna undanfarnar ár og kostnað afreksíþróttastarfs. Nýlega kom út skýrsla ÍSÍ þar sem fjallað er um umhverfi afreksíþróttafólks og samannburð á umhverfi þess á Íslandi og afreksíþróttafólks í nágrannalöndum okkar og ber mikið á milli. Lárus kom inn á þær ógnir sem steðja að íþróttahreyfingunni á alþjóðavísu t.d. hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og lyfjamisferli, en hann fjallaði einnig um þau tækifæri sem í hreyfingunni búa og koma meðal annars fram í nýútkominni áfangaskýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytis um hagrænt gildi og umfang íþróttar á Íslandi. Að venju fór Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, yfir skýrslu stjórnar sem að þessu sinni var að mestu flutt með sýningu myndbanda sem útbúin höfðu verið um starf ÍSÍ og er sú framsetning mjög til bóta. Viðar Halldórsson lektor kynnti helstu niðurstöður áður nefndrar áfangaskýrslu um hagrænt gildi og umfang íþróttar, Óskar Örn Guðbrandsson verkefnastjóri fór yfir stöðu mála varðandi nýtt skráningakerfi íþróttahreyfingarinnar, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti ÍSÍ flutti stutt yfirlit um Smáþjóðaleikana 2015 og Andri Stefánsson skýrði starf vinnuhóps og skýrslu er

varðar kostnað afreksíþróttar á Íslandi. Gagnlegar umræður sköpuðust og margt áhugavert kom fram. Að loknum fundi bauð ÍSÍ fundamönnum til kvöldverðar í Café Easy. Fyrir formannafundinn var haldinn fundur með fulltrúum íþróttahéraða og sótti framkvæmdastjóri HSK þann fund.

Formaður og framkvæmdarstjóri HSK þáðu boð, Samtaka íþróttaféttamanna og Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands í tengslum við kjör Íþróttamanns ársins 2015. Hófið fór fram í Silfurbergi, Hörpu 30. desember 2015.

Ýmis verkefni

Sem fyrr hafa HSK félagar tekið þátt í fjölmörgum verkefnum ÍSÍ og UMFÍ og ber þar helst að telja: Fjölskyldan á fjallið, Hjólað í vinnuna, Göngum í skólann, Forvarnadagurinn, Flott án fíknar, Hættu að hanga, komdu að hjóla, synda eða ganga og Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem haldinn var á Selfossi dagana 28. júní – 2. júlí. Þetta var í sjötta skipti sem skólinn er haldinn hér á okkar svæði og var metþátttaka en skólanum luku 59 krakkar á aldrinum 11–14 ára. Nýjasta verkefnið er Hreyfivika UMFÍ. Um er að ræða árlega Evrópska herferð með það að markmiði að fleiri en 100 milljónir manna verði orðnir virkir í hreyfingu árið 2020. Ennfremur er markmiðið að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum. Hér á Suðurlandi höfum við mikla möguleika er kemur að hreyfingu og útiveru. Nægir þar að nefna allar okkar fallegu gönguleiðir, sundlaugar, heilsustiga og líkamsræktarstöðvar. Stjórn HSK hvetur flesta íbúa sunnlenskra sveitarfélaga til virkrar þátttöku í Hreyfiviku UMFÍ 23.–29. maí 2016.

Stjórn HSK hélt áfram þeirri vegferð að funda á heimaslóðum sambandsaðila. Fundirnir eru hugsaðir sem samráðs- og upplýsingafundir félaganna og stjórnar HSK. Tvo slíka fundi höldum við á liðnu starfsári á sambands-svæðinu, annan í Hveragerði og hinn í Þorlákshöfn. Á þessum fundum kynnti stjórn HSK helstu verkefni sambandsins og fulltrúar félaganna kynntu starfsemi félaganna. Að mati stjórnar eru þetta gagnlegir fundir og gaman að kynnast starfsemi félaganna á þeirra heimaslóðum. Á döfinni er að ljúka yfirferð fundanna um sambands-svæðið á næstu mánuðum.

Lokaorð

Áfram getum við glaðst yfir góðum árangri íþróttastarfsins. Mikill metnaður felst í starfi félaganna og í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Við þurfum að standa vörð um það sem við höfum og hlúa að því sem best við getum. Við megum ekki tapa þeim stöðugleika sem við höfum búið við í Héraðssambandinu Skarphéðni.

Með okkur hafa í gegnum tíðina starfað öflugir styrktaraðilar sem hafa stutt starfið með ráðum og dádum og þeim þökkum við ómetanlega aðstoð. Mírar bestu þakkar færi ég stjórnarmönnum í HSK, framkvæmdarstjóra, nefndarfélagi, keppendum/iðkendum og fjölskyldum þeirra fyrir þeirra framlag. Án ykkar væri starfið ekki jafn glæsilegt og raun ber vitni.


Guðröður Aadnegard, formaður HSK




Ársreikningur HSK 2015

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2015. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2015 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2015. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2015 með undirskrift sinni.

Selfossi, 8. febrúar 2016,



Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK


Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2015. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 8. febrúar 2016,


Brynja Hjálmtýsdóttir


Bergur Guðmundsson

Rekstrarreikningur HSK 2015

	Skýr.	Rauntölur 2015	Áætlun 2015	Rauntölur 2014
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	26.468.417	24.720.000	27.102.565
Tekjur af mótum	2	284.300	370.000	355.150
Auglýsingatekjur	3	470.000	450.000	450.000
Aðrar tekjur	4	5.246.549	6.060.000	5.083.574
Rekstrartekjur alls		32.469.266	31.600.000	32.991.289
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	5	9.027.526	8.882.000	8.195.836
Fundir og þing	6	931.792	1.010.000	450.614
Áhöld og tæki	7	18.000	40.000	0
Þátttaka í mótum	8	0	0	0
Kostnaður v/mótahalds	9	181.388	370.000	349.388
Rekstur mannvirkja	10	500.000	500.000	400.000
Rekstur skrifstofu	11	805.332	910.000	983.379
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	1.868.090	2.070.000	1.339.641
Önnur gjöld	13	19.950.944	18.143.000	20.028.297
Rekstrargjöld alls		33.283.072	31.925.000	31.747.155
Hagnaður án fjármagnsliða		-813.806	-325.000	1.244.134
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur		497.317	500.000	591.312
Vaxtagjöld		0	0	0
Þjónustugjöld		-67.039	-75.000	-74.072
Fjármagnstekjuskattur		-99.458	-100.000	-118.256
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls		330.820	325.000	398.984
Hagnaður (tap) tímabilsins		-482.986	0	1.643.118



Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2015

	2014	2014
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu)	6.087.705	5.892.773
Fastafjármunir alls	6.087.705	5.892.773
VELTUFJÁRMUNIR		
Viðskiptakröfur	542.586	241.700
Handbært fé	10.794.014	11.927.886
Veltufjármunir alls	11.336.600	12.169.586
Eignir samtals	17.424.305	18.062.359
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
EIGIÐ FÉ		
Óráðstafað eigið fé	17.907.291	16.069.241
Tekjuafgangur ársins	-482.986	1.643.118
Eigið fé alls	17.424.305	17.712.359
LANGTÍMASKULDIR	0	0
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	0	350.000
Skammtímaskuldir alls	0	350.000
Skuldir og eigið fé samtals	17.424.305	18.062.359

**Skýringar á ársreikningi HSK**

	Rauntölur 2015	Áætlun 2015	Rauntölur 2014
1. Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.755.716	1.750.000	1.834.187
Lottó	22.500.298	20.700.000	23.017.220
Getraunir	773.393	700.000	681.148
Framlag frá sveitarfélögum	1.439.010	1.570.000	1.570.010
Framlög og styrkir alls	26.468.417	24.720.000	27.102.565
2. Tekjur af mótum			
Þátttökugjöld	284.300	370.000	355.150
Landsmótshald			
Tekjur af mótum alls	284.300	370.000	355.150
3. Auglýsingatekjur			
Útgáfa	110.000	110.000	110.000
Heimasíða	100.000	80.000	80.000
Aðrar auglýsingatekjur	260.000	260.000	260.000
Auglýsingatekjur alls	470.000	450.000	450.000
4. Aðrar tekjur			
Skattar aðildarféлага	3.157.544	3.000.000	3.377.613
HSK þing	297.500	320.000	320.000
Leikjanámskeið	460.000	370.000	330.000
Leigutekjur v/skrifstofu	200.000	200.000	200.000
Tekjur v/Unglingalandsmóts	386.700	800.000	512.145
Heimildarmynd um landsmót	500.000	1.000.000	
Bóksala	2.032	20.000	
Aðrar tekjur	242.773	350.000	343.816
Aðrar tekjur alls	5.246.549	6.060.000	5.083.574
5. Laun og verktakagreiðslur			
Laun starfsmanna	5.955.395	5.870.000	5.314.455
Tryggingagjald	608.012	592.000	541.596
Lífeyrissjóður	595.159	595.000	533.697
Laun alls	7.158.566	7.057.000	6.389.748
Bifreiða- og aðrir styrkir			
Bifreiðastyrkir starfsmanna	1.480.160	1.440.000	1.417.288
Dagpeningar	388.800	385.000	388.800
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	1.868.960	1.825.000	1.806.088
Laun og verktakagreiðslur alls	9.027.526	8.882.000	8.195.836
6. Fundir og þing			
Stjórnarfundir	23.646	230.000	230.991
Þing ÍSÍ	0	20.000	
Þing UMFÍ	294.100	200.000	
Vorfundur UMFÍ	210.000	150.000	
Þing HSK	346.913	330.000	144.085
Nefndafundir HSK	57.133	80.000	75.538
Fundir og þing alls	931.792	1.010.000	450.614



	Rauntölur 2015	Áætlun 2015	Rauntölur 2014
7. Áhöld og tæki			
Skrifstofuáhöld	18.000	40.000	0
Önnur áhöld	0	0	0
Áhöld og tæki alls	18.000	40.000	0
8. Þátttaka í mótum			
Sjúkrakostnaður	0	0	0
Þátttaka í mótum alls	0	0	0
9. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	178.550	300.000	287.245
Húsa- eða vallarleiga	0	40.000	7.200
Annar kostnaður vegna mótahalds	2.838	30.000	54.943
Kostnaður v/mótahalds alls	181.388	370.000	349.388
10. Rekstur mannvirkja			
Selið	500.000	500.000	400.000
Rekstur mannvirkja alls	500.000	500.000	400.000
11. Rekstur skrifstofu			
Sími	324.896	340.000	340.223
Ritföng	37.864	150.000	160.720
Prentun	42.688	40.000	41.245
Póstkostnaður	33.213	10.000	10.545
Kaffikostnaður og risna	27.770	20.000	16.193
Tölvukostnaður	141.633	150.000	216.883
Annar skrifstofukostnaður	197.268	200.000	197.570
Rekstur skrifstofu alls	805.332	910.000	983.379
12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Útgáfa ársskýrslu	456.700	450.000	443.163
Málþing			90.114
Heimasíða	386.972	250.000	94.204
Heimildarmynd um landsmót	500.000	1.000.000	350.000
Leikjanámskeið	524.418	370.000	362.160
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	1.868.090	2.070.000	1.339.641
13. Önnur gjöld			
Lottógreiðslur til félaga	16.045.457	14.900.000	16.455.742
Unglingalandsmótsþátttaka	1.260.348	850.000	847.857
Þátttaka á landsmóti 50+	57.707	100.000	102.245
Verkefnasjóður HSK	2.323.705	2.000.000	2.315.733
Umhverfissjóður UMFÍ	0	80.000	76.450
Ýmis kostnaður	263.727	213.000	230.270
Önnur gjöld alls	19.950.944	18.143.000	20.028.297

**Verkefnasjóður HSK****Rekstrarreikningur 2015****31.12.2015 31.12.2014****Tekjur:**

Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	2.168.944	2.195.084
Tekjur vegna vanskila félaga	kr.	154.761	120.649
Vaxtatekjur	kr.	86.621	73.634
Ósóttir styrkir frá 2014	kr.	215.000	7.500

Tekjur alls:**2.625.326 2.396.867****Gjöld:**

Styrkir 2015, úthlutun sjóðsstjórnar	kr.	3.070.000	2.162.500
Fjármagnstekjuskattur	kr.	17.324	14.726

Gjöld alls:**3.087.324 2.177.226****Rekstarhagnaður (tap) ársins****-461.998 219.641****Efnahagsreikningur 31. desember 2015****Eignir**

Í sjóði 31.12.2015	kr.	3.558.930	3.484.810
--------------------	-----	-----------	-----------

Eignir alls:**3.558.930 3.484.810****Skuldir og eigið fé :**

Eigið fé frá fyrra ári	kr.	2.937.310	2.717.669
Rekstrarhagnaður ársins	kr.	-461.998	219.641
Ógreiddir styrkir um áramót	kr.	1.055.000	547.500
Skuld við aðalsjóð HSK	kr.	28.618	

Skuldir og eigið fé alls:**3.558.930 3.484.810****Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2015**

Bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK hafa haldist nánast óbreytt að krónutölu undanfarin ár og ekki fylgt verðlagsþróun eða íbúafjölgun.

Héraðsnefndir:	Íbúar*	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga 15.427		4.165.290 (270 kr. á íbúa)	1.064.000	68,97 kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.749	472.230 (270 kr. á íbúa)	157.500	90,05 kr.
Rangárþing ytra	1.548	417.960 (270 kr. á íbúa)	160.000	103,35 kr.
Ásahreppur	216	52.110 (270 kr. á íbúa)	57.510	266,25 kr.

*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 1. janúar 2015.

Greiðsla alls úr héraði 2015: 1.439.010



Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2015

Alls bárust 49 umsóknir til sjóðsins í ár. Veittir voru styrkir í 35 verkefni fyrir rúmar 3 milljónir króna. Í samræmi við umræðu og samþykkt héraðsþings HSK 2015, var aukið áhersla lögð á styrki til afreksfólks og fengu níu einstaklingar, sem allir hafa verið valdir í A-landsliðið fullorðinna 120.000 styrk. Þá var styrkur til landsliðsfólks hækkaður úr 20.000 í 35.000 kr. Samhliða þessari ákvörðun var ákveðið að hætta að veita styrki til keppnisferða erlendis.

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landsliði	35.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	20.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands	10.000 kr. á einstakling að hámarki
Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni	35.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50% af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki:	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Afreksstyrkur, þar með talið landsliðsval	120.000 kr. á einstakling

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Félag/deild/ráð/nefnd	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Hamars	Þjálfaranámskeið erlendis, tveir þátttakendur	40.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, sex þátttakendur	60.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, fimm þátttakendur	100.000
Fimleikadeild Þórs	Þjálfaranámskeið innanlands, fjórir þátttakendur	40.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Námskeiðahald, þrjú námskeið	120.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	A - landsliðsval og tveir afreksstyrkir	240.000
Glimuráð HSK	Landsliðsval í yngri landsliði, fjórir einstaklingar	140.000
Glimuráð HSK	Landsliðsval í A-landsliði, einn einstaklingur	35.000
Golfklúbbur Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, tveir þátttakendur	40.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Efning unglíngastarfs, nýjung í starfi	35.000
Handkn.deild Umf. Selfoss	Námskeiðahald, eitt námskeið	40.000
Handkn.deild Umf. Selfoss	Landsliðsval í yngri landsliði, einn einstaklingur	35.000
Handkn.deild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, 15 þátttakendur	150.000
Handkn.deild Umf. Selfoss	Dómaranámskeið innanlands, 15 þátttakendur	150.000
Handkn.deild Umf. Selfoss	A - landsliðsval og einn afreksstyrkur	120.000
Júðódeild Umf. Selfoss	A - landsliðsval og tveir afreksstyrkir	240.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Landsliðsval í yngri landsliði, tveir einstaklingar	70.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Landsliðsval í yngri landsliði	105.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	A - landsliðsval og tveir afreksstyrkir	240.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, einn þátttakandi	20.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Dómaranámskeið innanlands, 13 þátttakendur	130.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, 11 þátttakendur	110.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Þjálfaranámskeið innanlands, þrír þátttakendur	30.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Ungmennatímar, nýjung í starfi	35.000
Sunddeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	A - landsliðsval og tveir afreksstyrkir	240.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Landsliðsval í yngri landsliði, þrír einstaklingar	105.000
Körfuknattleiksdeild Umf. Hrunamanna	Landsliðsval í yngri landsliði, þrír einstaklingar	105.000
Umf. Hekla	Námskeiðahald, tvö námskeið	80.000
Umf. Hekla	Línuskautar, nýjung í starfi	35.000
Umf. Hekla	Fimleikar á Hellu, nýjung í starfi	35.000
Umf. Hrunamanna	Íþrótaskóli yngstu iðkenda, nýjung í starfi	35.000
Umf. Selfoss	Námskeiðahald, eitt námskeið	40.000
Umf. Selfoss	Námskeið erlendis, tveir þátttakendur	40.000
Umf. Vaka	Námskeið erlendis, einn þátttakandi	20.000
Samtals		3.070.000



Íþróttamaður HSK 2015

Líkt og undanfarin ár kaus fimm manna valnefnd íþróttamann HSK 2015 úr röðum þeirra sem tilnefndir voru af nefndum og ráðum sambandsins. Auk þeirra tilnefnir stjórn sambandsins íþróttamenn í fimm greinum, þar sem ekki er starfandi nefnd eða ráð.

Íþróttamaður HSK 2015

Körfuknattleiksmaður HSK

Ragnar Ágúst Nathanaelsson, Umf.

Þór. Ragnar Ágúst lék sem atvinnumaður í Svíþjóð með Sundsvall Dragons á síðustu leiktíð. Hann tók þátt í undankeppni EM með íslenska landsliðinu sem tryggði sér í fyrsta sinn sæti á lokamóti EM. Hann lék einnig með landsliðinu á Smáþjóðaleikunum 2015. Ragnar lék síðan með landsliðinu á lokamóti EM, EuroBasket 2015, sem fram fór í september. Ragnar Ágúst var einn af 12 leikmönnum íslenska liðsins sem skráði sig á spjöld íslenskrar körfubolta-sögu og lék með liðinu í Berlín á móti mörgum að bestu körfuknattleiksþjóðum álfunnar. Ragnar er einn af framtíðarleikmönnum landsliðsins og hefur auk þess leikið mjög vel með Þór Þorlákshöfn, félagsliði sínu, í Domino's deild karla á þessu keppnistímabili.



Akstursíþróttamaður HSK

Ívar Guðmundsson, Torfærul. Suðurlands. Ívar er tvöfaldur Íslandsmeistari í sínum flokki í torfæru. Á síðustu tveimur árum hefur hann unnið allar keppnir nema tvær, sem er góður árangur því að keppnirnar eru mjög harðar. Ívar leggur mikinn metnað í að hafa hlutina í lagi og kemur vel undirbúinn í allar keppnir. Hann leggur mikið upp úr að sinna aðdáendum sínum og er góð fyrirmynd fyrir yngri kynslóðina.



Badmintonmaður HSK

Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór. Axel Örn keppti í A-flokki unglinga á þessu ári auk þess að keppa á fullorðinsmótum. Hann keppti fyrir hluta ársins í B-flokki fullorðinna og var efstur á styrkleikalista en seinni hluta ársins færðist hann yfir í A-flokk fullorðinna sem er næsta getustig fyrir ofan. Axel Örn hefur keppt á mörgum mótum á árinu, tekið gríðarlegum framförum og staðið sig með stakri þrýði.



Blakmaður HSK

Ragnheiður Eiríksdóttir, Íþr.fél. Hamrí. Ragnheiður spilar sem kantsmassari. Hún er í stöðugri framför og er einn af lyklmönnum A-liðs Hamars. Hún er drjúg í stigasöfnun fyrir liðið og átti stóran þátt í því að liðið vann sig upp í 1. deild Íslandsmóts BLÍ vorið 2015. Einnig var hún lykilmaður í bikarliði HSK sem tók þátt í Bikarkeppni BLÍ haustið 2015.



Briddsmaður HSK

Kristján Már Gunnarsson, Umf. Selfoss. Kristján Már varð hann Íslandsmeistari í tvímenningi ásamt Gunnlaugi Sævarssyni vorið 2015. Þeir félagar voru valdir í landslið Íslands sem tók þátt í Norðurlandamótinu í sveitakeppni í bridds. Þeir gerðu sér lítið fyrir og urðu Norðurlandameistarar í lok maí. Er það glæsilegur árangur og án efa besta árangur sem Sunnlendingur hefur náð í bridds.



Fimleikamaður HSK

Ríkhart Atli Oddsson, Umf. Selfoss. Ríkhart Atli náði frábærum árangri með liði sínu í hópímleikum og er lykilmaður á öllum áhöldum. Hann uppskar á árinu þrefaldan sigur þegar liðið hampaði Íslands-, bikar- og deildarmeistaratitlum. Hann endaði árið með frábærum æfingum á Norðurlandamótinu í hópímleikum í haust. Ríkhart Atli er frábær liðsmaður og mikil fyrirmynd fyrir yngri iðkendur.



Frjálsíþróttamaður HSK

Kristinn Þór Kristinsson, Umf. Samhygð. Kristinn Þór var lykilmaður í frjálsíþróttalandslíði Íslands á Smáþjóðaleikunum og Evrópukeppni landsliða þar sem hann hljóp 800 m og 1500 m hlaup. Hann tók þátt í Norðurlandameistararamótinu innanhúss og keppti einnig á alþjóðamótum í Danmörku og í Bretlandi. Kristinn Þór varð Íslandsmeistari í 800 m hlaupi bæði utanhúss og innanhúss.



Golfmaður HSK

Andri Már Óskarsson, Golfkl. Hellu. Andri Már hefur verið í hópi sterkustu kyflinga landsins undanfarin ár og stundað sína íþrótt af samvisku og metnaði. Hann átti gott tímabil 2015 þar sem hann tók þátt í Eimskipsmótaröðinni þar sem hann varð í 9. sæti á stigalistanum. Hann varð í 9. sæti á Íslandsmótinu í holukeppni og á Íslandsmótinu í högggleik varð hann í 5. sæti. Andri Már varð einnig klúbbeistari GHR.



Glimumaður HSK

Marín Laufey Davíðsdóttir, Umf. Samhygð. Marín Laufey varð Íslandsmeistari í +65 kg flokki og opnum flokki 2015, bikarmeistari í sömu flokkum, auk þess að vera efst kvenna við árslok í meistaramótaröð GLÍ. Hún varð tvöfaldur Íslandsmeistari í backhold og vann til verðlauna á mörgum mótum í Skotlandi og Englandi. Marín Laufey var valin í landslið Íslands sem keppir á EM í keltnekum fangbrögðum í Frakklandi í apríl 2016.



Handknattleiksmaður HSK

Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Umf. Selfoss. Hrafnhildur Hanna spilaði 11 landsleiki með A-landslíði Íslands á árinu og skoraði í þeim 30 mörk. Hún var markahæsti leikmaður Ólísdeildarinnar um síðustu áramót og er á efa ein af allra sterkustu leikmönnum deildarinnar. Hún var valin í úrvalslið Ólísdeildar sem skytta. Auk þess var hún ein af þremur leikmönnum tilnefnd til leikmanns ársins á lokahófi HSÍ sl. vor.





Hestaíþróttamaður HSK

Guðmundur Friðrik Björgvinsson, Hestamannaf. Geysi. Guðmundur var valinn knapi ársins 2015 hjá LH. Hann varð Íslandsmeistari í fjórgangi á stóðhestinum Hrímní frá Ósi. Þeir félagar unnu einnig heimsmeistaratitill í fjórgangi á heimsmeistaramóti í Herning. Guðmundur sýndi fjölmörg kynbótahross á árinu og mörg þeirra til æðstu viðurkenninga í sínum flokki, eins og hryssuna Garúnu frá Árbæ sem vann til gullverðlauna í Herning.



Íþróttamaður fatlaðra

Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra. Hulda bætti Íslandsmet í kastgreinum í flokki 20 alls 11 sinnum árið 2015. Henni var boðið að keppa á lokamóti Grand Prix hjá IPC í London í sumar ásamt fjórum öðrum konum. Hulda vann sér keppnisrétt á lokamóti IPC-athletics og keppti á Ólympíuleikvanginum í London þar sem hún varð í 5. sæti. Hulda er 13. sæti á heimslistanum í kúluvarpi í flokki F20, í 10. sæti í Evrópu, en efst á Norðurlöndunum.



Júðómaður HSK

Grímur Ívarsson, Umf. Selfoss. Grímur hefur stundað júdó af kappi og dagnaði á árinu og sótti æfingar bæði á Selfossi og í Reykjavík auk þess að hafa farið í æfingabúðir í Þýskalandi. Grímur tók þátt í tólf mótum á árinu, þar af þremur alþjóðlegum mótum og náði framúrskarandi árangri. Hann vann til verðlauna á öllum mótunum og er nú bæði Norðurlanda- og Íslandsmeistari. Fimm sinnum varð Grímur í 1. sæti og fjórum sinnum í 2. sæti.



Knattspyrnumaður HSK

Guðmunda Brynja Óladóttir, Umf. Selfoss. Guðmunda var fyrirlíði mfl. Selfoss sem náði sínum besta árangri frá upphafi. Liðið lék einnig til úrslita í bikarkeppninni annað árið í röð. Guðmunda Brynja spilaði með A-landslíðinu á Algarve-mótiinu ásamt því að spila nokkra leiki í undankeppnum HM og EM. Alls hefur hún spilað 48 leiki með landsliðum Íslands og skorað í þeim samtals 18 mörk.



Lyftingamaður HSK

Björgvin Karl Guðmundsson, Lyftingafél. Hengli. Björgvin keppti undir merkjum Lyftingafélagsins Hengils á Reykjavíkurleikunum 2015 þar sem hann sigraði 85 kg flokkinn og hafnaði í þriðja sæti í stígabeppninni. Þá keppti hann með íslenska landsliðinu á Smáþjóðaleikunum í Mónakó. Þar sigraði hann einnig 85 kg flokkinn. Björgvin Karl æfir og keppir einnig í crossfit en hann vann bronsverðlauna á heimsmeistaramótiinu 2015.



Mótokrossmaður HSK

Gyða Dögg Heiðarsdóttir, Umf. Selfoss. Gyða Dögg varð Íslandsmeistari á árinu í meistaraflokki kvenna í mótokrossi. Þetta er frábært afrek í ljósi þess að Gyða er aðeins 16 ára og er því mjög ung í sportinu. Hún vann 9 af 10 mótum ársins á Íslandsmótiinu. Gyða vann síðan Unglingalandsmótið í kvennaflokki auk þess sem hún var valin akstursíþróttakona ársins á Íslandi af MSÍ (mótorhjólá- og snjósléðasamband Íslands).



Skákmaður HSK

Gunnar Finnlaugsson, Umf. Selfoss. Gunnar er einn sterkasti skákmaður Suðurlands og hefur leitt sveit Skákkfélags Selfoss og nágreinis frá upphafi Íslandsmóts skákkfélaga. Hann er margslunginn skákmaður sem hefur setið að tafla frá unga aldri. Gunnar er góð fyrirmynd þegar kemur að skemmtilegri nálgun að skákinni, útsjónarsamur með afbrigðum og slyngur í öllum stöðum og að auki næmur á veikleika andstæðinganna.



Skotíþróttamaður HSK

Snorri Jón Valsson, Skotíþr.félagi Suðurlands. Snorri Jón hefur um árabíl unnið ótullega að starfi Skotfélags Suðurlands ásamt því sem hann hefur stundað reglulegar haglabýssuæfingar. Hann hefur tekið miklum framförum á liðnu ári og er á góðri leið með að verða einn af fremstu skyttum félagsins.



Sundmaður HSK

Dagbjartur Kristjánsson, Hamri Hveragerði. Dagbjartur vann til verðlauna í öllum greinum sem hann keppti í á sundmótum HSK á árinu. Einnig tók einnig þátt í stórum sundmótum utan héraðs þ.á m. á Gullmóti KR, Vormóti Ármanns, þar sem hann varð í 2. og 3. sæti, og Vormóti Breiðabliks. Einnig keppti hann á Unglingamóti UMFÍ, undir merkjum HSK, í þremur greinum og lauk keppni í 2. sæti í þeim öllum.



Taekwondomaður HSK

Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, Umf. Selfoss. Ingibjörg Erla hóf árið með því að verja Norðurlandameistaratitil sinn sem hún hefur unnið á öllum Norðurlöndunum. Hún keppti á Austrian Open í maí og á Serbian Open sl. haust þar sem hún lenti í 2. sæti, á einu af stærstu mótum ársins. Ingibjörg keppti á níu mótum á árinu og stóð sig glæsilega. Hún varð Íslandsmeistari í -57 kg flokki auk þess sem hún var valin taekwondokona ársins.



Borðtennismaður HSK, starfsíþróttamaður HSK og kraftlyftingamaður HSK voru ekki tilnefndir 2015. Borðtennisnefnd vill ekki tilnefna krakka, sbr. stefnu íþróttahreyfingarinnar. Starfsíþróttanefnd tilnefnir ekki starfsíþróttamann 2015, þar sem héraðsmót var ekki haldið og ekki var landsmótsár. Kraftlyftingar hafa aðallega verið stundaðar á Stokkseyri en fáir sem engir hafa verið að keppa, alla vega ekki sem kallar á útnefningu.

Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag - Íþróttafélagið Dímon

Unglingabíkar HSK - Frjálsíþróttaráð HSK

Foreldrarstarfsbikar HSK - Fimleikadeild Ungmennafélags Selfoss

Öðlingur ársins - Guðmundur Kr. Jónsson, Umf. Selfoss

Unglingabíkar HSK 2015

Unglingabíkar HSK árið 2015 hlýtur Frjálsíþróttaráð HSK. Starfsemi Frjálsíþróttaráðs HSK hefur verið öflug undanfarin ár, en ráðið hefur m.a. haldið fjölda héraðsmóta fyrir börn og unglinga. Mótin hafa verið vel skipulögð og þátttaka barna og unglinga góð.

Árangur keppnisliðs HSK 11–14 ára hefur vakið mikla eftirtekt undanfarið. Keppnislið af sambandssvæðinu hefur mætt fjölmennt til leiks og verið í fremstu röð. Á árinu 2015 vann liðið stigakeppnina á báðum íslandsmótunum innan- og utanhúss. Unglingarnir hafa heldur ekki látið sitt eftir liggja og t.a.m. varð lið HSK í öðru sæti á bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri og var aðeins hálfu stigi frá bikarmeistaratitli. Krakkarnir hafa náð vel saman sem stór og samheldinn hópur á mótum og hvar sem þau koma saman. Hópur sem er til mikillar fyrirmyndar.

Ráðið hefur komið að skipulagningu frjálsíþróttaskóla UMFÍ undanfarin ár og fyrra met um fjölda þátttakenda unglinga var slegið árið 2015. Keppendur af sambands-svæðinu á aldrinum 11–22 ára settu samtals 81 HSK met á árinu.

Frjálsíþróttaráð HSK og aðildarfélög þess eru vel að því kominn að hljóta unglingabíkar HSK árið 2015.

Foreldrarstarfsbikar HSK 2015

Fimleikadeild Selfoss hlýtur foreldrarstarfsbikar HSK 2015. Foreldrar í deildinni voru þeir sem skiluðu hlutfallslega mestri sjálfboðaliðavinnu á Evrópumótinu í hópfimleikum sem haldið var svo eftirminnilega í Laugardalshöll haustið 2014. Eftir var tekið hvað foreldrar og sjálfboðaliðar frá Selfossi voru viljugir að standa vaktina og sinna ýmsum verkefnum bæði í undirbúning og við framkvæmd mótsins.



Guðmundur Kr. Jónsson öðlingur ársins.

Foreldrar eru líka iðnir við að aðstoða við áhaldaflutninga sem er mikil samvinna í hvert skipti sem deildin heldur mót eða sýningar þar sem áhorfendur koma við sögu. Starfið felur í sér að keyra flutningabílinn, taka til áhöldin sem á að nota, hlaða bílinn oftast en einu sinni í hvert skipti, afhlaða og stilla upp fyrir

mótið/sýninguna. Eins hafa foreldrar innt af hendi mikilvægt starf við uppsetningu Selfossþorablóts en það er samstarfsverkefni við EB-kerfi.

Allt eru þetta mjög mikilvæg störf sem unnin hafa verið af dugnaði. Foreldrar iðkenda deildarinnar eru vel að því komnir að hljóta þessa viðurkenningu.

Öðlingur ársins 2015

Öðlingur ársins er Guðmundur Kristinn Jónsson, félagsmaður í Ungmennafélagi Selfoss. Guðmundur fékk ungur mikinn áhuga á íþróttum og varð snemma afburða spretthlaupari og kraftmikill langstökkvari og þristökkvari. Hann sló í gegn á Landsmótinu á Laugarvatni 1965, þar sem hann sigraði í 100 metra hlaupi og þristökki. Guðmundur var lengi meðal bestu spretthlaupara og stökkvara landsins, margfaldur Íslands-, landsmóts- og héraðsmeistari og einn af burðarásam Skarphéðinsliðsins í frjálsíþróttum.

Guðmundur tók snemma þátt í félagsmálum og hefur nær óslitið frá 19 ára aldri gegnt trúnaðarstörfum fyrir hreyfinguna í héraði og á landsvísi. Hann var um átta ára skeið farsæll formaður HSK og leiddi liðsmenn sína til mikilla sigra á Landsmótum UMFÍ. Hann átti sæti í stjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands um skeið. Hann er núverandi formaður Umf. Selfoss, en þar hefur hann gegnt ýmsum trúnaðarstörfum í gegnum tíðina, t.d. var hann formaður frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss frá 1968–1979. Hann hefur verið ötull starfsmaður á íþróttamótum HSK um árabil og vinsæll þulur á frjálsíþróttamótum um áratugaskeið.

Guðmundur Kr. Jónsson er vel að því kominn að vera valinn öðlingur ársins.

Þakkar til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfboðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

HSK fréttir í Sunnlenska

HSK og Sunnlenska fréttablaðið hófu samstarf við að birta fréttir af vettvangi HSK á sérstakri síðu í blaðinu í byrjun árs árið 1999 og hefur þetta verið afar farsælt samstarf allar götur síðan.

Vikulega hefur heilsíða verið helguð fréttum frá HSK. Þá hefur fréttum frá UMFÍ og ÍSÍ verið gerð góð skil, svo og fréttum frá aðildarfélögum sambandsins. Rétt er að geta þess að fréttum af árangri keppenda félaganna eru gerð góð skil á almennt íþróttasíðu í blaðinu.

Síðurnar eru um 800 talsins og eru nú ómetanleg söguheimild um störf

hreyfingarinnar á síðustu 15 árum.

Þetta samstarf hefur vakið mikla athygli á landsvísi og hafa margir horft öfundaraugum til sambandsins, en ekki eru dæmi um að önnur héraðssambönd fái víðlíka fréttumfjöllun í héraðsfréttablaðum landsins.

Forysta HSK þakkar eigendum og starfsfólki Sunnlenska fyrr og nú fyrir frábært samstarf.





Guðríður formaður veitti Benóný Jónssyni silfurmerki HSK á aðalfundi frjálsþróttaráðs HSK.

Gull- og silfurmerki HSK veitt árið 2015

Á héraðsþinginu á Flúðum 2015 var veitt eitt gullmerki HSK og á aðalfundi frjálsþróttaráðs sambandsins, sem haldinn var á Selfossi 6. maí 2015 var veitt eitt silfurmerki HSK. Líkt og í síðustu ársskýrslum HSK er birt greinargerð um þá sem hljóta gullmerki og silfurmerki HSK.

Gullmerki:

Kjartan Lárusson

Kjartan Lárusson hefur um áratugaskeið tekið virkan þátt í sjálfbóðaliðastörfum fyrir hreyfinguna og þar ber sérstaklega að nefna störf hans fyrir HSK, Umf. Laugdæla og Glímusamband Íslands. Kjartan sat stjórn Umf. Laugdæla lengst af á árunum 1974–2005 og var formaður þess í sex ár. Hann var gjaldkeri HSK frá 1980–1982 og var um árabíl í nefndum og ráðum sambandsins, m.a. var hann gjaldkeri Glímuráðs frá stofnun ráðsins 1998–2007. Hann átti sæti í glímunefnd, blaknefnd og körfuknattleiksnefnd sambandsins um árabíl. Hann sat í stjórn Glímusambandsins Íslands í sex ár, þar af varaformaður í þrjú ár. Hann hefur setið í stjórn Glímudómarafélags Íslands frá 1999 og formaður þess frá 2007.

Kjartan æfði og keppti með Laugdælum og HSK í blaki, glímu og körfuknattleik og náði mjög góðum árangri. Hann varð m.a. Íslandsmeistari í blaki í efstu deild 1979 og 1980, Íslandsmeistari í 3. deild í körfuknattleik 1976 og Skjaldarhafi Skarphéðins í glímu árin 1986 og 1987.

Silfurmerki:

Benóný Jónsson

Benóný Jónsson hefur um árabíl tekið virkan þátt í störfum HSK og Íþróttafélagsins Dímonar. Hann var alinn upp í Umf. Þórsmörk í Fljótshlíð og starfaði innan félagsins á sínum yngri árum. Benóný átti sæti í stjórn frjálsþróttaráðs HSK frá 2006–2015 og var formaður ráðsins frá 2006–2013. Löngu fyrir Landsmótið á Selfossi 2013 setti hann stefnuna á sigur í stigakeppni frjálsþróttakeppninnar á mótinu, það tókst með eftirminnilegum hætti. Benóný lét til sín taka innan Dímonar í Rangárþingi og var t.a.m. formaður félagsins 2006–2008 og aftur 2013–2014. Benóný sat í stjórn Frjálsþróttasambands Íslands og var varaformaður FRÍ 2010–2014.



Nýtt útlit á heimasíðu HSK

Ný heimasíða HSK fór í loftið 13. apríl 2015. Útliti síðunnar var breytt, en heimasíðan er nú einnig hönnuð fyrir spjaldtölvur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna. Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostun síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn.

Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið á umræddu viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.

50. ársskýrsla HSK frá upphafi

Ársskýrsla HSK sem nú kemur út er sú 50. frá upphafi, en fyrsta prentaða ársskýrslan kom út á héraðsþingi árið 1966. Árið 2008 var ráðist í það verkefni að binda inn allar ársskýrslur sambandsins frá árinu 1966–2008. Á árinu voru ársskýrslur 2009–2014 bundnar inn og eru bækur með innbundnum ársskýrslum orðnar níu talsins.

Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótt- og ungmennafélagsstarf í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Skýrslan í ár var gefin út í 250 einstökum á árinu og var hún send til aðildarfélaga HSK, nefndarformanna HSK, sveitarstjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu, ÍSÍ og UMFÍ, auk þess sem allir fulltrúar og gestir á héraðsþinginu fengu eintak. Undanfarin ár hefur skýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa auk þess kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga HSK, aðalfundum sérráða HSK og nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila einu sinni í viku.



Minning:

Hafsteinn Þorvaldsson

Fæddur 28. apríl 1931, látinn 26. mars 2015

Í nokkrum orðum viljum við þakka vini okkar, Hafsteini Þorvaldssyni, samfylgdina sem hefur verið okkur ómetanleg og sannarlega sett mark sitt á Héraðssambandið Skarphéðinn. Oft leiðbeindi Hafsteinn okkur og var það gert án allra fordóma og af þeirri högværð og réttssýni sem voru svo sterkur þáttur í skapgerð hans. Hann var ávallt hvetjandi og óþreytandi við að sannfæra okkur um að allir góðir hlutir væru framkvæmanlegir, en það þyrfti að vinna að þeim. Hafsteinn var maður gegnheill og lét hvorki gaspur né glaum samtímans stjórna lífi sínu. Hann bjó yfir öryggi og festu sem eru bestu eiginleikar hvers manns. Hann hafði þrautseigju, reglusemi, heiðarleika og vinnusemi að leiðarljósi.

Hafsteinn var í hópi þeirra sem ungmennafélagsandinn hafði blásið eldmóði í brjóst. Hann hreifst af þeirri bjartsýni og glaðværð sem ungmennafélags- og íþróttahreyfingin bar með sér. Hann hafði alla tíð mikinn áhuga á framfara- og þjóðþrifamálum en sá áhugi einskorðaðist ekki við íþróttir heldur náði til flestra þátta daglegs lífs. Hann vann alla tíð að framförum í samfélaginu og sparaði þar hvorki tíma né fyrirhöfn.

Sagt hefur verið að óbrigðulasta einkenni menningarþjóðar sé að þjóðin þoli að heyra hverja skoðun sem er, setta fram og rædda opinberlega. Sníld þess er málið flytur ræður því hvort hún leggur eyrun við. Þannig var það þegar Hafsteinn mætti á fundi og héraðsþing okkar Skarphéðingsmanna og flutti magnaðar hvatningaræður sínar, þá hlustuðu allir. Hann var mikill félagsmálamaður og þeim gáfum gæddur að tengja saman íslenska

tungu og íslenska menningu. Hafsteinn er einn af merkisberum íslensks máls og lagði sig fram um að vernda arf þjóðarinnar, tungumálið okkar.

Hafsteinn var mikilvægur hlekkur í vinakeðju Skarphéðingsmanna. Hann kom með gleði inn í starf okkar og með eldmóði sínum flutti hann birtu og yl. Hann var skemmtilegur sagnamaður, góður leiðbeinandi og ávallt tilbúinn að leggja HSK lið.

Hafsteinn einkenndi mikil lífsgleði, kraftur, hlýtt og glaðvært viðmót. Hann var áráðinn og fylginn sér ef svo bar við, en ávallt sanngjarn. Hann gerði kröfur til sín og annarra og vissi sem var að enginn getur þrífist í samfélagi við aðra menn án þess að koma fram af heilindum.

Þegar við héldum héraðsþing okkar 2015 var skarð fyrir skildi, Hafsteinn átti ekki heimangengt og við fundum að nú hafði orðið breyting á hjá okkur í HSK. Það vantaði manninn sem ávallt kvaddi sér hljóðs og sagði okkur á sinn skemmtilega hátt frá gömlum afrekum Skarphéðingsmanna. Við í HSK eigum eftir að sakna þess að Hafsteinn brýni okkur til góðra verka, það var gott að eiga hann að með hreinskilni sína og óbilandi kraft allt fram á síðasta dag.

HSK félagar þakka Hafsteini samfylgdina, góðvild og greiðasemi í árunna rás, munum hann á þingum og íþróttaviðburðum þar sem hann jók okkur gleði á góðum stundum.

Börnum hans, tengdabörnum, barnabörnum og öðrum ástvinum vottum við einlæga hluttekningu.

**Guðríður Aadnegard,
formaður HSK**



Nemi í vettvangs- námi hjá HSK

Hugrún Sigurðardóttir, nemi á öðru ári í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands, var í vettvangsnámi á skrifstofu HSK í þrjár vikur í mars og apríl 2015. Hugrún vann að margvíslegum verkefnum og þar má nefna fréttaskrif og ýmis verkefni tengd héraðsþingi HSK, samhliða því að kynna störfum íþróttar- og ungmennafélags-hreyfingarinnar. Fram kemur í umsögn hennar að vettvangsnámi loknu að hún hafi verið ánægð með dvölina. Vonandi munu fleiri nemar koma í vettvangsnám til HSK á komandi árum.

HSK heldur Unglingalandsmót UMFÍ 2018 og Landsmót UMFÍ 50+ 2017

Stjórn Ungmennafélags Íslands auglýsti í lok apríl 2015 eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 7. Landsmóts UMFÍ 50+ árið 2017 og 21. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2018 og var umsóknarfrestur til 31. maí 2015.

Þrjú sveitarfélög á sambandsvæði HSK höfðu samband við stjórn HSK og sýndu áhuga á því að fá til sín mót og koma að umsókn með HSK um að halda umrædd mót. Sveitarfélagið Ölfus og Sveitarfélagið Árborg vildu fá unglingalandsmót og Hveragerðisbær vildi fá 50+ mótið. Stjórn HSK ákvað að senda inn samtals þrjár umsóknir til UMFÍ vegna mótanna tveggja.

Við setningu Landsmóts 50+ á Blönduósi 2015 var tilkynnt að mótið 2017 verði haldið í Hveragerði. Þetta verður í fyrsta sinn mótið verður haldið á sambandsvæði HSK.

Á Unglingalandsmóti á Akureyri var svo tilkynnt að mótið 2018 verði haldið í Þorlákshöfn.



Fundir, þing og ráðstefnur

Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.

93. héraðsþing HSK

93. héraðsþing HSK var haldið í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum, 15. mars 2015. Guðríður Aadnegard, formaður HSK, setti þingið kl. 10:00 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Formaður minntist látinna félaga frá síðasta þingi, þeirra Einars Öders Magnússonar, Guðmundar Steindórssonar og Sigurðar Steinþórssonar. Áður en lengra var haldið í þingstörfum sungu þær Ljósbrá Loftsdóttir og Sunneva Sól Árnadóttir við undirleik Karls Hallgrímssonar fyrir þingfulltrúa og gesti. Þingforsetar voru kjörnir þeir Jón G. Valgeirsson og Unnsteinn Logi Eggertsson og þingritarar þær Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir. Gestir þingsins voru þeir: Jóhannes Sigmundsson, heiðursformaður HSK, Guðmundur Kr. Jónsson, fyrrverandi formaður HSK, Árni Þorgilsson, fyrrverandi formaður HSK, Gísli Páll Pálsson, fyrrverandi formaður HSK, Örn Guðnason, ritari UMFÍ, Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ, Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

Skýrsla stjórnar

Guðríður Aadnegard, formaður HSK, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starf HSK á síðasta ári. Eins og oft áður sendi HSK fjölmenna sveit á Unglingalandsmót UMFÍ, sem haldið var á Sauðárkróki. Sú sveit var í alla staði til fyrirmyndar á meðan á mótinu stóð og í lok móts fengu HSK félagar afhentan Fyrirmyndarbikarinn fyrir góða umgengni og þrúðmannlega framkomu. Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Húsavík og þangað fór einnig öflugur hópur frá sambandinu. Á starfsárinu var bryddað uppá þeirri nýjung að halda fundi viðsvegar á sambandssvæðinu og kalla til fulltrúa heimafélaga á þá fundi og litið á þá sem samráðs- og upplýsingafundi til að efla samskipti og segja frá starfsemi sambandsins. Eins og undanfarin ár sóttu fulltrúar HSK hin ýmsu þing og fundi sem haldnir voru, m.a. stefnumótunarfundi vegna framtíð landsmótanna, sambandsráðsfund UMFÍ, formannafund ÍSÍ, fundi vegna umsókna um landsmót, málþing á vegum HSK um fjármál hreyfingarinnar og ýmsa aðra smærri fundi. Að lokum fór Guðríður yfir ástæður þess að við höldum héraðsþing, til að gera upp starfið, ræða framtíðina og það sem betur má gera. Einnig ræddi hún um markmið íþróttastarfs og stefnumótun í íþróttamálum frá 2011, þar sem hún taldi að margt hefði áunnist en margt væri ógert. Framtíðin væri björt en hvergi mætti þó slaka á til að tapa ekki þeim stöðugleika sem HSK byggði við. Guðríður veitti síðan Kjartani Lárússyni gullmerki HSK.



Keppendur í sleifarkeppni HSK, ásamt fráfarandi sleifarhafa á þinginu.

Guðmundur Jónsson gjaldkeri HSK gerði grein fyrir og útskýrði reikninga ársins 2014. Rekstrartekjur voru 32.991.289 kr., rekstrargjöld 31.747.155 kr., fjármagnstekjur 398.984 kr. og hagnaður var 1.643.118 kr.

Umráður um skýrslu stjórnar fóru fram og tóku þrír aðilar til máls. Kjartan Lárússon þakkaði fyrir gullmerkið sem honum var veitt og þakkaði Engilbert Olgeirssyni, framkvæmdastjóra HSK fyrir góð störf og taldi það hafa verið mikið lán þegar hann kom til starfa. Guðmundur Kr. Jónsson lýsti yfir ánægju að vera kominn til þings og óskaði Kjartani til hamingju með gullmerkið. Hann lýsti síðan áhyggjum sínum yfir að Landsmót UMFÍ væru að renna sitt skeið á enda, nema einhverjar breytingar yrðu gerðar. Engilbert Olgeirsson tók til máls og þakkaði fyrir hlý orð í sinn garð og hvatti félög til að sækja í þá sjóði sem í boði væru innan hreyfingarinnar. Einnig sagði hann frá því að 75 ár væru liðin

frá því að Landsmótin voru endurvakin í Haukadal og til standi að gera heimildarmynd á þessum tímamótum.

Undir liðnum ávörp gesta tóku til máls, Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ, og flutti kveðjur frá stjórn og starfsfólki ÍSÍ. Hann sagði frá nokkrum verkefnum ÍSÍ og minnti á Smáþjóðaleikana á Íslandi, sem er stærsta verkefni ÍSÍ hingað til. Einnig sagði hann frá þeirri nýbreytni að velja fyrirmyndarhéruð í sama anda og fyrirmyndarfélög hafa verið valin hingað til. Að lokum veitti hann Anný Ingimarsdóttur, silfurmerki ÍSÍ og Karli Gunnlaugssyni, heiðurskross ÍSÍ. Örn Guðnason, ritari UMFÍ, tók til máls og flutti kveðju frá stjórn og starfsmönnum UMFÍ. Hann ræddi síðan samstarf UMFÍ og HSK í tengslum við landsmótshald og gildi þeirra. Einnig fór hann yfir þá sjóði sem UMFÍ stendur að og hvatti til umsókna í þá. Einnig sagði hann frá helstu viðburðum sem

Í stjórn HSK voru eftirtalin kosin:

Formaður: Guðríður Aadnegard

Grænumörk 9, Hverag. • 483 5098 • 897 4282 • gudridur@hveragerdi.is

Gjaldkeri: Guðmundur Jónsson

Bolöldu 3, Hellu • 868 1188 • broi1970@mi.is

Ritari: Helgi S. Haraldsson

Engjavegi 45, Selfossi • 482 3182 • 825 2130 • hlh@eimskip.is

Varaformaður: Örn Guðnason

Suðurengi 9, Selfossi • 564 6323 • 897 6323 • orngudna@simnet.is

Meðstjórnandi: Helga Kolbeinsdóttir

Tröð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi • 486 5650 • 893 9565 • helga@uppsveitir.is

Varamenn:

Anný Ingimarsdóttir

Vorsabæjarhjáleigu, Flóahreppi • 486 3487 • 861 8368 • anny@arborg.is

Gestur Einarsson

Fífutjörn 1, Selfossi • 779 1058 • gessiumfg@gmail.com

Rut Stefánsdóttir

Baugstjörn 22, Selfossi • 486 3389 • baugstjorn22@gmail.com

Íþrf. Hamri

Umf. Heklu

Umf. Selfoss

Umf. Selfoss

Umf. Gnúpverja

Umf. Samhygð

Umf. Gnúpverja

Hestam.f. Sleipni



Karl Gunnlaugsson var sæmdur heiðurskrossi ÍSÍ á héraðsþinginu og Anný Ingimarsdóttir silfurmerki ÍSÍ.

framundan væru hjá UMFÍ. Í lok ræðu sinnar veitti Örn þeim Lárusi Inga Friðfinnssyni, Guðmundu Ólafsdóttur og Bergi Pálssyni, starfsmerki UMFÍ. Gísli Páll Pálsson tók til máls og þakkaði fyrir góða skýrslu og öflugt starf. Karl Gunnlaugsson tók til máls og þakkaði fyrir þann mikla heiður sem honum var sýndur af ÍSÍ.

Hádegisverður var síðan í boði Hrunamannahrepps. Guðríður, formaður HSK afhenti Jóni G. Valgeirssyni sveitarstjóra, skjöld sem þakklætisvott fyrir aðstöðuna fyrir þinghaldið. Sleifarkeppnin fór fram í hádegisverðarhléinu undir stjórn sleifarhafans, Ólafs Elí Magnússonar. Sigurvegari varð Sigbrúður Harðardóttir.

Eftir hádegisverðarhlé voru kjörbréfin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Einnig var ársreikningur borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Tvö ný félög voru samþykkt samhljóða inn í HSK, Lyftingafélagið Hengill og Íþróttafélagið Milan.

Skipað var í nefndir og mælt fyrir tillögum og þeim vísað í nefndir og eftir það hófust nefndarstörf.

Í kaffihléi voru íþróttamönnum hverrar greinar veittar viðurkenningar og lýst kjöri íþróttamanns HSK 2015, sem er Dagný Brynjarsdóttir knattspyrnukona í Umf. Selfoss. Öðlingur ársins er Guðni Guðmundsson.

Að loknum nefndarstörfum og afgreiðslu tillagna þingsins, var gengið til kosninga. Tillögur að nefndar- og stjórnarskipan HSK árið 2015 voru samþykktar samhljóða.

Að loknum umræðum um önnur mál þakkaði Guðríður traustið að vera kosin formaður HSK, þakkaði þeim stjórnarmönnum sem gáfu ekki kost á sér áfram fyrir samstarfið, þakkaði þingfulltrúum og gestum fyrir þingsetuna og óskaði öllum góðrar heimferðar.

Stjórnarfundir HSK

Stjórn HSK fundaði tíu sinnum á milli héraðsþinga og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundirnir í júní og



Stjórn HSK hélt tvo fundi á árinu með forystufólki aðildarfélaga sambandsins. Fyrri fundurinn var haldinn í Hveragerði 28. september 2015. Á fundinn voru boðaðir fulltrúar aðildarfélaga HSK sem starfa í Hveragerðisbæ og fulltrúar Hveragerðisbæjar og var mæting mjög góð. Á fundinum var sérstaklega rætt um Landsmóts UMFÍ 50+, sem haldið verður í Hveragerði árið 2017 og segja má að undirbúningur mótsins hafi formlega hafist á þessum fundi. Sambærilegur fundur var haldinn í Þorlákshöfn 26. október og á þann fund mættu fulltrúar aðildarfélaga HSK sem starfa í Sveitarfélaginu Ölfusi, auk fulltrúa sveitarfélagsins. Aðalefni fundarins var að ræða um komandi Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn árið 2018.

nóvember voru haldnir í Hveragerði og fundurinn í október var haldinn í Þorlákshöfn. Aðrir stjórnarfundir voru haldnir í Selinu á Selfossi. Formaður, gjaldkeri og ritari voru kosnir í framkvæmdastjórn á fundi stjórnar þann 25. mars. Framkvæmdastjórnin fundaði ekki á starfsárinu.

Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

Námsferð HSK félaga til Danmerkur í tengslum við vorfund UMFÍ

Í byrjun maí 2015 bryddaði UMFÍ upp á þeirri nýbreytni að halda í námsferð til Danmerkur með hóp forystufólks úr hreyfingunni og heimsækja DGI, Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger, systursamtök Ungmennafélags Íslands og ISCA, International Sport and Culture Association, sem UMFÍ er aðili að. Ferðin kom í staðinn fyrir hefðbundinn vorfund UMFÍ.

Markmið námsferðarinnar var að:

- heimsækja DGI og kynnst verkefnum þeirra sem miða að því að efla samfélag til þátttöku og fræðast um hlutverk sjálfbóðaliða í starfi þeirra,
- fræðast um útgáfu, miðlun og framkvæmd stærri viðburða hjá DGI,
- skapa umræðu um samvinnu sambandsaðila við sveitarfélögin, sjálfbóðaliðastarfið og forvarnarskiptir skipulagðs starfs fyrir ungt fólk,
- skapa umræðu um hvernig virkja megi ofangreinda þætti til að efla enn frekar okkar starf og fræðast um leiðir sem DGI hefur nýtt sér í samstarfi við sveitarfélög og önnur æskulýðsfélög.

Í ferðina héldu fjórtíu og þrír forystumenn úr ungmennafélagshreyfingunni víðsvegar af landinu, samheldinn og skemmtilegur hópur. Frá HSK fóru undirrituð, Guðríður, formaður HSK og Örn, varaformaður HSK og stjórnarmaður UMFÍ, ásamt Engilbert, framkvæmdastjóra HSK og Guðmundi gjaldkera HSK.

Flogið var til Kaupmannahafnar eldsnemma fimmtudaginn 7. maí og þaðan

Mætingar á stjórnarfundum HSK 25. mars 2015 – 7. mars 2016

	25/3	14/4	20/5	18/5	28/9	26/10	30/11	11/1	8/2	7/3
Guðríður	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Guðmundur	x	x		x	x	x		x	x	x
Helgi	x	x		x	x		x	x	x	x
Örn	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Helga		x	x	x	x		x	x	x	x
Anný	x			x	x	x			x	x
Gestur	x	x			x					x
Rut	x	x	x	x	x		x	x		x
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x



Guðmundur gjaldkeri HSK sýnir tilprif á hjólabraut í Danaveldi.

haldið í höfuðstöðvar DGI í Vingsted á Jótlandi. Þar hittum við formann DGI, Sören Möller og snæddum kvöldverð með honum og stjórnarmönnum í DGI. Eftir kvöldverð var kynning á starfsemi DGI.

Á föstudagsmorgninum hlýddum við á þrjá skemmtilega fyrirlestra. Fyrst var kynning á helstu verkefnum DGI. Síðan var kynnt fyrir okkur hvernig DGI stendur að landsmótum sínum og var fjallað sérstaklega um landsmótin 2013 og 2017. Í síðasta fyrirlestrinum var fjallað um útgáfu og miðlun skipulags starfs DGI. Eftir hádegi var síðan haldið til Kaupmannahafnar og skrifstofa ISCA í Kaupmannahöfn heimsótt.

Snemma morguns á laugardegnum biðu hjólaþakkar eftir okkur fyrir utan hótelið og nú var lagt af stað í langa hjólaferð og má láta nærri að við höfum lagt að baki 30–35 km. Dagurinn fór í að skoða og fá kynningu á ýmsum jaðaríþróttum fyrir jaðarhópa. Fyrsti viðkomustaður var á Amagerstrand í „Den Blå Foreningsby“. Þar gafst okkur kostur á að spreyta okkur á kajökum eða fara í náttúrulífs-útileik sem fól m.a. í sér fræðslu um sjávardýr. Næsti áfangastaður var ekki síður skemmtilegur en sá fyrri, Plug'N'Play, Dirt Jump, Ørestad Syd. Svæðið var hannað með parkour, línuskautu og hjólaleikni í huga. Á síðasta staðnum fengum við fyrirlestur um það sem er í boði fyrir þá sem sækja minna í hefðbundið íþróttastarf en DGI vill gjarnan ná til þeirra eins og kostur er. Starfsemin er ætluð þeim sem eiga erfitt félagslega af ýmsum ástæðum. Markmiðið með starfseminni er m.a. að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd einstaklinganna, styðja þá í leit að uppbyggilegum lausnum, styrkja hópkennd og jákvæð samskipti. Ennfremur er unnið að því að auka hæfni þeirra í félagslegum samskiptum og draga úr félagslegri einangrun.

Á laugardagskvöldinu var okkur boðið í mat í DGI-byen í Kaupmannahöfn. Á sunnudagsmorgninum var hópnum síðan skipt niður í 5–6 manna hópa sem tóku saman það sem hafði verið gert í ferðinni.

Við HSK-félagar erum sammála um að ferðin hafi verið afar gagnleg. Það sem stóð upp úr er hve miklum fjármunum danska ríkið ver til íþróttamála og einnig hve háum



HSK hélt samráðsfund á Selfossi 20. maí 2015, þar sem rætt var um landsmótsreglugerð UMFÍ og tillögur um breytingar á reglugerðinni. Á fundinum var m.a. rætt um tillögu vinnuhóps UMFÍ, sem lögð var fram á 39. sambandsráðsfundi UMFÍ sem haldinn var í Garðabæ í október 2014. UMFÍ óskaði eftir umsögnum frá sambandsaðilum fyrir 1. júní 2015. Á fundinn voru sérstaklega boðaðir þeir sem komu að framkvæmd landsmótsins á Selfossi. Góðar umræður urðu um reglugerðina, framtíð mótanna og hvert skuli stefna varðandi mótshaldið á komandi árum.

fjárhæðum lottó skilar þeim. Okkur var tjáð að formaður DGI sem og allir aðrir í stjórninni fái laun fyrir stjórnarsetu sína. Afar áhugavert var að skoða svæðin fyrir jaðaríþróttir og þarft fyrir okkur í íþróttahreyfingunni að velja því upp hvernig við getum betur mætt þörfum jaðarhópa og þeirra sem eiga undir högg að sækja t.d. heilsunnar vegna en þar standa Danir okkur miklu framar. Einnig var fróðlegt fyrir okkur sem erum nýbúin að halda landsmót að heyra hvernig Danir fara að í sínu mótahaldi.

Heim héldum við á sunnudeginum glöð og sæl í sinni og með margt í farteskinu sem gaman verður að vinna úr og kynna félögum okkar í HSK.

**Guðríður Aadnegard
og Örn Guðnason.**

72. Íþróttaping Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

72. Íþróttaping Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands var haldið í Gullhömrum í Grafarholti 17. og 18. apríl 2015. Góð mæting var á þingið, en 198 fulltrúar áttu rétt til setu á þinginu. HSK átti rétt á að senda sjö fulltrúa á þingið. Þeir sem fóru voru þau Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Örn Guðnason, varaformaður HSK, Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK, Helgi S. Haraldsson, ritari HSK, Gestur Einarsson, varamaður HSK, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK og Guðmundur Kr. Jónsson, formaður Umf. Selfoss. Markús Ívarsson, Umf. Samhygð, fyrsti varamaður á kjörbréfi, sat þingið á föstudeginum.

Fyrir þinginu lág 31 tillaga sem fjallað var um í nefndum langt frameftir á föstudeginum

og voru svo afgreiddar á þinginu á seinni þingdegi. Meðal tillagna sem samþykktar voru, var lagabreyting um stjórnarkjör í ÍSÍ. Fjölgað var í stjórn í 15 manns og kjörtímabil lengt í fjögur ár. Mun þessi breyting taka gildi á næsta þingi eftir tvö ár. Í dag eru 11 í stjórn, auk þriggja varamanna.

Á þinginu voru kjörnir fjórir Heiðursfélagar ÍSÍ en sú heiðursnafnbót er æðsta viðurkenning innan vébanda ÍSÍ. Nýir Heiðursfélagar ÍSÍ eru Benedikt Geirsson, fyrrverandi formaður Skíðasambands Íslands, Jens Kristmannsson, íþróttaleiðtogi frá Ísafirði, Margrét Bjarnadóttir fyrrverandi formaður Fimleikasambands Íslands og Reynir Ragnarsson fyrrverandi formaður ÍBR. Fjórir einstaklingar voru sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ. Það voru þau Albert H. N. Valdimarsson, Camilla Th. Hallgrímsson, Dóra Gunnarsdóttir og Elsa Jónsdóttir. Þá voru Gunnar A. Huseby og Torfi Bryngeirsson, frjálsíþróttamenn, útnefndir í Heiðurshöllina.

Lárus L. Blöndal var einróma endurkjörinn forseti ÍSÍ til næstu tveggja ára með dynjandi lófaklappi en ekkert mótframboð kom fram. Í framkvæmdastjórn voru eftirtaldir kjörnir: Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gunnar Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Hafsteinn Pálsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Örn Andrésson. Í varastjórn voru kjörin þau Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir og Þórey Edda Elisdóttir.

Friðrik Einarsson og Jón Gestur Viggósson gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Þeir voru báðir heiðraðir í lok þings með Gullmerki ÍSÍ fyrir störf sín í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Á þinginu kom út vegleg ársskýrsla um starfsemina, skýrsluna má nálgast á www.isi.is.



Fulltrúar HSK á þingi UMFÍ.

Sambandsþing Ungmennafélags Íslands

49. sambandsþing Ungmennafélags Íslands var haldið í Vík í Mýrdal 17. og 18. október 2015. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, fór í setningarræðu sinni yfir verkefni hreyfingarinnar og hvatti þingheim til að sameinast um að tala upp starfið og hafa gleðina með í för. Í ræðu sinni sagði hún enn fremur að ungmennafélagsshreyfingin gæti verið stolt af sínum störfum og starfseminni allri. Í lok þingsetningarræðu tilkynnti Helga Guðrún að hún gæfi ekki kost á sér áfram til formennsku sem hún hefur gegnt í átta ár. Helgu voru þökkð vel unnin störf fyrir hreyfinguna í áratugi. Hún var sæmd gullmerki ÍSÍ á þinginu og var það Líney Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, sem sæmdi hana merkinu. Sæmundur Runólfsson var sæmdur gullmerki UMFÍ á þinginu en hann lét af störfum sem framkvæmdastjóri UMFÍ þann 30. apríl 2015 eftir ríflega 23 ára starf. HSK þakkar þeim báðum fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Aðilar að SamVest samstarfinu hlutu Hvatningarverðlaun UMFÍ á þinginu. Aðilar að samstarfinu eru UMFK, USK, UMSB, UDN, HSS, HSH og HHF.

Lögð var fram myndarleg ársskýrsla um starfsemina. Athygli vakti góð afkoma UMFÍ, en rekstrarafgangur upp á 50 milljónir varð af rekstrinum og þá lækkuðu langtímaskuldir um rúmar 54 milljónir á milli ára.

Þingið var starfsamt og fjölmargar tillögur samþykktar, m.a. tillaga um að hefja undirbúning við vinnu að inntöku íþróttabandalaga í UMFÍ. Gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um inntöku bandalaganna

verði tekin á næsta þingi UMFÍ árið 2017.

Tveir einstaklingar gáfu kost á sér til formennsku í UMFÍ, þeir Haukur Valtýsson, varaformaður UMFÍ og Kristinn Óskar Grétuson sem átti sæti í varastjórn UMFÍ. 107 þingfulltrúar tóku þátt í kjörinu og fékk Haukur 99 atkvæði og Kristinn 3 atkvæði.

Alls tóku 111 manns þátt í að kjósa sex einstaklinga í stjórn og gáfu átta kost á sér. Örn Guðnason, sem átti sæti í stjórn sem ritari og er jafnframt varaformaður HSK hlaut flest atkvæði eða 107 talsins. Hrönn Jónsdóttir, UMSB hlaut 105 atkvæði, Ragnheiður Högnadóttir, USVS, hlaut 83 atkvæði, Helga Jóhannesdóttir, UMSK og Gunnar Gunnarsson, UÍA, fengu bæði 82 atkvæði og Björn Grétar Baldursson, HSP, kemur nýr í stjórn með 79 atkvæði. Björn er einungis 22 ára gamall. Björg Jakobsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir gáfu kost á sér en náðu ekki kjöri.

Eftir stjórnarkjör var ljóst að varastjórn var sjálfkjörin, þar sem aðeins fjórir gáfu kost á sér. Rétt kjörnir í varastjórn eru Sigurður Óskar Jónsson, Þorgeir Örn Tryggvason, Guðmundur Sigurborgsson og Kristinn Óskar Grétuson.

Líkt og undanfarin þing mætti HSK með fullmannað þinglið, sem sat þingið til enda. Hópurinn lét að sér kveða, bæði í þingsal og í nefndarstörfum.

Eftirtaldir voru aðalfulltrúar HSK á þinginu: Guðrður Aadnegard, Anný Ingimarsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Gestur Einarsson, Gissur Jónsson, Guðmundur Jónasson, Guðrún Tryggvadóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Jóhanna Hjartardóttir, Karen Óskarsdóttir, Lárus Ingi Friðfinnsson, Markús Ívarsson, Ragnar Sigurðsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Þórir Haraldsson og Örn Guðnason.

Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn 27. nóvember 2015 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga, þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ gefur skýrslu um helstu þætti í starfsemi ÍSÍ og verkefni á milli þinga.

Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, ávarpaði fundargesti og skýrði m.a. frá ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ að stofna Afreksíþróttamiðstöð. Skipuð hefur verið bráðabirgðastjórn um miðstöðina og hefur hún formlega tekið til starfa. Lárus fjallaði einnig um góðan árangur íslenskra íþróttamanna undanfarin ár og kostnað afreksíþróttastarfs. Á dögnum kom út skýrsla ÍSÍ þar sem fjallað er um umhverfi afreksíþróttafólks og samanburð á umhverfi afreksíþróttafólks á Íslandi og í nágrannalöndum okkar. Ljóst er að mikið ber þar á milli. Lárus fjallaði einnig um þær ógnir sem steðja að íþróttahreyfingunni á alþjóðavísu eins og t.d. hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og lyfjamisferli en einnig þau tækifæri sem í hreyfingunni búa og koma meðal annars fram í nýttkominni áfangaskýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytis um hagrænt gildi og umfang íþróttá á Íslandi.

Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, fór yfir skýrslu stjórnar sem að þessu sinni var að mestu flutt með sýningu myndbanda sem útbúin höfðu verið um starf ÍSÍ. Fjögur mál voru til kynningar á fundinum. Viðar Halldórsson, lektor, flutti helstu niðurstöður áðurnefndrar áfangaskýrslu um hagrænt gildi og umfang íþróttá, Óskar Örn Guðbrandsson, verkefnastjóri kynnti stöðu mála varðandi nýtt skráningakerfi íþróttahreyfingarinnar, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, varaforseti ÍSÍ fjallaði um Smáþjóðaleikana 2015 og Andri Stefánsson, skýrði starf vinnuhóps og skýrslu um kostnað afreksíþróttá á Íslandi.

Guðrður Aadnegard, formaður HSK var fulltrúi sambandsins á fundinum. Fyrir formannafundinn var haldinn fundur með fulltrúum íþróttahéraða og var Engilbert Olgeirsson, fulltrúi HSK á þeim fundi.

Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sérsambanda. Tveir félagar úr röðum aðildarféлага HSK eru formenn sérsambanda. Jason Ívarsson úr Umf. Samhygd er formaður Blaksambandsins og Ólafur Oddur Sigurðsson, glímukappi úr Umf. Laugdæla, er formaður Glímusambandsins.



Samstarfsverkefni:

Félagsmiðstöðin Sel

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Árni Þorgilsson frá HSK formaður
Hjördis Leósdóttir frá KS gjaldkeri
Aldís Eyjólfssdóttir frá SSKritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 3. febrúar 2015 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræddu saman í síma ef og þegar ástæða þótti til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir salsins nota, til fundarhalda eða námskeiða. Framkvæmdir voru ekki miklar á árinu, innanhúss var sett upp öryggiskerfi í herbergi Kvenfélags Selfoss, utanhúss stóð til að fúaverja en ekki gafst tími né rúm til þess sl. sumar en stefnan tekin á sumarið 2016.

Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu.

Í ár var það Kvenfélagið Sigurvon úr Þykkvabænum sem sá um þrif á eldhúsi og skráningu áhalda þar, auk þess að merkja hvað er í skúffum og skápum.

Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum þess samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlynningu á síðastliðnu ári.

Árni Þorgilsson



Þátttakendur á leikjanámskeiði í Reykholti.

Leikjanámskeið HSK 2015

Leikjanámskeið HSK voru haldin á fjórum stöðum á sambands svæðinu, sumarið 2015. Hvert námskeið stóð yfir í níu daga í 2 og 1/2 klst. í senn. Námskeiðin voru ætluð börnum á aldrinum 6–12 ára. Íþróttakennararnir Ólafur Guðmundsson, Guðni Sighvatsson og María Carmen Magnúsdóttir sáu um að kenna á námskeiðunum. Mikil áhersla var lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttagreinar á námskeiðunum, svo sem knattspyrnu, frjálsar íþróttir, hjóleiðar, sund, gönguferðir, körfuknattleik og alls kyns þrautir.

Námskeiðin sem haldin voru:

5.–19. júní kl. 9:00–11:30 Laugalandi

8.–19. júní kl. 9:00–11:30 Reykholti

8.–19. júní kl. 12:00–14:30 Brautarholti

Kennt var virka daga á þessu tímabili, en frá 17. júní á þeim öllum og frá Laugalandi í einn virkan dag að auki, föstudaginn 12. júní.

23. júní – 3. júlí kl. 9:00–11:30 Borg

HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK

Hér er greint frá HSK mótum í þeim greinum sem ekki hafa starfandi nefnd eða ráð á vegum HSK.

HSK-mót í júdó

Héraðsmót 14 ára og yngri

Júdómót HSK í aldursflokkum 11–15 ára var haldið mánudaginn 14. desember 2015. Mótið fór fram í íþróttasalnum í gamla Sandvíkurskólanum og komu keppendur frá júdódeild Umf. Selfoss. Flott mót þar sem margar góðar og kröftugar viðureignir áttu sér stað. Úrslit mótsins eru á www.hsk.is.

HSK mót fullorðinna

Júdómót HSK 15 ára og eldri 2015 var haldið í júdósalnum á Selfossi 5. janúar 2016. Þetta var skemmtilegt mót þar sem mátti sjá fjöldann allan af mjög færum júdómönnum glíma. Keppendur voru allir frá júdódeild Selfoss. Úrslit mótsins eru á www.hsk.is.

HSK mót í taekwondo

HSK mótið í taekwondo 2015, sem fresta varð vegna veðurs nokkru fyrir jól, var haldið í Íþróttahúsinu Iðu á Selfossi 23. janúar 2016.

Mótið tókst vel og ekki hafði veðrið áhrif á þátttökuna að þessu sinni. 18 kepptu í poomsae, 24 í sparring og 27 í þrautabraut. Fimm félög sendu keppendur á mótið og stigakeppnin endaði sem hér segir:

Samtals stig sparring:

Selfoss	86 stig
Dimon	15 stig
Hekla	6 stig
Hamar	4 stig
Þór	3 stig

Samtals stig poomsae:

Selfoss	57 stig
Dimon	12 stig
Hekla	7 stig
Heildarúrslit á www.hsk.is .	



Felixskýrslu verður að skila

Samkvæmt 8. grein í lögum ÍSÍ skulu allir sambandsaðilar, íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd skila skýrslu inn eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

„Fyrir 15. apríl árlega skulu sambandsaðilar ÍSÍ senda framkvæmdastjórn ÍSÍ starfsskýrslur síðasta árs í tölvuskrá samkvæmt forriti sem ÍSÍ leggur til ásamt félaga- og iðkendatali síðasta starfsárs. Aðili, sem ekki skilar skýrslum í tæka tíð missir rétt til þátttöku í íþróttþingi, svo og í opinberum íþróttamótum þar til skýrslum hefur verið skilað eða samið við framkvæmdastjórn um stuttan frest til þess. Við beitingu þessarar greinar skal leitast við að refsingu sé beitt gagnavart þeim aðila, deild, félagi eða sambandi sem ábyrgð bera á því að skýrslu er ekki skilað.“

Í starfsskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn, iðkendur eftir íþróttgreinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar upplýsingar fyrir hvert ár, þannig að hægt er að vinna tölfraði úr þessum gögnum og gera samanburð milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttagreina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum innan sérsambanda. Þess vegna er afar mikilvægt að senda frá sér áreiðanlegar upplýsingar til að byggja á.

Starfsskýrslan skiptist í þrennt:

- Félagatal (félagar og iðkendur).
- Ársreikning fyrir síðastliðið ár.
- Nýjustu upplýsingar um stjórnarsetu í félaginu og deildum þess.

Ítarlegar leiðbeiningar um starfsskýrsluferlið eru á heimasíðu ÍSÍ.

54 aðildarfélög sambandsins skiluðu skýrslunni fyrir 15. apríl, en skila þarf fyrir þann dag til að lottógreiðslur félaga skerðist ekki. Fjögur félög innan sambandsins voru sett í keppnisbann 16. október 2015 vegna vanskila á skýrslunni. Þau skiluðu öll fyrir áramót og var aflétt úr keppnisbanni.



Virkjaðu kaffistofuna

Íslenskar getraunir taka í notkun nýtt sölukerfi fyrir íþróttafélögin til að nota við sölu á getraunaseðlum. Kerfið er á netinu og er í boði fyrir öll íþróttafélög á landinu. Það er

einfalt í notkun og auðvelt að halda utan um sölu og uppgjör. Auðvelt að búa til keppni á milli einstaklinga og halda utan um hvað hver fær marga rétta.

Félögin eiga því möguleika á að virkja sína félagsmenn til þátttöku í getraunum. Fá þá til að búa til skemmtilegan leik á kaffistofunni þar sem starfsmenn geta spáð í enska boltann í kaffinu t.d. á fimmtudögum og tippað á seðil vikunnar. Kerfið heldur sjálfst utan um frammistöðu hvers og eins. Á mánudeginum eftir helgina er hægt að prenta út lista yfir frammistöðu hvers og eins og hengja upp á kaffistofunni.

Leikurinn er ekki bara fyrir sérfræðinga um enska boltann. Allir geta verið með, því upplýsingar um frammistöðu liðanna og spá sérfræðinga um hvernig leikirnir muni fara eru til staðar. Þeir sem kunna minna og fylgjast minna með boltanum geta nýtt sér þær upplýsingar til að ná ágætis árangri.

Þegar tippað er í gegn um sölukerfi félaganna fær viðkomandi félag 26% af andvirði getraunaseðilsins í sinn hlut. Það er því ekki bara verið að búa til stemmingu á kaffistofunni heldur skilar kerfið tekjum til félagsins.

Allar upplýsingar fást hjá starfsfólki Íslenskra getrauna í síma 5802500 eða í tölvupósti á phs@getspa.is.

**Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri
Getraunadeildar**

Lottótekjur náðu ekki metárinu 2014

Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2015 kr. 22.500.290. Til samanburðar voru lottótekjur árið 2014 kr. 23.017.220, árið 2013 kr. 19.830.402, árið 2012 kr. 19.163.011, árið 2011 kr. 15.480.189, árið 2010 kr. 14.942.890, árið 2009 kr. 12.790.362 og árið 2008 kr. 12.133.280. Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2015 var kr. 9.089.248 og frá UMFÍ kr. 13.411.050.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

Skipting milli félaga og ráða:

A. 25% eftir fjölda mættra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga

sem hann er félagi í.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendaðölum.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendaðölum.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. erlendra leikja á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.



HÓTEL ÖRK

Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska

Hótel Örk í Hveragerði var á árinu kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska fréttablaðinu og hófst það samstarf á haustdögum 2005. HSK þakkar Hótel Örk fyrir samstarfið og væntir góðs árangurs af samstarfi við hótelið.



Gönguhópurinn sem gekk á Arnarfell með póstkassann.

Verkefnið fjölskyldan á fjallið

Arnarfell við Þingvallavatn og Vatnsdalsfjall í Rangárþingi voru fjöllin sem HSK tilnefndi í verkefnið fjölskyldan á fjallið í ár, en HSK hefur tilnefnt ný fjöll í þetta verkefni allt frá upphafi verkefnisins fyrir 13 árum síðan.

Arnarfell

HSK stóð fyrir fjölskyldugöngu á Arnarfell við Þingvallavatn 4. júní 2015 og tóku 15 manns þátt í göngunni. Göngustjóri var Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður og forseti Ferðafélags Íslands. Póstkassa var komið fyrir á toppi fjallsins. Að göngu lokinni var ekið til Þingvalla þar sem göngugarpar skoðuðu kirkjuna og nutu gestrisni þjóðgarðsvarðar.

Guðni Guðmundsson á Þverlæk tók þátt í verkefninu í sumar, líkt og undanfarin ár. Hann ritaði þessar vísur í bókina á Arnarfelli.

*Fjallagolan leikur físlétt um vanga
og fyllir lungun um stund.
Á Arnarfell er gaman að ganga,
á góðra vætta fund.*

*Göngur þessar þarfar tel.
Þeim er vert að sinna.
Heilsubót þeirra þekkt er vel
og þarf ekki að kynna.*

Vatnsdalsfjall

HSK stóð fyrir fjölskyldugöngu á Vatnsdalsfjall í Rangárþingi 18. júní 2015. 25 manns gengu á fjallið í góðu gönguvedri. Lagt var af stað af bæjarhlaðinu í Vatnsdal og þegar upp var komið var póstkassa komið fyrir og allir skrifuðu nafn sitt í gestabókina. Guðni Guðmundsson á Þverlæk tók þátt í göngunni og hann skrifaði þessar vísur í gestabókina:

*Í eyrum hljómar fagur fuglakliður
og fegurðin er allt um kring.
Hérna ríkir ró og friður,
rétt við Þríhyrning.*

*Margir um svæðið firna fróðir.
Finnst í bókum mannlysing.
Þetta heita núna Njáluslóðir.
Og ná við á Rangárþing.*

Verkefninu lauk 31. október 2015 og eftir það voru póstkassar sóttir og dregnir voru út heppnir þátttakendur sem fengu verðlaun frá Intersport á Selfossi og HSK. Þeir heppnu voru Guðni Guðmundsson á Þverlæk vegna göngu á Arnarfell og Anna Kristín Guðjónsdóttir á Hvolsvelli vegna göngu á Vatnsdalsfjall.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Hestamannafélagið Sleipnir fékk endurnýjun viðurkenningar félagsins sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ á aðalfundi félagsins 30. janúar 2015.

Þrjár deildir Umf. Selfoss fengu endurnýjun viðurkenninga sinna sem fyrirmyndardeildir ÍSÍ á aðalfundi félagsins fimmtudaginn 16. apríl 2015. Deildirnar sem um ræðir eru frjálsíþróttadeild, knattspyrnadeild og taekwondodeild. Fimleikadeild Ungmennafélags Selfoss fékk endurnýjun viðurkenningar félagsins sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ á afmælissýningu deildarinnar 12. desember 2015. Handknattleiksdeild Selfoss fékk endurnýjun viðurkenningar sinnar sem fyrirmyndardeild ÍSÍ 18. desember 2015. Viðurkenningin var afhent í íþróttahúsi Vallaskóla í hálfleik stórleiks Selfoss og Mílnnar í meistaraflokki. Karla í handknattleik.

Hreyfivika UMFÍ

Rangárþing ytra bar sigur úr býtum í sundkeppni sveitarfélaganna, en keppnin var hluti af Hreyfiviku UMFÍ 2015. Íbúar Rangárþings ytra hafa aldrei verið jafn



Mikill fjöldi fólks synti í lauginni á Hellu.

duglegir að sækja sundlaugin á Hellu. Mikil stemning skapaðist um sundkeppnina en íbúar syntu samtals 311,5 km sem gera 375 metra á hvern íbúa á Hellu. Í öðru sæti varð Rangárþing eystra (Hvolsvöllur) með 279 metra á hvern íbúa og í þriðja sæti urðu íbúar í Hrísey með 250,5 metra á hvern íbúa. Hvað varðar samanlagða synta kílómetra þá syntu íbúar á Akureyri samtals 458 km og Rangárþing ytra kom næst með 311,5 km.

Hugmyndin að sundkeppninni kom frá Fjallabyggð og Norðurþingi.

Þátttakendur af sambandssvæðinu:

1. Rangárþing ytra (Hella) 375 m á hvern íbúa. Samtals 311,5 km.
 2. Rangárþing eystra (Hvolsvöllur) 279 m á hvern íbúa. Samtals 260,5 km.
 19. Hveragerði 35 m á hvern íbúa. Samtals 83,5 km.
 20. Þorlákshöfn 31 m á hvern íbúa. Samtals 45,5 km.
 21. Árborg 30 m á hvern íbúa. Samtals 205 km.
 28. HNLFI sundlaug Hveragerði 13,3 m á hvern íbúa. Samtals 32 km.
- Miðað var við fjölda íbúa í hverjum í byggðarkjarna frá Hagstofu Íslands og synta metra samtals.

Hjólum í skólann 2015

Hjólum í skólann, þar sem nemendur og starfsmenn framhaldsskólanna kepptust um að nýta sem oftast virkan ferðamáta til og frá skóla/vinnu, er nú lokið. Hjólum í skólann var haldið í þriðja sinn í ár dagana 9.–22. september sl.

Alls tóku 19 framhaldsskólar þátt í ár, en það er sami fjöldi og árið 2014. Þátttakendur voru alls 481, hjólaðir voru 55.311 km eða 41,31 hringir í kringum Ísland. Ferðamáti þátttakenda skiptist svona: strætó/hjólað 61,3%, hjólað 20,8%, strætó/gengið 8,9%, ganga 7,0%, hlaup 1,9%, annað 0,1% og línuskautar 0%. Markmið verkefnisins var að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta meðal nemenda og starfsmanna framhaldsskólanna. Fjölbrotaskóli Suðurlands varð í þriðja sæti í floknum 1000 o.fl. nemendur og starfsfólk. Hægt er að sjá úrslit í Hjólum í skólann 2015 á <http://hjolumiskolann.is>.



Íþróttafélagið Dýmon sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2015, líkt og 2014. Dýmon hlaut 198,5 stig, Selfoss varð í öðru sæti með 172 stig og Hamar í þriðja sæti með 138 stig.

24



Ýmsar upplýsingar

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntöku-beiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

6. gr.

Aðildarfélagum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvör.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfellingu félaga samkvæmt þessari grein.

Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1 - 200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201 - 400 tvo fulltrúa, frá 401 - 600 þrjá fulltrúa o.s.fr. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

Lögmætt er héraðsþing ef helmingur sambandsfélaganna sendir fulltrúa til þess. Stjórn er heimilt að krefjast þess að tillögur sem leggja á fram á héraðsþingi hafi borist stjórninni viku áður en þingið hefst og stjórn er skylt að tilkynna það í þingboði.

Eigi má fulltrúi á héraðsþingi fara með nema eitt atkvæði. Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa rétt kjörnir fulltrúar þeirra félaga, sem skuldlaus eru við sambandið þegar þingið fer fram.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnandi. Héraðsþing kys þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kunnu að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukaping ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukaping skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gildi á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukapings skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukapingi má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórn hafi

sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélag sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttagrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélagin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. - 29. grein laga ÍSÍ.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mættum þingfulltrúum eru samþykkrir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að stjfa fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambands-svæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiddast af viðkomandi félögum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskipta-banka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2010)



Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2015

Akstursíþróttafélög:

Akstursíþr.f. Hreppakappa
Torfæruklúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson
Helga Katrín Stefánsdóttir

Dofrabergi 3, Hafnarfirði
Marbakkabraut 15, Kópavogi

Golfklúbbar:

Golfkl. Ásatúns
Golfkl. Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfkl. Geysir
Golfkl. Hellu
Golfkl. Hveragerði
Golfkl. Kjðjobergs
Golfkl. Selfoss
Golfkl. Tuddi
Golfkl. Úthlíð
Golfkl. Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness

Sigurjón Harðarson
Páll Ólafsson
Árni Tómasson
Pálmi Hlökkversson
Óskar Pálsson
Auðunn Guðjónsson
Jóhann Friðbjörnsson
Ástfríður M. Sigurðardóttir
Bjarni Magnússon
Þorsteinn Sverrisson
Guðmundur Baldursson
Ragnar Borgþórsson
Aðalsteinn Steinþórsson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Ægissíðu 115, Reykjavík
Hraunbraut 20, Kópavogi
Breiðvangi 5, Hafnarfirði
Öldugerði 20, Hvolsvelli
Heiðmörk 50, Hveragerði
Kjðjobergi, Grímsnesi
Fagurgerði 10, Selfossi
Fjölhlíð 3, Hafnarfirði
Melbæ 15, Reykjavík
Lýsbergi 16, Þorlákshöfn
Hörðukór 3, Kópavogi
Mánatúni 13, Reykjavík

Hestamannafélög:

Hestamannaf. Geysir
Hestamannaf. Háfeti
Hestamannaf. Ljúfur
Hestamannaf. Logi
Hestamannaf. Sleipnir
Hestamannaf. Smári
Hestamannaf. Trausti

Ólafur Þórisson
Sjöfn Sæmundsdóttir
Ægir Guðmundsson
Einar Á.E. Sæmundsen
Magnús Ólason
Ingvar Hjálmarsson
Guðmundur Birkir Þorkeissson

Miðkoti, V-Landeyjum
Klængsbúð 11, Þorlákshöfn
Kröggólfsstöðum, Ölfusi
Daltúni, Reykholti
Grenigrund 7, Selfossi
Fjalli 1, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Fossahvarfi 5, Kópavogi

Íþróttafélög:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri

Ásta Laufey Sigurðardóttir
Sigríður Arndís Þórðardóttir
Halldór Hartmannsson
Hjalti Helgason
Birgir Örn Harðarson
Albert Ingi Lárusson
Þórdís Bjarnadóttir

Króktúni 9, Hvolsvelli
Þjóðólfsdaga 1, Holtum
Brekukoti, Sólheimum
Lyngheiði 22, Hveragerði
Grænuvöllum 6, Selfossi
Heimavist ML, Laugarvatni
Gauksríma 10, Selfossi

Karatefélag:

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

Knattspyrnufélög:

Knattspyrnuf. Árborgar
Knattspyrnuf. Rangæinga
Knattspyrnuf. Ægir

Hafþór Theodórsson
Auður Erla Logadóttir
Guðbjartur Örn Einarsson

Álakvísl 9, Reykjavík
Laufskálum 1, Hellu
Lyngbergi 15, Þorlákshöfn

Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattleiksfélag FSu

Gylfi Þorkeissson

Dverghólum 3, Selfossi

Lyftingafélag:

Lyftingafélagið Hengill

Einar Alexander Haraldsson

Arnarheiði 13b Hveragerði

Skotfélag:

Skotíþróttafélag Suðurlands
Skotfélagið Skyttur

Ólafur Árni Másson
Magnús Ragnarsson

Brandshúsum 3, Flóahreppi
Gilsbakka 32, Hvolsvelli

Ungmennafélög:

U.B.H
Umf. Ásahrepps
Umf. Baldur
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkið
Umf. Njáll
Umf. Samhygð
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Vaka
Umf. Þjóðandi
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon
Jakob S. Þórarinnsson
Baldur Gauti Tryggvason
Smári Þorsteinsson
Konráð Helgi Haraldsson
Ármann Fannar Magnússon
Helga Böðvarsdóttir
Brynja Rúnarsdóttir
Einar Gestsson
Guðmundur Jónasson
Elsa Ingjaldsdóttir
Antonía Helga Guðmundsdóttir
Þröstur Guðnason
Margrét Harðardóttir
Kjartan Magnússon
Rúnar Guðjónsson
Stefán Geirsson
Guðmundur Kr. Jónsson
Lára Jónsdóttir
Gísli G. Friðriksson
Auður Sigurðardóttir
Guðmunda Ólafsdóttir
Guðmunda Ólafsdóttir
Eyrún Hafþórsdóttir
Árni Sigurpálsson

Njálsgarði 14, Hvolsvelli
Áskoti, Ásahreppi
Sunnuvegi 1, Selfossi
Bjarkarbraut 3, Reykholti Biskupstungum
Búðarhóli, A-Landeyjum
Hrútafelli, Eyjafjöllum
Hvammi, Eyrarbakka
Brekku, Þykkvabæ
Hæli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Bolöldu 3, Hellu
Syðra-Langholti 4, Hrunamannahreppi
Klausturhólum, Grímsnesi
Varghóli, Holtum
Háholti 5, Laugarvatni
Hjallanesi, Landsveit
Kirkjuhvoli, Hvolsvelli
Gerðum, Flóahreppi
Urðarmóa 15, Selfossi
Blesastöðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Tjarnarstíg 6, Stokkseyri
Eystra-Seljalandi, V-Eyjafjöllum
Seftjörn 20, Selfossi
Seftjörn 20, Selfossi
Brynjólfsbúð 6, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð



Gull- og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 12 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og sjö hafa fengið silfurmerki sambandsins.

Eftirtaldir hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlísson	Frá Akurey	2012
Lisa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014
Kjartan Lárusson	Feney	2015

Eftirtaldir hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014
Benóný Jónsson	Hvolsvelli	2015

Iðkendum félaga fjölgaði um 909

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendum hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttgreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2014, samkvæmt upplýsingum úr felixskýrslum sem var skilað 2015. Einnig eru birtar tölur síðustu ára. Iðkendum á sambandssvæðinu fjölgaði um 7,18% á milli ára, eða um samtals 909. Iðkendum fjölgaði hlutfallslega mest í skotfimi, eða um 68,27%. Þá fjölgaði iðkendum um 42% í almenningiþróttum. Iðkendum fækkaði í nokkrum greinum, t.d. fækkaði iðkendum í mótókross um 25,71% á milli ára. Karate, er samkvæmt innsendum felixskýrslum, ekki lengur iðkað á sambandssvæðinu.

Iðkendum í einstökum greinum innan HSK:

Íþróttgrein	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Golf	1.542	1.534	1.803	1.905	2.152	2.843	2.642	2.867	2.960	2.981
Hestaíþróttir	1.772	1.657	1.896	1.838	1.932	1.964	2.014	2.044	2.044	2.070
Almenningiþróttir	194	352	623	493	551	1.252	1.240	1.210	1.308	1.857
Knattspyrna	1.431	1.323	1.464	1.430	1.441	1.340	1.167	1.177	1.418	1.456
Fimleikar	891	758	773	822	807	859	1.032	735	1.155	1.262
Körfuknattleikur	1.057	1.076	830	804	868	716	716	720	861	821
Frjálsar íþróttir	1.048	907	901	708	763	633	639	647	692	764
Handknattleikur	306	339	400	454	457	426	355	454	521	565
Skotfimi	133	228	132	131	131	77	135	187	186	313
Blak	172	171	225	239	224	221	185	228	224	235
Sund	205	199	102	102	115	116	194	235	244	229
Glima	165	169	188	182	201	178	149	167	182	179
Taekwondo				87	100	134	115	180	144	137
Badminton	142	109	152	166	148	135	117	130	131	137
Mótókross			8	131	131	151	151	131	140	104
Kraftlyftingar				25	26	38	34	94	73	92
Íþróttir fatlaðra	88	123	113	115	103	104	111	108	89	76
Leiklist	98	144	140	102	93	103	93	104	98	73
Borðtennis	100	90	96	106	100	97	67	60	59	66
Júdó	67	0	61	73	79	55	83	55	55	55
Bridds	33	37	37	37	37	37	32	31	30	30
Lyftingar										26
Akstursíþróttir							9	16	20	26
Skógrækt	4	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Karate								11	11	
Þrípraut							9	9		
Hnefaleikar		20	20			13	13			
Skák	6	6	6	7	7	5				
Starfsíþróttir	23	37	28							
SAMTALS	9477	9284	10.003	9.962	10.471	11.502	11.307	11.605	12.650	13.559



Stærð félaga, tekjur af lottói og getraunanúmer

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum, auk félagatals þriggja félaga sem skiluðu ekki umræddri skýrslu árið 2015 fyrir lokafrest, þá fjölga félagsmönnum um 976 á milli ára eða um 5% og eru nú 20.534. Íbúum á sambandssvæðinu fjölgaði um 273 milli ára, sem er 1,44% fjölgun og eru nú 19.154 talsins í sveitarfélögunum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2015.

Aðildarfélög og sérráð	félagsmenn 15 ára -	16 ára +	alls	tekjur af lottói	getrauna- númer
Frjálsíþróttaráð HSK				462.875	
Glimuráð HSK				123.643	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	15	15	41.623	
Golfkl. Asatúns	1	288	289	136.973	830
Golfkl. Dalbúi	5	133	138	39.936	813
Golfkl. Flúðir	17	250	267	155.880	814
Golfkl. Geysi	14	40	54	86.537	
Golfkl. Hellu	14	85	99	87.624	852
Golfkl. Hveragerðis	18	207	225	61.477	812
Golfkl. Kiðjabergs	25	335	360	139.692	797
Golfkl. Selfoss	57	415	472	273.431	808
Golfkl. Tuddi	24	22	46	74.702	
Golfkl. Úthlið	2	223	225	44.995	845
Golfkl. Þorlákshafnar	21	292	313	163.878	796
Golfkl. Þverá	0	72	72	1.752	867
Golfkl. Öndverðarness	32	568	600	196.738	798
Hestamannaf. Geysir	168	467	635	474.495	856
Hestamannaf. Háfeti	14	73	87	31.800	
Hestamannaf. Ljúfur	30	132	162	56.529	816
Hestamannaf. Logi	39	159	198	125.384	
Hestamannaf. Sleipnir	105	482	587	368.480	
Hestamannaf. Smári	85	218	303	249.000	
Hestamannaf. Trausti	8	116	124	75.302	842
Íþróttaf. Dímon	276	417	693	769.060	859
Íþróttaf. Garpur	63	257	320	237.437	855
Íþróttaf. Gnýr	0	39	39	47.336	
Íþróttaf. Hamar	437	1356	1793	1.810.021	810
Íþróttaf. Milán	0	33	33	42.383	
Íþróttaf. Mímir	0	131	131	53.048	843
Íþróttaf. Suðri	7	108	115	64.746	827
Karatef. Suðurlands	0	12	12	0	
Knattsp.f. Árborg	16	196	212	129.193	811
Knattsp.f. Rangæinga	288	404	692	484.342	866
Knattsp.f. Ægir	51	434	485	249.299	822
Körfuknattl.f. FSu	52	100	152	50.753	831
Lyftingaf. Hengill	2	82	84	50.219	
Skotf. Skyttur	0	60	60	48.860	
Skotíþr.félag Suðurlands	0	255	255	40.561	
Torfærukl. Suðurlands	0	78	78	52.286	
UBH	0	189	189	64.283	860
Umf. Ásahrepps	2	49	51	5.523	853
Umf. Baldur Hr.	18	110	128	80.143	804
Umf. Biskupstungna	93	219	312	336.216	803
Umf. Dagsbrún	0	167	167	22.280	865
Umf. Eyfellingur	2	85	87	0	863
Umf. Eyrarbakka	54	212	266	113.277	820
Umf. Framtíðin	16	46	62	70.976	
Umf. Gnúpverja	50	349	399	208.873	802
Umf. Hekla	189	373	562	504.417	851
Umf. Hrunamanna	122	355	477	403.056	801
Umf. Hvöt	0	139	139	61.048	809
Umf. Ingólfur	0	109	109	54.762	850
Umf. Laugdæla	70	188	258	285.915	840
Umf. Merkiðvoll	0	59	59	4.525	854
Umf. Njáll	0	85	85	0	864
Umf. Samhygð	13	103	116	80.498	807
Umf. Selfoss	1399	3543	4942	4.814.021	800
Umf. Skeiðamanna	14	268	282	129.655	799
Umf. Stokkseyrar	93	304	397	325.524	825
Umf. Trausti	0	86	86	11.425	862
Umf. Vaka	27	122	149	102.016	805
Umf. Þór	214	463	677	748.929	815
Umf. Þórsmörk	0	110	110	15.805	861
Samtals	4.247	16.287	20.534	16.045.457	



Íþróttaiðkendur aðildarfélagaga HSK

Eitt af árlegum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2014, sem skilað var á árinu 2015.

	Konur		Karlar		Bæði kyn		Alls
	- 15 ára/16 ára +		-15 ára/16 ára +		- 15 ára/16 ára +		
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	0	0	11	0	11	11
Golfklúbbur Ásatúns	0	43	1	245	1	288	289
Golfklúbburinn Dalbúi	2	47	1	86	5	133	138
Golfklúbburinn Flúðir	2	108	14	142	16	250	266
Golfklúbburinn Geysir	6	6	8	24	14	30	44
Golfklúbbur Hellu	4	31	10	54	14	85	99
Golfklúbbur Hveragerðis	6	79	12	128	18	207	225
Golfklúbbur Kiðjabergs	11	126	14	209	25	335	360
Golfklúbburinn Tuddi	11	3	13	19	24	22	46
Golfklúbbur Selfoss	21	134	36	271	57	405	462
Golfklúbburinn Úthlið	0	28	2	39	2	67	69
Golfklúbbur Þorlákshafnar	6	106	15	185	21	291	312
Golfklúbuiðinn Þverá	0	27	0	44	0	71	71
Golfklúbbur Öndverðarness	12	239	20	329	32	568	600
Hestamannafélagið Geysir	96	197	72	270	168	467	635
Hestamannafélagið Háfeti	12	24	2	49	14	73	87
Hestamannafélagið Ljúfur	17	57	13	75	30	132	162
Hestamannafélagið Logi	20	56	19	103	39	159	198
Hestamannafélagið Sleipnir	66	194	38	265	104	459	563
Hestamannafélagið Smári	45	95	40	121	85	216	301
Hestamannafélagið Trausti	5	53	3	63	8	116	124
Íþróttafélagið Dímon	214	24	207	21	421	45	466
Íþróttafélagið Garpur	31	71	21	111	52	182	234
Íþróttafélagið Gnýr	0	47	0	41	0	88	88
Íþróttafélagið Hamar	285	737	271	668	556	1.405	1.961
Íþróttafélagið Milan	0	0	0	33	0	33	33
Íþróttafélagið Mímir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttafélagið Suðri	1	13	5	18	6	31	37
Karatefélag Suðurlands*							
Knattspyrnufélag Árborgar	0	0	0	55	0	55	55
Knattspyrnufél. Rangæinga	57	1	75	15	132	16	148
Knattspyrnufélagið Ægir	14	39	31	65	45	104	149
Körfuknattleiksfélag FSu	5	7	30	26	35	33	68
Lyftingafélagið Hengill	0	12	0	14	0	26	26
Skotfélagið Skyttur	0	4	0	54	0	58	58
Skotíþróttafél. Suðurlands	0	6	0	249	0	255	255
Torfærklúbbur Suðurlands	0	0	0	26	0	26	26
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Ásahrepps	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Baldur Hr.	5	2	6	5	11	7	18
Umf. Biskupstungna	72	10	63	14	135	24	159
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur*							
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	12	4	8	0	20	4	24
Umf. Gnúpverja	17	35	14	107	31	142	173
Umf. Hekla	122	185	110	195	232	380	612
Umf. Hrunamanna	57	114	82	118	139	232	371
Umf. Hvöt	0	7	0	60	0	67	67
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	55	18	60	29	115	47	162
Umf. Merkiðvoll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Njáll*							
Umf. Samhygð	5	13	12	31	17	44	61
Umf. Selfoss	914	288	968	382	1.882	670	2.552
Umf. Skeiðamanna	4	5	6	15	10	20	30
Umf. Stokkseyrar	58	28	23	138	81	166	247
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Vaka	2	8	11	7	13	15	28
Umf. Þór	101	34	86	122	187	156	343
Umf. Þórsörk	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2.373	3.377	2.422	5.385	4.797	8.762	13.559

*Þrjú félög skiluðu ekki Felixskýrslu fyrir lokafrest



Íþróttamaður HSK frá upphafi

Frá árinu 1964 hefur Íþróttamaður HSK verið valinn og frá árinu 1981 hefur Íþróttamaður ársins fengið til varðveislu í eitt ár í senn myndarlegan farandbikar sem nafnbótinni fylgir. Hefur nafn íþróttamannanna verið áletrað á bikarinn frá þeim tíma.

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Þuríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmsdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestam.fél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestam.fél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2013	Guðmunda Brynja Óladóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2014	Dagný Brynjarsdóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2015	Ragnar Ágúst Nathanaelsson	Umf. Þór	körfuknattleikur



Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfólki fyrir veitingar á þinginu. Sæmundur Steingrímsson Umf. Þór var valinn matmaður héraðsþingsins á Flúðum og mun hann velja matmann HSK á þinginu á Selfossi 2016.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshólmur	1967	Féll niður	Flúðir
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1972	Hörður Óskarsson	Árnes
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	1974	Guðm. Guðmundsson	Aratunga
1975	Klemenz Erlingsson	Gunnarshólmi	1976	Pétur Pétursson	Borg
1977	Björn Gíslason	Hella	1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	1980	Féll niður	Laugarvatn
1981	Helgi Stefánsson	Njálshólmur	1982	Kjartan Lárusson	Þjórðarver
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	1984	Jón M. Ívarsson	Árnes
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálshólmur	1994	Jón Jónsson	Aratunga
1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg
1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1999	Páll Eggertsson	Laugaland	2000	Helga Fjóra Guðnad.	Borg
2001	Jón Andrésson	Hvoll	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
2003	Sigurður Jónsson	Þjórðarver	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
2005	Markús Ívarsson	Selfoss	2006	Þróstur Guðnason	Hveragerði
2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur	2010	Þór Ólafur Hammer	Þingborg
2011	Helgi S. Haraldsson	Hella	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
2013	Guðríður Aadnegard	Aratunga	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg
2015	Sæmundur Steingrímsson	Flúðir			

Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturfærð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3-4 óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Sigpróður Harðardóttir Umf. Þór, vann sleifarkeppnina 2015 og mun hún sjá um keppnina á héraðsþinginu á Selfossi 2016.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	1969-70	Engin keppni	
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	1976	Rúnar Guðjónsson	Borg
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	1978-81	Engin keppni	
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórðarver	1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	1985	Guðmundur Adólfsson	Heimaland
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	1987	Markús Ívarsson	Laugaland
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	1991	Kjartan Lárusson	Skógar
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	1993	Gunnar Sverrisson	Njálshólmur
1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga	1995	Kristinn Guðnason	Hella
1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Þingborg	1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi
1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn	1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg	2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
2002	Kári Jónsson	Flúðir	2003	Guðmundur Jóhannsson	Þjórðarver
2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær	2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði	2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
2008	Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir	Þorlákshöfn	2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
2010	Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	Þingborg	2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt	2013	Þróstur Guðnason	Aratunga
2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg	2015	Sigpróður Harðardóttir	Flúðir



Fréttapunkturar frá ÍSí 2015



Íþróttapeningur ÍSí

72. Íþróttapeningur ÍSí var haldið í Gullhömrum í Grafarholti dagana 17.-18. apríl 2015. Lárus L. Blöndal var endurkjörinn forseti ÍSí en aðrir í framkvæmdastjórn ÍSí eru Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gunnlaugur Júlíusson, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og Örn Andrésson. Í varastjórn voru kjörin Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir og Þórey Edda Elísóttir.

Heiðurshöll ÍSí

Á Íþróttapeningi ÍSí 2015 voru fjálsíþróttamennirnir Gunnar Huseby og Torfi Bryngeirsson útnefndir í Heiðurshöll ÍSí. Gunnar og Torfi eru báðir látnir en fulltrúar úr fjölskyldum þeirra veittu viðurkenningunum viðtöku. Knattspyrnumaðurinn Ríkharður Jónsson og handknattleikskonan Sigríður Sigurðardóttir voru svo útnefnd í Heiðurshöll ÍSí í hófi Íþróttamanns ársins 2015. Alls er búið að útnefna 13 einstaklinga í Heiðurshöllina.

Heimsóknir forseta ÍSí til íþróttahéraða

Í október 2015 heimsóttu Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Líný Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSí Héraðssamband Vestfirðinga, Héraðssamband Bolungarvíkur og Héraðssambandið Hrafn-Flóka, skoðuðu íþróttamannvirki og funduðu með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar í hverju héraði ásamt fulltrúum frá viðkomandi sveitarfélagi. Fyrirhugað er að heimsækja fleiri íþróttahéruð á næstu mánuðum.

Formannafundur 2015

Árlegur fundur formanna sársambanda og íþróttahéraða var haldinn 28. nóvember 2015. Þar var m.a. kynnt ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSí að stofna Afreksíþróttamiðstöð. Forseti kynnti einnig niðurstöður vinnuhóps sem hann skipaði í upphafi árs til að skoða umhverfi afreksíþróttafólks og samanburð við nágrannapijór okkar. Skýrslu vinnuhópsins má finna á heimasíðu ÍSí.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2015 voru 82 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins. Á Fjárlögum Alþingis 2016 er hækkun um 15 m.kr. og verður þá framlag í sjóðinn alls 100 m.kr. Það framlag kemur til úthlutunar í byrjun árs 2017.

Fjármögnun sársambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sársambanda ÍSí og hafa sársamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sársamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2015 var 85 m.kr.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSí

Ýmsar breytingar voru gerðar á reglugerð Afrekssjóðs ÍSí á síðasta ári. Var verið að skerpa á atriðum sem snúa að úthlutun sjóðsins, en allir styrkir Afrekssjóðs ÍSí eru veittir til sársambanda ÍSí vegna verkefna landsliðs og/eða einstaklinga. Heildarúthlutun ársins 2015 til sársambanda ÍSí var rúmlega 125 m.kr. en sambærilegar tölur fyrir árið 2014 voru um 106 m.kr. Í desember 2015 var úthlutað styrkjum vegna ársins 2016. Framlag ríkisins á fjárlögum 2016 hækkaði í 100



Fundarfolk á formannafundi ÍSí.

m.kr. og var því úthlutað 142 m.kr. sem er hæsta úthlutun sjóðsins til þessa.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkráþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSí. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSí. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSí standa fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor. Hafa þau öll samþykkt að vera samstarfsaðilar ÍSí fram yfir Ólympíuleikana í Ríó árið 2016. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSí, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Heimasíða ÍSí

Slóðin á heimasíðu ÍSí er sem fyrr www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttar og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSí er einnig á Fésbók, Twitter og Instagram.

Skráningarkerfi ÍSí og UMFÍ

Unnið er að gagngerum endurbótum á skráningarkerfi ÍSí og UMFÍ. Fyrsti hluti kerfisins verður tilbúinn til prófunar í byrjun árs 2016 og gert er ráð fyrir því að innleiðing hefjist í sumar eða byrjun hausts.

Forvarnadagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnadagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSí, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Fræðsluefni ÍSí

ÍSí hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabátttöku. Efnið má nálgast á heimasíðunni og í útprentuðum bæklingum sem nálgast má á skrifstofunni. Á heimasíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt. ÍSí stendur fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á hverju ári og einnig í



Þrír ættliðir taka við fyrirmyndarfána handknattleiksdeildar Selfoss, þeir Elvar Órn Jónsson leikmaður meistaraflokks, Jón Birgir Guðmundsson, varaformaður deildarinnar og Guðmundur Kr. Jónsson formaður Umf. Selfoss. Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður ÍSÍ, afhenti viðurkenninguna.

Samstarfi við aðra, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurlíkana (RIG) og háskólana.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun hefur verið afar vinsælt undanfarin ár og er helsta form þjálfaramenntunar ÍSÍ þessi árin. Fjarnám á 1. 2. og 3. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. Mörg sérsambönd ÍSÍ hafa verið að vinna og skipuleggja sinn þátt í þessum fræðum að undanfögnu og eru í auknum mæli farin að bjóða upp á nám í sérgreinaðri þjálfaramenntun. Það er mjög jákvætt enda auknar kröfur gerðar af hálfu samfélagsins og þ.m. íþróttafélaga um menntun íþróttþjálfara.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag ríflega hundrað. Þar sem mörg félaganna eru stór deildaskipt félög þá er um þriðjungur íþróttaiðkenda að iðka íþróttir innan fyrirmyndarfélaga. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Á Íþróttþingi árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSÍ fyrir fyrirmyndarstarf. Nú hefur ein umsókn borist ÍSÍ og vitað er af þó nokkrum íþróttahéruðum sem eru að vinna að umsókn.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2015 sendi ÍSÍ þátttakendur í fjögur ólympísk verkefni; Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Vorarlberg-Liechtenstein og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Tbilisi, fyrstu Evrópuleikana sem haldnir voru í Baku í Azerbaíjan og á Smáþjóðaleikana sem að þessu sinni voru haldnir á Íslandi. Á árinu 2016 verða tvö ólympísk verkefni; Vetrarólympíuleikar ungmenna í Lillehammer í Noregi og Sumarólympíuleikar í Río de Janeiro í Brasilíu.

Sextándi Smáþjóðaleikarnir voru haldnir á Íslandi 1.–6. júní 2015. Leikarnir tókust afar vel og árangur Íslands á leikunum var frábær. Íslendingar fengu flest verðlaun á leikunum, alls 115 og þar af 38 gull. Sett voru mörg Íslandsmet og mótsmet. Frábærlega gekk að fá sjálfbodaðiliða úr öllum landshlutum til verkefnisins og er þeirra hlutur í undirbúningi og framkvæmd leikanna ómetanlegur. Um 1.200 sjálfbodaðiliðar störfuðu á leikunum, margir þeirra stóðu vaktina alla vikuna og sumir hverjir komu til starfa vel fyrir leika. Samstarfsaðilar ÍSÍ um Smáþjóðaleikana voru mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Íþróttabandalag Reykjavíkur og sérsambönd ÍSÍ. Gullsamstarfsaðilar leikana voru Advania, Askja, Bilaleiga

Akureyrar/Europecar, Blue Lagoon, Eimskip, Icelandair, Íslandsbanki, Víðifell, Vodafone og ZO-ON. Auk þess voru nokkrir smærri styrktaraðilar um búnað og vörur.

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim í júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðáólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. Að þessu sinni var Ólympíudeginum fagnað með viðburðum í tengslum við Smáþjóðaleikana á Íslandi í júní. Rúmlega 1.700 grunnskólabörn komu í Laugardalinn og stóð þeim til boða að horfa á keppni í sundi, borðtennis og skotiþróttum ásamt því að reyna sig í frjálsíþróttum, knattspyrnu, keilu, glímu og skyldingum. Einnig var boðið upp á fræðslu um Smáþjóðaleikana og Ólympíudaginn.

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í áttunda sinn 4.–24. febrúar 2015. Tæplega 21.000 þátttakendur voru í Lífshlaupinu. Hjólað í vinnuna fór fram í tólfta sinn 6.–26. maí 2015. Þátttaka í Hjólað í vinnuna hefur aðeins dregist saman síðustu ár og voru þátttakendur 6.824 árið 2015. Verkefnið hefur engu að síður náð markmiðum sínum, þar sem verkefnið hefur hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring.

Kvennahlaupið fór fram 13. júní 2015. Um 16.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 98 stöðum þ.e. 88 stöðum hérlandis og á 10 stöðum erlendis.

Göngum í skólann fór fram 9. september – 7. október 2015. Ný heimasíða verkefnisins var opnuð. Þátttökuaukning varð í verkefninu en 76 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarpunginn við skóla.

Hjólum í skólann 2015 fór fram 9.–22. september 2015. Verkefnið er fyrir framhaldsskólanemendur.

European Week of Sport 2015 eða Íþróttavika Evrópu fór fram í fyrsta sinn og hafði ÍSÍ umsjón með verkefninu á Íslandi. Íþróttavikan er verkefni á vegum Evrópusambandsins. Verkefnin Göngum í skólann og Hjólum í skólann voru hluti af Íþróttavikunni. Markmið verkefnisins var að fá fólk til að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og flestra sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna. Í Íþróttamiðstöðinni er kaffitería og þar er einnig góð aðstaða til fundarhalds. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

Lyfjamál

Alls voru tekin 97 sýni á árinu 2015, þar af 61 sýni í keppni eða um 63%. Lyfjapróf voru tekin í 12 íþróttagreinum. Tvö sýni reyndust jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 87 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSÍ, þar á meðal á þremur alþjóðlegum mótum að Smáþjóðaleikum meðtöldum. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflökkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, www.lyfjaeftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á árleg skil starfsskýrslna 15. apríl 2016. Búið er að opna fyrir skilin Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

Íþróttakonur og íþróttamenn ársins 2015

Þann 30. desember 2015 hélt ÍSÍ hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2015 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2015 lýst.



Fréttapunktur frá UMFÍ 2015



Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri

18. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Akureyri og var meðþátttaka í mótinu að þessu sinni. Keppnisgreinarnar hafa aldrei verið fleiri eða alls 27 talsins. Afþreyingarþáttur mótsins var mjög fjölbreyttur og þar komu fram fleiri listamenn en nokkru sinni áður. Dagskrá var í tjaldi mótsins á kvöldin auk þess sem fjölbreytt dagskrá var allan daginn um allan bæ og á mótssvæðum. Mótssetningin var hefðbundin og fór fram á Þórsvellinum. Keppendur gengu inn fylktu liði með fana sína og í kjölfarið var hátíðarfáni UMFÍ dreginn að húni og ungir iðkendur kveiktu landsmótseldinn. Mótslitin fóru fram á sunnudagskvöldið og var dagskráin sameiginleg með hátíðinni Ein með öllu sem var á Akureyri þessa sömu helgi. Fyrirmyndarbikar UMFÍ að þessu sinni hlaut HSK. 19. Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi.

Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi

Mótið hófst föstudaginn 26. júní og því lauk sunnudaginn 28. júní. Alls mættu 370 keppendur til leiks, 251 karl og 119 konur. Fjölmennasta keppnisgreinin var boccia en 107 einstaklingar tóku þátt í þeirri keppni. Mótssetning var á föstudagskvöldi og fylltu mótsgestir Félagsheimilið á Blönduósi. Mjög skemmtileg stemning myndaðist á setningunni og þar var bæði sungið og dansað. Á mótinu var í samstarfi við Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi boðið upp á heilsufarsmælingar. Á laugardagskvöldið safnaðist fjöldi fólks við Blöndu og söng saman við undirleik heimamanna í veðurbliðu. Umgjörð mótsins var mjög góð og öll dagskráin gekk samkvæmt áætlun.

Ungmennna- og tómstundabúðirnar á Laugum

Starf Ungmennna- og tómstundabúða UMFÍ að Laugum veturinn 2014–2015 var viðburðaríkt og skemmtilegt. Nær 2000 nemendur komu á Laugar og almenn ánægja og gleði var með ferðirnar. Utan hefðbundinna skólahópa kom við erlendum skólahópur sem kemur einu sinni á vetri. Í janúar 2015 fögnuðu Ungmennna- og tómstundabúðirnar tíu ára afmæli. Dagurinn var hátíðlegur og var starfsfólk búðanna snortið yfir hve margir gerðu sér ferð til að fagna afmælinu.

Stefnumótunarvinna UMFÍ

Á vormánuðum var hafist handa við stefnumótun UMFÍ þar sem skipulagðar og kerfisbundnar aðferðir eru notaðar við að marka stefnuna til framtíðar. Aðferðirnar byggja m.a. á greiningu á núverandi stöðu, reynt er að greina styrkleika og veikleika með það að markmiði að styrkja framtíðarstöðu hreyfingarinnar. Hákon Gunnarsson hjá fyrirtækinu Gekon var ráðinn til að hafa yfirumsjón með verkinu. Fyrst var unnið með stjórn og starfsfólki í einni málstofu, en síðar voru stofnaðir sérstakir starfshópar um einstök verkefni og fengnir fleiri aðilar úr hreyfingunni til að leggja hönd á plóg. Miklar vonir eru bundnar við afrakstur stefnumótunarvinnunnar. Stefnt er að því á þessu ári að hefjast handa við að hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd og vinna samkvæmt niðurstöðum þessarar stefnumótunarvinnu.

Evrópa unga fólksins

Evrópa unga fólksins er á öðru ári í Erasmusáætluninni sem tók við af fyrri áætlun sem starfaði frá 2007. Með breytingum á úthlutunarreglum í nýrri áætlun varð veruleg fækkun umsókna en fjöldinn fór úr 156 umsóknum 2013 í 52 árið 2014. Þar er helsta orsökina sú að ekki er lengur hægt að sækja um styrki til að framkvæma innlend frumkvæðisverkefni ungs fólks en langflestar umsóknir bárust í þann flokk. Árið 2014 nam úthlutun aðeins 82% af því fjármagni sem var til úthlutunar sem þýðir að 12% eða 29.800.000 kr. þarf að skila til baka. En sem komið er hafa félög innan ungmenntafélags hreyfingarinnar litið sem ekkert nýtt sér að sækja um styrki til EUF til að framkvæma verkefni innan sinna raða, eins og til þess að efla félagsstarfið. UÍA fór sl. haust með hóp til Ungverjalands og tók þátt í ungmenntaskiptaverkefni sem styrkt var þar í landi. UMFÍ hefur fengið



Haukur Valtýsson tók við sem formaður UMFÍ af Helgu Guðjónsdóttur.


styrki til ýmissa verkefna og var m.a. með þrjár umsóknir í síðasta umsóknarferli 2014. Ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ hefur flest árin verið styrkt af EUF. Einnig fékkst styrkur fyrir ungmenntaskiptaverkefni sem skipulagt var af ungmenntaráði UMFÍ og þriðja verkefnið sem styrkt var, var ferð forystumanna sambandsaðila til Danmerkur s.l. vor.

49. Sambandsþing UMFÍ

49. Sambandsþing UMFÍ var haldið í Vík í Mýrdal dagana 17. Og 18. október. Á meðal helstu tíminda þingsins voru formannsskipti en í þingsetningarráðu tilkynnti Helga Guðrún Guðjónsdóttir, sem gegnt hafði formennsku í átta ár, að hún gæfi ekki kost á sér. Haukur Valtýsson og Kristinn Óskar Grétuson gáfu kost á sér til formennsku og urðu lyktir þær að Haukur var kjörinn formaður. Haukur hafði áður verið í fjögur ár varaformaður hreyfingarinnar. Eins og gengur voru ýmis mál rædd á þinginu og m.a. var samþykkt að vinna áfram að inngöngu íþróttabandalaganna í UMFÍ. Alls tóku 111 þingfulltrúar þátt í kosningum til aðal- og varastjórnar. Eftirtaldir einstaklingar hlutu kosningu í aðalstjórn UMFÍ til næstu tveggja ára: Örn Guðnason varaformaður, Hrönn Jónsdóttir ritari, Helga Jóhannesdóttir gjaldkeri, Ragnheiður Högnadóttir meðstjórnandi, Gunnar Gunnarsson meðstjórnandi og Björn Grétar Baldursson, meðstjórnandi. Í varastjórn eru Sigurður Óskar Jónsson, Þorgeir Örn Tryggvason, Guðmundur Sigurbergsson og Kristinn Óskar Grétuson.

Hreyfivika UMFÍ

UMFÍ tekur þátt í samevrópskri lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega. ISCA-samtökin (International Sport and Culture Association) halda utan um verkefnið í Evrópu. ISCA eru alþjóðleg samtök hinna ýmsu grasrótarsamtaka á sviði íþróttar, almenningsíþróttar og menningar víða í heiminum. Innan samtakanna eru 130 aðildarfélög með yfir 40 milljón þátttakendur í 65 löndum. Ungmenntafélag Íslands er aðili að samtökunum og fylgir verkefninu eftir hérlandis. Í aðdraganda vikunnar skoraði Norðurþing á Fjallabyggð í sundkeppni og í kjölfarið var fleiri sveitarfélögum boðið að taka þátt. Úr varð að 31 sveitarfélög tók þátt í sundkeppninni sem er að gamalli fyrirmynd. UMFÍ horfir á verkefnið sem langhlaup enda er herferðin með langtímamarkmið. Aðilar eru því hvattir til að byrja smátt og bæta við á næstu árum í stað þess að fara of bratt af stað. Einfaldir viðburðir hitta oftast en ekki í mark og litlu hlutirnir skipta máli. Næsta Hreyfivika UMFÍ stendur yfir dagana 22.–28. maí 2016.



Örn Guðnason afhenti Lárusi Inga, Guðmundu og Bergi starfsmerki UMFÍ á héraðsþingi HSK.

Fyrirmyndarskilti

Nýtt veggspjald var útbúið og því dreift meðal sambandsaðila. Veggspjaldið var sett á álplötu, til að hægt væri að hafa það utandyra og sýnilegt sem flestum foreldrum, forráðamönnum og öðru fullorðnu fólki sem sækir íþróttaviðburði barna. Á spjaldinu stendur eftirfarandi: „Við erum öll fyrirmynd“ og þar stendur einnig: „Hér eru börn að leik“ – „Fullorðnir eiga að hvetja öll börn“ og „Dómarar eru líka fólk“. Verkefnið mæltist mjög vel fyrir enda er full þörf á vinsamlegum áminningum af þessum toga.

Ungt fólk og lýðræði

UMFÍ hefur ávallt lagt áherslu á lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Ungmennaráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ hefur nú unnið sér sess í stuðningi við þá þátttöku. Dagana 25.–27.mars 2015 var ráðstefnan haldin í sjötta sinn í Stykkishólmi. Yfirskrift ráðstefnunnar var: „Margur verður af aurum api – réttindi og skyldur ungs fólks á vinnumarkaði“. Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda af ráðstefnunni sem þótti takast með miklum ágætum enda jafningjafræðsla í hávegum höfð. Næsta ungmennaráðstefna Ungt fólk og lýðræði fer fram á Selfossi dagana 16.–18. mars 2016.

Tóbaksvarnarskilti

Tóbaksvarnarskiltið „Leiktu, lifðu og vertu án tóbaks!“ var endurgert og dreift í hreyfingunni. Skiltið var útbúið þannig að það geti verið utandyra jafnt sem innandyra. Skiltið hangir nú við flest íþróttamannvirki sambandsaðila. Skiltin er hægt að nálgast í Þjónustumiðstöð UMFÍ öllum að kostnaðarlausu.

Gönguverkefni

UMFÍ hefur um áraraðir staðið fyrir lýðheilsuverkefnum sem eiga það sameiginlegt að stuðla að aukinni hreyfingu og samverustundum fjölskyldna. Gönguvefurinn ganga.is er eitt þessara verkefna. Göngubókin - Göngum um Ísland - er gefin út í maí ár hvert. Í bókinni er að finna upplýsingar um fjölmargar gönguleiðir víðs vegar um landið sem henta fjölskyldum. Jafnframt er að finna í bókinni ýmsan annan fróðleik um hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókinni er dreift á alla helstu ferðamannastaði, sundstaði og í íþróttahús. Verkefnið Fjölskyldan á fjallið hefur staðið í nokkurn tíma. Í ár tóku fjórtán sambandsaðilar UMFÍ þátt.

Skinfaxi

Fjögur tölublöð voru gefin út auk tveggja blaða sem ákveðið var að gefa út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi og

Unglingalandsmótið á Akureyri. Í samvinnu við útgáfunefnd hafa breyttar áherslur hvað varðar efnistöð og annað litið dagsins ljós. Lögð verður áhersla á að hafa blaðið liflegt og áhugavert eins og jafnan, með góðu efni úr hreyfingunni.

Sýndu hvað í þér býr

Námskeiðið „Sýndu hvað í þér býr“ hefur verið vinsælt undanfarin ár. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, s.s. að taka til máls, framkomu, ræðuflutning, raddbeitingu, skipan ræðu o.fl. Einnig er kennt ýmislegt sem viðkemur fundasköpum, m.a. fundareglur, boðun funda, fundaskipan, dagskrá funda, umræður, meðferð tillagna, kosningar o.fl.

Heimsókn til DGI

Dagana 7.–12. maí 2015 fór hópur ungmennafélaga í heimsókn til systursamtaka UMFÍ, DGI í Danmörku. Ferðin hafði ágætán aðdraganda, en á fundi sem haldinn var fyrir framkvæmdastjóra og forystufólk sambandsaðila UMFÍ í janúar 2014 kom hugmyndin fyrst upp á yfirborðið. Ferðin tókst með miklum ágætum og hefur sannað gildi sitt hvað best eftir að þátttakendur komu heim, báru saman bækur sínar, mátu eigin verkefni í sínu félagi og sögðu samferðafólki frá upplifun ferðarinnar. Markmiðum ferðarinnar var öllum náð enda sást það vel á niðurstöðum úr hópavinnu og af matsblöðum þátttakenda. Slíkar niðurstöður gefa hreyfingunni okkar tækifæri til að gera starfið enn betra og læra af verkefnum sem þessum. Eitt af meginmarkmiðum ferðarinnar var að efla tengsl þátttakenda enda kom það á daginn að hópurinn var samheldinn og vill hag hreyfingarinnar sem mestan. Dagana 31. júlí – 5. ágúst kom stjórn DGI frá Danmörku í heimsókn. Tilgangur ferðarinnar var að upplifa Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ tók vel á móti gestunum og kynnti þeim land og þjóð. Danirnir voru ákaflega ánægðir með móttökurnar og kynnin af Unglingalandsmótinu.

Snjóboltinn

Snjóboltinn er verkefni sem Ungmennaráð UMFÍ tekur þátt í með hópi ungmenna frá Milton Keynes College á Bretlandi. Verkefnið er styrkt af Evrópu Unga fólksins og hefur það að markmiði að auka vidd og fjölbreytni í starfi ungmennafélaga. Verkefninu er ætlað að auka leiðtogahefuleika þeirra sem starfa í ungmennaráði UMFÍ og leita leiða til að fjölga ungu fólki í okkar röðum. Hópurinn frá Bretlandi heimsótti ungmennaráð UMFÍ í apríl 2015.

Þjónustumiðstöð UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík, auk þess er rekin þjónustumiðstöð að Viðigrund 5 á Sauðárkróki. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélögin og félagsmenn. Þar er einnig aðstaða til fundarhalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda o.fl. Í Sigtúni 42 er einnig skrifstofa Evrópu unga fólksins. Landssamband eldri borgara, Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra, FÁÍA, og FRÆ, Fræðsla og Forvarnir eru einnig með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

Eldri ungmennafélagar

Samvinna nefndar eldri ungmennafélaga og FÁÍA, Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra, hefur verið mjög náð, enda vinna þessir aðilar að sama markmiði: heilsuefning, hreyfing og gaman saman. Helstu verkefni hafa verið námskeið í ringó, boccia, þútti og síðast en ekki síst í ýmsum dösnum. Þá hafa verið haldin dómarnámskeið í boccia.

Ungmennaráð

Ungmennaráð UMFÍ er skipað níu ungmennum sem koma alls staðar að af landinu. Ráðið fundar einu sinni í mánuði frá september til maí, en þess á milli nýtir ráðið samskiptamiðla til hins ýrasta til skrafs og ráðagerða. Ýmis tilfallandi verkefni koma upp á borð ráðsins, bæði almennt innan æskulýðsmála á Íslandi sem og bein tengsl við ýmis verkefni UMFÍ. Helstu verkefni ráðsins undanfarið hafa verið ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, snjóboltinn og skemmtihelgi.



Styrkir úr Íþróttasjóði ríkisins

Íþróttanefnd ríkisins bárust alls 132 umsóknir að fjárhæð rúmlega 149 m. kr. um styrki úr Íþróttasjóði, en umsóknarfrestur var til 15. október 2015. Alls voru 84 umsóknir um styrki til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana að fjárhæð um 79 m. kr. Styrkumsóknir um fræðslu- og útbreiðsluverkefni voru 37 að fjárhæð um 41 m. kr. og umsóknir vegna íþróttarannsóknna voru 11 að fjárhæð um 29 m. kr. Heildarúthlutun var 15.500.000 kr. Styrkirnir dreifðust þannig milli flokka: Aðstaða: 9.500.000 kr., fræðsla og útbreiðsla 2.500.000 kr. og rannsóknir 3.500.000 kr., eða samtals 15.500.000 kr. HSK hvetur íþróttahreyfinguna til að sækja um styrki í Íþróttasjóð ríkisins en frekari upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu Rannís, www.rannis.is.

Hér er yfirlit um 13 styrki sem veittir voru til aðildarfélaga HSK.

Umf. Hrunamanna	Tækja- og áhaldakaup í nýtt íþróttahús	200.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Þórs	Bæting á aðstöðu til íþróttaiðkunar	150.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Kaup á röf-sláttuvél	400.000
Umf. Hekla	Borðtennis á Hellu	200.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Trampólínkaup	200.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Áhaldakaup	200.000
Umf. Hekla	Loftdýna fyrir fimleika	150.000
Umf. Hekla	Fimleikahestur	150.000
Fimleikadeild Hamars	Uppbygging fimleikadeildarinnar	250.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Æfingabúnaður	100.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Námskeið/fræðsla	150.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið UEG	100.000
Umf. Selfoss	Þjálfararáðstefna 2016	100.000
Samtals til aðildarfélaga HSK		2.350.000

Ferðasjóður íþróttafélaga

Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands veitir árlega styrki úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrotta- og forvarnarstarf. Framlag til Ferðasjóðs íþróttafélaga á fjárlögum Alþingis fyrir árið 2015 var 85 m.króna en 15 milljón króna hækkun er á Fjárlögum Alþingis fyrir árið 2016 eða alls 100 milljón króna vegna keppnisferða ársins 2016.

Úthlutun til aðildarfélaga HSK fyrir keppnisferðir 2009-2015:

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Glimuráð HSK	15.886	0	33.324	0	0	0	0
Golfkl. Hveragerðis	0	0	0	18.657	25.143	7.416	14.613
Golfkl. Selfoss	11.788	0	0	15.265	0	0	0
Golfkl. Þverá	0	0	0	0	7.894	0	0
Hestamannafélagið Geysir	0	0	26.348	0	0	0	0
Íþf. Dímon	58.430	0	7.654	35.284	35.685	14.169	0
Íþf. Garpur	0	0	0	22.125	0	0	0
Íþf. Gnýr	0	0	0	0	0	17.434	0
Íþf. Hamar	293.267	302.890	435.603	558.610	205.462	330.491	0
Íþf. Milan	0	0	0	0	0	22.212	0
Íþf. Suðri	0	0	0	0	0	81.323	0
Knattsp. Árborg	43.752	68.041	128.831	30.121	0	25.404	0
Knattsp. Rangæinga	241.285	81.693	11.242	125.860	124.000	109.716	135.628
Knattspyrnuf. Ægir	133.716	54.925	49.359	103.218	95.118	228.547	382.843
Körfuknattleiksfr. FSu	107.598	114.924	65.268	114.987	92.133	151.187	161.040
Umf. Hekla	0	42.042	0	0	0	9.427	0
Umf. Hrunamanna	190.109	166.323	114.202	147.091	187.874	143.125	86.592
Umf. Laugdæla	68.153	89.719	89.082	95.405	110.553	65.123	0
Umf. Samhygð	0	0	0	0	0	0	2.465
Umf. Selfoss	1.465.496	911.543	1.203.083	1.316.099	1.598.042	1.615.501	1.981.123
Umf. Þór	95.271	27.087	86.624	154.938	91.218	77.705	150.561
Samtals	2.724.751	1.859.187	2.250.620	2.737.660	2.573.122	2.898.780	2.940.714

Nýtt ungmennafélag sækir um aðild að HSK

Mánudagskvöldið 16. nóvember 2015 var Ungmennafélagið Þjótandi stofnað í Félagslundi. Hið nýja ungmennafélag á að taka við störfum ungmennafélaganna Þriggja Umf. Baldurs, Umf. Samhygðar og Umf. Vöku í Flóahreppi. Fundurinn var vel sóttur en 38 eru skráðir stofnfélagar.

Undirbúningsnefnd stofnunarinnar lagði fram tillögu að bráðabirgðastjórn- og nefndarformönnum félagsins og var hún samþykkt. Stjórn nýs félags er þannig skipuð: Guðmunda Ólafsdóttir formaður, Magnús Stephensen Magnússon ritari og Lilja Ómarsdóttir gjaldkeri. Í varastjórn eru Baldur Gauti Tryggvason og Stefán Geirsson.

Formaður Íþróttanefndar var kjörinn Árni Geir Hilmarsson, formaður skemmtinefndar Sveinn Orri Einarsson og formaður ritnefndar Fanney Ólafsdóttir.

Stjórn HSK veitti félaginu bráðabirgðaaðild að HSK á stjórnarfundum þann 30. nóvember 2015. Inntökubeiðni félagsins verður tekin fyrir á héraðsþingi 2016.



Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2015 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmenntafélagsshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmenntafélögum sem eru virkir í starfi. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmenntafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 100 verkefni árið 2015, samtals að upphæð 11.131.700 kr. Af því fengu 20 verkefni á sambandsvæði HSK styrk samtals að upphæð 1.298.000 kr.

Hér má sjá þau verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Félag	Verkefni	Styrkur
Golfklúbburinn Flúðir	Fræðsla og kennsla í golfíþróttinni	50.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Útbreiðsla og nýliðastarf	50.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Námskeið fyrir börn og unglingagolf	50.000
Fimleikadeild Hamars	Námskeið	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið 1B	14.500
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið 2A	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Choreografiu-námskeið	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Gestaþjálfari	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið 1C	43.500
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Námskeið í Svíþjóð	150.000
Frjálsíþróttad. Umf. Selfoss	Skyndihjálparnámskeið	50.000
Frjálsíþróttad. Umf. Selfoss	Námskeið þjálfara hjá Frjálsíþróttakademíu	50.000
Frjálsíþróttad. Umf. Þórs	Námskeið	50.000
Frjálsíþróttaráð HSK	Frjálsíþróttaskóli UMFÍ	150.000
Knattspyrnud. Umf. Selfoss	Kynningarverkefni	50.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Námskeið	40.000
Körfukn.deild Hamars	Þjálfaranámskeið erlendis	100.000
Körfukn.d. Umf. Hrunam.	Nám fyrir körfuboltaþjálfara	50.000
Mótokrossd. Umf. Selfoss	Kynning á starfi deildarinnar	100.000
Umf. Selfoss	Þekkingar- og tengslaferð til Danmerkur	100.000

Við prentum

Við bjóðum
heildarlausnir
í prentun

umbúðir

bækur

almennt
prentverk

prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

Reykjavík 5 600 600 | Síðis 482 1944 | Akureis 431 1127
www.prentmet.is



Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Anný Ingimarsdóttir, formaður, varastjórn HSK, Ásta Laufey Sigurðardóttir, Íþr.f. Dímon, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Lára Jónsdóttir, Umf. Skeiðamanna og Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss.

Á héraðsþingi 2015 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá í kafla um héraðsþingið á Flúðum og í skýrslum nefnda hér aftur í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2015.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

Valnefnd vegna kjörs á íþróttamanni HSK

Á héraðsþingi HSK árið 2006 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og síðan hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK.

Eftirtaldir nefndarmenn mættu á fund nefndarinnar við val íþróttamanns HSK 2015: Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Guðmundur Karl Sigurdórsson, íþróttafréttamaður, Ólafur Örn Oddsson, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Rangárþings eystra, Þórir Haraldsson, fyrrverandi formaður Umf. Selfoss, Ragnar Sigurðsson, fyrrverandi varaformaður HSK.

Gestur Einarsson, íþróttafréttamaður og varastjórnarmaður HSK komst ekki á fundinn og mætti Ragnar í hans stað. Auk Ragnars er Anný Ingimarsdóttir varamaður í nefndinni.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

Valnefndin fundaði á bolludaginn, 8. febrúar 2016, en gæddi sér ekki á bollunum fyrr en að fenginni niðurstöðu. Valnefndin fór yfir ofangreindar viðmiðanir og var sammála um að halda þeim óbreyttum.

Val á íþróttamanni HSK 2015:

Íþróttamenn í 20 íþróttagreinum voru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni HSK 2015. Sjö konur voru valdar íþróttamenn sinna greina og 13 karlar.

Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir



Guðrún Tryggvadóttir formaður unglingalandsmótsnefndar HSK tekur við fyrirmyndarbikarnum.

greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið Íþróttamaður HSK árið 2015 hlyti Ragnar Á Nathanaelsson, körfuknattleiksmaður úr Umf. Þór.

Unglingalandsmótsnefnd HSK

Þátttaka HSK á

18. Unglingalandsmóti UMFÍ á Akureyri

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Guðrún Tryggvadóttir, Vöku, formaður, María Óladóttir, Umf. Selfoss, Gunnhildur Hinriksdóttir, Umf. Laugdæla, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu og Kristín Sigfúsdóttir, Íþr.fél. Garpi.

Unglingalandsmótið var að þessu sinni haldið á Akureyri. Undirbúningur HSK undir Unglingalandsmót var hefðbundinn en þó urðu mannabreytingar í nefndinni og vill ég þakka Jóa Gunna fyrir frábært samstarf undanfarin ár og hlakka til samstarfs við hann þegar hann fer aftur að mæta á ULM. Nefndin hittist einu sinni til að skipta með sér verkum og skipuleggja starfið.

Eins og undanfarin ár mætti nefndin mánudag fyrir mót í Selið til að afhenda keppendum HSK treyjur. Einnig endurvöktum við HSK þessa um ULM sem allir keppendur fengu. Hátt í 200 keppendur höfðu skráð sig til keppni á mánudeginum.

Mjög góð þátttaka HSK keppenda var í skrudgöngu á setningarathöfn mótsins og allir gengu inn í bláum jökkum merktum HSK og Arion banka, en bankinn hefur styrkt þátttöku HSK á mótinu með myndarlegum hætti eins og undanfarin ár. Glæsilegur hópur HSK

krakka vakti verðskuldaða athygli.

Við hjónin förum með fullt fellihýsi af dóti s.s.d. fána, peysur, potta, prímus o.fl. norður á Akureyri en Eimskip sá um flutning á samkomutjaldi. Brói reddaði stóru grilli hjá heimamönnum og við keyptum grillkol og fólk var boðið að nýta grillið. Umf. Laugdæla lánaði samkomutjaldið og er þeim þakkað fyrir það.

Tjaldstæðið var mjög lítið þó svo að Brói hafi farið í landvinninga fyrir þennan stóra hóp og það vantaði vægast sagt mikið upp á að það væri slétt. Við gerðum bara gott úr þessu.

Keppnislið HSK hefur aldrei verið fjölmennara á Unglingalandsmóti utan héraðs, en 190 keppendur tóku þátt. Keppnisliðið hefur aðeins einu sinni verið fjölmennara, en það var á ULM á Selfossi 2012.

Öllum að óvörum fengum við fyrirmyndarbikarinn annað árið í röð.

Á mótslitunum á sunnudagskvöld var tilkynnt hverjir hefðu hreppst Fyrirmyndarbikarinn. Bikarinn féll í skaut Héraðssambandsins Skarphéðins, HSK, og var þetta annað árið röð sem bikarinn fer til HSK. Alls hefur HSK fengið þennan bikar fimm sinnum.

Fyrirmyndarbikarinn var gefinn af Íþróttanefnd ríkisins og er viðurkenning til þess sambandsaðila UMFÍ sem sýnt hefur góða umgengni á keppnisstöðum, tjaldsvæði og á almennum svæðum mótsdagana ásamt háttvísi og þrúða framgöngu, m.a. í keppni og við inngöngu á setningu mótsins.

Alla mótsdagana er nefnd að störfum sem fylgjast með keppendum og öðrum gestum sambandsaðila UMFÍ og metur frammistöðu þeirra út frá ofangreindum þáttum.

Þetta er mikil viðurkenning á störfum Unglingalandsmótsnefndar HSK, keppenda af



sambandssvæðinu og fjölskyldum þeirra en okkar frábæri hópur verðskuldaði það fyllilega enda var HSK fólk hvarvetna til fyrirmyndar í keppni og leik. Nefndin óskar því góða fólki sem á þátt í þessum árangri með okkur til hamingju með glæsilega framgöngu.

Mótið fór vel fram innan vallar sem utan og var hin besta skemmtun í alla staði þó að ýmislegt í skipulagi og framkvæmd hafi verið í ólestri. Þannig voru tjalðsvæði mótsins óboðleg og mótshöldurum til skammar. Mótshaldið var mjög dreift og langt á milli keppnisstaða. Einnig leið mótshaldið fyrir sambúðina við útihátíðina „Ein með öllu“. T.d. hvarf lokahátíð Unglingalandsmótsins í glaum útihátíðarinnar. HSK fólk hefur komið athugasemdum og ábendingum á framfæri við UMFÍ af þessu tilefni. Gaman var að sjá hversu margir mættu, en mikið var af nýju fólki frá HSK. Nú stefnum við öll í Borgarnes í sumar.

Guðrún Tryggvadóttir

Verðlaunahafar HSK á Unglingalandsmótinu

Um 190 manna keppnislið af sambandssvæði HSK stóð sig frábærlega á Unglingalandsmótinu á Akureyri. Hér er greint frá öllum verðlaunahöfum HSK í einstökum greinum á mótinu. Keppendur tóku einnig þátt í golfi, knattspyrnu, körfuknattleik, parkour, skák og tölvuleikjum, en náðu ekki verðlaunasætum í þeim greinum. Enginn tók þátt í hestaþróttum, listhlaupi á skautum og siglingum. Úrslit bárust ekki úr badminton og úrslit í frísbýgolfi voru ófullnægjandi og ekki hægt að sjá hvort keppendur hafi verið frá HSK í þeirri grein. Hugsanlega hafa fleiri unnið til verðlauna, s.s. í boltagreinum með liðum sem voru ekki skráð undir HSK. Ábendingar um fleiri verðlaunahafa af sambandssvæðinu er vel þegnar.

Boccia

Arnþór Atlason varð Unglingalandsmótsmeistari í opnum flokki í boccia. Átta keppendur tóku þátt í greininni frá HSK.

Bogfimi

Benjamín Guðnason varð í þriðja sæti í 11 ára sveigbogaflokki. Sjö keppendur tóku þátt í greininni af sambandssvæðinu.

Borðtennis

Keppendur okkar unnu til fjölda verðlauna í borðtennis. Þóra Björg Yngvadóttir vann í 11-13 ára flokki stúlkna og Kristín Huld Stefánsdóttir varð önnur. Heiðar Óli Guðmundsson sigraði í 11-13 ára flokki stráka, Þorgils Gunnarsson varð annar og Aron Birkir Guðmundsson þriðji. Aron Emil Gunnarsson vann silfur í 14-15 ára flokki og Sigurður Andri Jóhannesson tók bronsið í 16-18 ára flokki.



Sigursveit HSK í boðhlaupi 13 ára pilla.

Fimleikar

Maron Tryggvi Heiðarsson og Tryggvi Þórisson voru í liðinu Krulla, sem vann í flokki 11-14 ára stráka. Unnar Magnússon, Jökull Hermannsson, Elvar Guðbergsson, Adam Örn Sveinbjörnsson, Arilíus Óskarsson og Kristinn Sölvi Sigurgeirsson nefndu sig í Team#sorryT og unnu í 15-18 ára flokki drengja.

Eydís Erna Guðmundsdóttir, Kristín Ósk Sigmundsdóttir, Anna Margrét Guðmundsdóttir, Brynhildur Sif Víktorsdóttir og Glódís Ólöf Víktorsdóttir kölluðu sig XXL og kepptu í flokki B-liða 11-14 ára og unnu þann flokk.

Liðið sem hét LOL vann titil í flokki 15-18 ára stúlkna. Í liðinu voru Aníta Sól Tyrfingsdóttir, Hekla Björk Grétarsdóttir, Alma Rún Baldursdóttir, Júlíana Hjaltadóttir og Anna Margrét Guðmundsdóttir.

Wildcats varð í öðru sæti í sama aldursflokki í B deild. Í liðinu voru Elva Rún Óskarsdóttir, Barbára Sól Gísladóttir, Snædís Líf Pálmarsdóttir, Ásdís Ágústsdóttir og Kolbrún Ýr Karlsdóttir.

Frjálsíróttir

Keppendur HSK settu tvö mótsmet og bættu átta HSK met á mótinu. Óskar Snorri Óskarsson setti mótsmet í undanrásum í 60 metra grindahlaupi 11 ára, hann hljóp á 10,54 sek. Þetta er einnig HSK met hjá honum. Hrefna Sif Jónasdóttir setti HSK met í 60 m grindahlaupi í 11 ára flokki, hljóp á 11,41 sek. Hákon Birkir Grétarsson setti mótsmet og HSK met í 60 m grindahlaupi 13 ára þegar hann hljóp á 9,53 sek. Hann setti einnig HSK met í 13, 14 og 15 ára flokki í 80 m hlaupi, hljóp á 10,49 sek. Dagur Fannar Einarsson bætti 43 ára gamalt HSK met Stefáns Erlendssonar í 600 m hlaupi 13 ára, hann skeiðaði vegalengdina á 1:43,32 mín. Loks setti piltasveit HSK í 16-17 ára flokki HSK met í 4x100 m boðhlaupi, sveitin hljóp á 46,97 sek. Í sveitinni voru Teitur Örn Einarsson, Guðmundur Aðalsteinn Sveinsson, Ástþór Jón Tryggvason og Bjarki Óskarsson. Þá jöfnuðu Kolbeinn Loftsson og Hákon Birkir Grétarsson mótsmetið í hástökki 13 ára, stukku báðir 1,65 m.



Handboltalið frá HSK sem nefndist Morgan Freeman varð í öðru sæti í flokki 14-15 ára.

**Verðlaunahafar:****11 ára**

Óskar Snorri Óskarsson vann hástökk og skutlukast, varð annar í 60 m grindahlaupi og þriðji í 60 m hlaupi. Benjamín Guðnason varð annar í skutlukasti.

Hrefna Sif Jónasdóttir vann 600 m og skutlukast, varð önnur í hástökki og þriðja í 60 m og 60 m grindahlaupi. Thelma Karen Siggeirsdóttir varð önnur í skutlukasti. Heiðdís Lilja Erlingsdóttir varð þriðja í 800 m hlaupi. Boðhlaupsveit HSK vann. Sveitina skipuðu þær Thelma Karen Siggeirsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Heiðdís Lilja Erlingsdóttir og Hrefna Sif Jónasdóttir.

12 ára

Hjalti Snær Helgason vann spjótkest. Guðmundur Tyrfingsson vann 600 m hlaup. Reynir Freyr Sveinsson varð annar í 60 m hlaupi. Ólafur Magni Jónsson varð annar í kúluvarpi og spjótkesti. Sindri Freyr Seim Sigurðsson varð þriðji í langstökki. Boðhlaupsveit HSK varð í þriðja sæti. Í sveitinni voru Hjalti Snær Helgason, Baldur Steindórsson, Sindri Freyr Seim Sigurðsson og Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson.

Eva María Baldursdóttir varð önnur í hástökki. Una Bóel Jónsdóttir varð önnur í spjótkesti og þriðja í kúlu. Stúlkna sveitin varð í öðru sæti í boðhlaupi. Í sveitinni voru Helga Ósk Gunnsteinsdóttir, Eva María Baldursdóttir, Una Bóel Jónsdóttir og Birta Sigurborg Úlfarsdóttir.

13 ára

Hákon Birkir Grétarsson vann 60 m grindahlaup, 80 m hlaup og hástökk. Hann varð annar í kúluvarpi og þriðji í langstökki. Kolbeinn Loftsson vann langstökkið, varð annar í hástökki og þriðji í 60 m grindahlaupi og 80 m hlaupi. Vilhelm Freyr Steindórsson vann kúluvarpið og varð annar í spjótkesti. Dagur Fannar Einarsson varð annar í 600 m hlaupi. Viktor Karl Halldórsson varð þriðji í spjótkesti. Boðhlaupsveit HSK varð í fyrsta sæti. Í sveitinni voru Hákon Birkir Grétarsson, Kolbeinn Loftsson, Viktor Karl Halldórsson og Dagur Fannar Einarsson.

Briat Bragadóttir vann 80 m hlaup, varð önnur í 600 m hlaupi og 60 m grindahlaupi og þriðja í langstökki. Solveig Þóra Þorsteinsdóttir vann langstökkið og varð þriðja í 60 m grindahlaupi. Hildur Helga Einarisdóttir vann kúluvarpið og varð önnur í spjótkesti. Þóra Erlingsdóttir varð þriðja í kúluvarpi. Boðhlaupsveit stúlkna sigraði og í sigursveitinni voru Lára Björk Pétursdóttir, Solveig Þóra Þorsteinsdóttir, Valgerður Einarisdóttir og Briat Bragadóttir.

14 ára

Anthony Karl Flores varð annar í 800 m og þriðji í 80 grindahlaupi.

Ragnheiður Guðjónsdóttir varð önnur í kúluvarpi. Helga Margrét Óskarsdóttir varð þriðja í langstökki og spjóti. Stúlkna sveit



192 keppendur voru skráðir frá HSK, sem er metþáttaka á unglingalandsmóti utan héraðs.

HSK vann boðhlaupið og í sveitinni voru Helga Margrét Óskarsdóttir, Ragnheiður Guðjónsdóttir, Marta María Bozovic og Soffía Margrét Sigurbjörnsdóttir.

15 ára

Pétur Már Sigurðsson vann hástökk. Stefán Narfi Bjarnason vann kúluvarp. Guðjón Baldur Ómarsson varð annar í kúluvarpi.

16–17 ára

Teitur Örn Einarsson vann kúluvarpið og varð þriðji í 100 m hlaupi. Boðhlaupsveitin vann, sjá hér framar í greininni.

Glíma

Aldís Freyja Kristjánsdóttir varð í öðru sæti í flokki 11–12 ára stúlkna. HSK vann þrefalt í flokki 15 ára stelpna. Sigríður Magnea Kjartansdóttir vann, Laufey Ósk Jónsdóttir varð önnur og Þórhildur Lilja Þórarinsdóttir þriðja. Það sama má segja um 16 ára flokkinn. Rakel Ósk Jóhannsdóttir sigraði, Þórunn Ösp Jónasdóttir tók silfrið og Stella Björt bronsið.

Ólafur Magni Jónsson vann 12 ára flokk stráka. Finnur Þór Guðmundsson vann 13 ára flokkinn og þar varð Heiðar Óli Guðmundsson þriðji. Þorfinnur Freyr Þórarinsson varð annar í flokki 14 ára stráka. Gústaf Sæland vann 15 ára flokk drengja, Anton Breki Viktorsson fékk silfrið og Egill Hermannsson tók bronsið.

Loks varð Þorsteinn Helgi Sigurðarson annar í 18 ára floknum.

Handbolti

Lið frá HSK sem nefndist Morgan Freeman varð í öðru sæti í flokki 14–15 ára. Í liðinu voru Anton Breki Viktorsson, Ari Sverrir Magnússon, Arnar Freyr Steinarsson, Hafsteinn Jónsson, Jón Þór Sveinsson, Ólafur Atli Helgason, Pétur Már Sigurðsson, Skúli Darri Skúlason og Sveinn Kristinn Símonarson. Arnar Daði Brynjarsson, Elva Rún Óskarsdóttir og Reynir Freyr Sveinsson spiluðu líka eitthvað með liðinu þegar partur af liðinu komst ekki í leik.

Mömmustrákarnir urðu í 3. sæti í 11–13 ára. Í liðinu voru Ármann Baldur Bragason,

Elvar Ísak Halldórsson, Guðmundur Tyrfingsson, Hjalti Snær Helgason, Ísak Gústafsson, Reynir Freyr Sveinsson, Tryggvi Sigurborg Traustason, Tryggvi Þórisson og Vilhelm Freyr Steindórsson. Teitur Örn Einarsson var í sigurliðinu í flokki 16–18 ára.

Júdo

Þorsteinn Helgi Sigurðsson varð í þriðja sæti í -81 kg flokki í U18 ára flokki drengja.

Lyftingar

Keppt var í liðakeppni í lyftingum. Liðið Teitur vann sinn flokk og í því var einn keppandi af HSK svæðinu, Teitur Örn Einarsson.

Mótokross

Elmar Darri Vilhelmsson varð Unglingalandsmótsmeistari í MX flokki 15–18 ára og Gyða Dögg Heiðarsdóttir varð einnig meistari MX 15–18 ára flokki.

Pílukast

Kristín Huld Stefánsdóttir varð í þriðja sæti í flokki 11–14 ára stelpna.

Stafsetning

Sigurbjörg Guðmundsdóttir varð Unglingalandsmótsmeistari í stafsetningu í flokki 11–14 ára og Ásdís Ágústsdóttir varð í þriðja sæti í flokki 15–18 ára.

Strandblak

Arnar Páll Pétursson og Núi Mar Jónsson og urðu í 2. sæti í strandblaki í flokki 15–18 ára stráka.

Sund

Dagbjartur Kristjánsson varð annar í 50 m skriðsundi, 100 m skriðsundi og 50 m baksundi í flokki 15–18 ára.

Taekwondo

Aldís Freyja Kristjánsdóttir varð í öðru sæti í sparring í stúlkna flokki í taekwondo.

Upplestur

Pétur Már Sigurðsson varð Unglingalandsmótsmeistari í upplestri.

Skýrslur nefnda og sérráða HSK:

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér frammar í ársskýrslunni á bls. 12-13.

Almennings- íþróttanefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna, formaður, Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss, Kjartan Þ. Guðmundsson, Umf. Hvöt. Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss.

Bláskógaskokkið

Bláskógaskokk HSK fór fram 27. júní 2015 í bláskógarveðri stillu og hlýju. Hlaupnar voru 10 mílur (16,1 km) á gömlu leiðinni yfir Lyngdalsheiðina frá Gjabakka að Laugarvatni. Einnig var boðið upp á 5 km hring á Laugarvatni. Þrjátíu og einn hlaupari tóku þátt, tuttugu og átta í 10 mílum og þrír í 5 km. Björg Alexandersdóttir var fyrst kvenna í 10 mílum á 01:26:03 klst. og Kári Steinn Karlsson var fyrstur karla á 01:00:46 klst. Fyrst í 5 km hlaupi var Guðrún Edda Harðardóttir á 27:53 mín. Heildarúrslit má sjá á www.hlaup.is.



Logn og blíða sumarsól í Bláskógaskokkinu.

Badmintonnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Formaður: Sæmundur Steingrímsson, Umf. Þór, formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri, Karen Sæmundsdóttir, Umf. Þór. Varamaður: Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór.

Innan vébanda HSK var badminton iðkað hjá þremur félögum árið 2015 en þau voru Dímoni, Hamar og Þór. Iðkendafjöldinn var misjafn milli félaga sem og fjöldi æfinga á viku. Nokkur uppgangur virtist vera í badminton þetta árið.

Þrír leikmenn voru valdir í úrtakshópa unglingalandsliðs Íslands í badminton, þau Axel Örn Sæmundsson, U19 ára, Berglind Dan Róbertsdóttir, U17 ára og Jakob Unnar Sigurðarson, U15 ára, en þau æfa öll með Umf. Þór. Þau mættu á landsliðsæfingar í nokkur skipti þetta árið.

Badmintonnefnd HSK heldur tvö mót á ári undir nafni HSK, en þau eru Unglingamót HSK og Meistaramót HSK. Unglingamótið er fyrir börn og unglinga að 19 ára aldri en Meistaramótið er fyrir alla aldurshópa. Það félag sem heldur mótin hverju sinni sér um fjármögnun og skipulagningu mótanna. Auk þess voru haldin tvenn stór barna- og unglingamót innan vébanda HSK á árinu.

Í febrúar hélt Umf. Þór sitt árlega Þórsnót sem er mót fyrir börn og unglinga. Mótið er svokallað byrjendamót þar sem þeir bestu á landinu eru ekki gjaldgengir á mótið, en það teljast allir þeir sem unnið hafa til verðlauna á mótum yfir veturinn. Þátttakendur voru 78 talsins, en það er töluvert minna en vanalega þar sem stór hópur keppenda af Norðurlandi komst ekki vegna veðurs. Þátttakendur komu

alls staðar að af landinu eða alls frá 6 félögum. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda og náðist að ljúka mótinu á settum tíma.

Í apríl var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 69 talsins frá þremur félögum; Dímoni, Hamri og Þór. Á mótinu var stigakeppni milli félaganna, þar sem keppt var um HSK-meistara titilinn. Hamar bar sigur úr býtum með 89 stig, Umf. Þór var í öðru sæti með 47 stig og Dímoni var í því þriðja með 13 stig.

Í nóvember hélt Hamar í annað skipti Kjörismót Hamars sem er mót fyrir börn og unglinga. Það var byrjendamót líkt og Þórsnótið og voru þeir bestu á landinu því

ekki gjaldgengir á Kjörismótið heldur. Þátttakendur voru 73 talsins frá 7 félögum en stór hópur frá Siglufirði forfallaðist örfáum dögum fyrir mót vegna slæms veðurs. Mótið gekk þrátt fyrir það vel fyrir sig og náðist að ljúka mótinu á settum tíma. Við fögnum því að nú séu haldin tvenn stór unglingamót á ári innan vébanda HSK og verður það eflaust til þess að efla badmintoniðkun á svæðinu enn frekar.

Í nóvember var 36. Unglingamót HSK haldið í Hveragerði. Keppendur voru 36 talsins frá þremur félögum; Dímoni, Hamri og Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. Á mótinu var stigakeppni milli félaganna, þar sem keppt var um HSK-



Ungir badmintoniðkendir á héraðsmótinu.



meistaratitilinn. Hamar bar sigur úr býtum með 52 stig, Þór var í öðru sæti með 34 stig og Dímon í þriðja sæti með 7 stig.

Í lok árs voru keyptir nýir keppnis- og æfingabólir á alla yngri iðkendur bæði Hamars og Þórs. Bolirnir setja fallegan heildarsvip á æfingarnar og því verður gaman að fylgjast með krökkunum á nýju ári þegar þau mæta á mót í nýju bolunum.

Milli jóla og nýjárs héldu Hamarsmenn æfingardag þar sem fenginn var núverandi Íslandsmeistari kvenna í tvíliðaleik ásamt systkinum sínum, sem öll búa og æfa badminton í Danmörku, til að sjá um æfinguna. Þórsurum var boðið að vera með og var því dágóður hópur sem mætti á æfinguna. Dagurinn gekk mjög vel fyrir sig og lærðu krakkarnir margt nýtt auk þess sem þau náðu betri tókum á tækniatriðum sem þau höfðu áður lært.

Blaknefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Gunnhildur Hinriksdóttir, Umf. Laugdæla, formaður, María Rósa Einarsdóttir, Íþf. Dímon, Harpa Dóra Guðmundsdóttir, Íþf. Hamri. Varamaður: Kristján Geir Guðmundsson, Umf. Hrunamanna.

Blaknefnd HSK sinnti sínum venjubundnu störfum á árinu 2015 með hefðbundnum héraðs- og hraðmótum en bætti svo við skemmtilegu verkefni þegar lið undir merkjum HSK tóku þátt í Bikarkeppni BLÍ á haustdögum.

Héraðsmót HSK 2014–15

Keppt var í tveimur hlutum í karla- og kvennaflokki og eitt mót var í unglingaflokki drengja og stúlkna. Í karlaflokki voru sex lið skráð til leiks: Dímon, Hamar 1, Hamar 2, Hrunamenn, Samhygd og UMFL. Spiluðu þau eina umferð og svo einföld úrslit. Skemmt er frá því að segja að Hamar 1 vann umferðina og spiluðu þeir úrslitaleik gegn Samhygd sem þeir og unnu og fögnuðu því titlinum í fyrsta sinn á þessari öld, á heimavelli og fengu nýjan bikar afhentan frá Kjörís. Þar með lauk 15 ára samfelldrisigurgöngu Hrunamanna en þeir höfðu einir setið að héraðsmeistaratitlinum í karlaflokki á þessari öld.

Í kvennaflokki voru 8 lið skráð til leiks og var þeim deildaskipt eins og verið hefur undanfarin 2 ár. Í þetta sinn voru 4 lið í hvorri deild: Dímon/Hekla 1, Dímon/Hekla 2, Hamar 1 og UMFL 1 spiluðu í 1. deild og Hamar 2, Hrunakonur 1, Hrunakonur 2 og UMFL 2 í 2. deild. Spiluð var tvöföld umferð í hvorri deild og gildi samanlagður árangur í báðum umferðum til úrslita. Líkt og í karlaflokki var það lið Hamars 1 sem bar sigur úr býtum eftir báðar umferðir í 1. deild en fjögur ár eru síðan þær hömпуðu titlinum síðast. Í 2. deildinni urðu héraðsmeistarar lið Hrunakvenna 1 og færðust þar með upp um deild.



Kvennalið HSK sem tók þátt í bikarkeppni BLÍ.

Í unglingaflokki voru líkt og oft áður flest öll liðin skráð frá Dímoni, 3 í drengjaflokki og 2 í stúlknafllokki, og UMFL mætti með blandað lið stúlkna og drengja í drengjaflokki. Spiluð var ein umferð, allir við alla, upp á tvær unnar hrinur. Héraðsmeistarar stúlkna og drengja komu bæði frá Dímoni og voru skipuð krökkum úr 9. bekk.

Eftirfarandi eru lokaúrslit úr Héraðsmóti HSK 2014–15

Drengir:

Sæti	Lið	Stig
1.	Dímon 9. b	9
2.	Dímon 10. b	6
3.	Dímon 7.-8. b	3
4.	UMFL 5.-8. b	0

Stúlkur:

Sæti	Lið	Stig
1.	Dímon 9. b	3
2.	Dímon 10.+8. b	0

Karlar að loknum einföldum úrslitum:

1. Hamar 1
2. Samhygd
3. Hrunamenn
4. Laugdælir
5. Dímon
6. Hamar 2

Konur 1. deild samanlögð úrslit

Sæti	Lið	Stig
1.	Hamar 1	15
2.	Dímon/Hekla 1	11
3.	UMFL 1	9
4.	Dímon/Hekla 2	1

Konur 2. deild samanlögð úrslit

Sæti	Lið	Stig
1.	Hrunakonur 1	16
2.	Hamar 2	12
3.	Hrunakonur 2	7
4.	UMFL 2	1

Hraðmót HSK 2015

Hraðmót ársins var spilað í október 2015 með þátttöku þessara hefðbundnu liða karlamegin, þ.e. Hamar 1 og 2, Hrunamenn og UMFL, en kvennamegin voru alls 10 lið skráð. Ákveðið var að karlarnir myndu spila allir við alla upp í 25 stig en ekki 21 eins og venja er á hraðmótum. Hrunamenn endurheimtu titil sinn sem Hraðmótsmeistarar HSK er þeir unnu alla sína leiki 2-0, en titlinum töpuðu þeir til Hamars í fyrra.

Í kvennaheppninni skráðu 10 lið sig til leiks, þar á meðal lið Hrunakvenna úr úthverfum Flúða, sem jafnan gengur undir nafninu Lansinn. Nýtt lið innan blakveraldar HSK skráði sig til leiks en það eru hressar stúlkur úr Þjótanda og skráðu þær nafn félagsins í blaksögu HSK. Mótið fór fram í nýstækkuðu og glæsilegu íþróttahúsi Hrunamanna á Flúðum þar sem öllu er tjaldað til, rafrænar stigaskráningar á hverjum velli og frábær aðstaða.

Í stað þess að riðlaskipta keppninni með einföldum úrslitum milli riðla eins og oft hefur verið gert var ákveðið að prófa að spila eftir Monrad kerfi líkt og í skákinni þar sem öll lið fengu 4 leiki. Spilað var upp á tíma til að mótið gengi hraðar fyrir sig, en þó gátu hrinur ekki endað jafnt og skyldi því spilað upp á gullstig ef liðin væru jöfn að stigum að tímanum loknum. Liðum hafði fyrirfram verið styrkleikaraðað eftir t.d. þátttöku í Íslandsmótum BLÍ og innbyrðis viðureignum á héraðs- og hraðmótum og var fyrstu umferð stillt þannig upp að ef röðunin væri rétt yrði síðasti leikurinn úrslitaleikur á milli tveggja efstu liðanna. Þó áttu öll lið séns á að vinna titilinn með því að sigrá alla sína andstæðinga. Næstu umferðir réðust þannig á uppsöfnuðum stigum úr fyrri umferðum þannig að þau lið sem voru stigahæst spiluðu saman eða þau lið með jöfn stig (þó þannig að lið gátu aðeins mæst einu sinni). Ef það gekk ekki upp og lið þurftu að spila við önnur lið með færri stig, þá



Þátttökulið á hraðmóti HSK í blaki karla.

var liðunum raðað eftir spilaröð en með tilliti til þess að liðin væru ekki þegar komin með leik í þeirri umferð. Þetta fyrirkomulag átti að reyna að tryggja að lið væru yfirleitt að spila við önnur lið af svipaðri getu, og að 4 umferðum loknum væri hægt að dæma um sigurvegara. Væru lið jöfn að stigum eftir 4 umferðir skyldi skera úr um jafntefli með því að telja fyrst samanlögð heildarstig andstæðinga liðsins. Ef enn væri jafnt skyldi líta til hrinu og stigahlutfalls og síðast innbyrðis viðureigna.

Mótið gekk nokkuð vel fyrir sig, hver umferð var klárud áður en sú næsta byrjaði og gekk þetta flest upp. Með því að hafa fasta dómara á hverjum velli gengi þetta þó betur fyrir sig. Að þriðju umferð lokinni stóðu stigin þannig að fjögur lið voru jöfn að stigum og gátu með sigri hampað að lágmarki 2. sætinu. Það var því nokkur spennan í síðustu umferðinni en lið Hamars 1, sem spilar nú í 1. deild Íslandsmótsins, stóðst pressuna best. Þær unnu Dímon/Heklu 1 meðan Hrunakonur/Lansinn 1 gerði jafntefli við UMFL. Það var því lið Hamars 1 sem stóð uppi sem sigurvegari í ár með 7 stig, í 2. sæti varð lið UMFL með 6 stig en þær höfðu einu fleiri andstæðingastig en lið Hrunakvenna/Lansans 1 sem einnig var með 6 stig.

Lokaröð í karlaflokki:

Sæti	Lið	Stig
1.	Hrunamenn	6
2.	Hamar 1	3
3.	UMFL	2
4.	Hamar 2	1

Lokaröð í kvennaflokki:

	H	A	S	F
1. Hamar 1	7	18	147	101
2. UMFL	6	19	155	112
3. Hrunak/Lansinn 1	6	18	157	103
4. Dímon/Hekla 1	5	19	138	111
5. Hrunak/Lansinn 2	4	14	148	125
6. Hamar 2	4	12	142	129

7. Hrunakonur 1	3	19	117	139
8. Hrunakonur 2	3	16	130	161
9. Dímon/Hekla 2	2	12	113	164
10. Þjótandi	0	13	108	210

Bikarkeppni BLÍ 2015–16

Í samráði við þjálfara Hamars, Hilmar Sigurjónsson, var ákveðið að skrá eitt karlalið og eitt kvinnalið til leiks í Bikarkeppni BLÍ undir merkjum HSK. Nýjar reglur Bikarkeppninnar heimila héraðssamböndum að skrá lið til leiks og geta þá liðsmenn félaga innan hvers héraðssambands tekið þátt, þó svo þeir séu ekki í sama undirfélagi. Æfingar fóru fram einu sinni í viku í Hveragerði og voru opnar öllum félögum innan HSK. Því miður var þátttaka annarra félaga en Hamars ekki nægjanlega góð að þessu sinni sem m.a. má rekja til þess að æfingatímar rákust á, en þó mættu nokkrir liðsmenn frá UMFL á æfingar sem og frá Dímon/Heklu. Leikið var með útsláttarfyrirkomulagi og komust bæði liðin í 2. umferð en voru þá slegin út af sér sterkari andstæðingum. Undirrituð tók þátt í þessu verkefni og fannst mjög gaman að og er það von mín að með betra skipulagi geti fleiri félagar tekið þátt í þessu samstarfi og HSK taki aftur þátt í Bikarkeppninni með ennþá sterkari liðum og betri árangri.

Önnur mót

Líkt og fyrir ár eru nokkur lið frá sambandssvæði HSK skráð til leiks í Íslandsmót BLÍ og standa sig þar með nokkrum sóma. Sem dæmi má nefna að kvinnalið Hamars vann sig upp í 1. deild Íslandsmótsins síðastliðið vor og Hrunamenn unnu 1. deild karla en kjósa þó að fara ekki upp í úrvalsdeildina. Öldungamót BLÍ skipar jafnan stóran sess hjá blökurum og voru 6 karlalið og 9 kvinnalið úr félögum frá HSK skráð til leiks á Neskaupsstað síðastliðið vor, sum lið fóru upp um deildir, önnur niður – en þó er þetta alltaf jafn skemmtilegt.

**Gunnhildur Hinriksdóttir, formaður
blaknefndar HSK**

Borðtennisnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Sigurjón Sváfniðsson, Íþr.f. Dímoni, formaður, Guðni Sighvatsson, Íþr.f. Garpi, Ólafur Elí Magnússon, Íþr.f. Dímoni. Varamaður: Vilhjálmur Vilhjálmsson, Umf. Skeiðamanna.

Héraðsmót

41. héraðsmót HSK í borðtennis var haldið á Hvolsvelli 13. nóvember 2015. Alls kepptu 47 keppendur á héraðsmótinu frá þremur félögum. Í stigaútreikningi félaga fóru leikar þannig að Dímon sigraði með 136,75 stig, Hekla varð í öðru sæti með 32 stig og Garpur í því þriðja með 12,25 stig. Heildarúrslit eru á www.hsk.is.

Briddsnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss, formaður, Ómar Olgeirsson, Íþr.f. Garpi, Kristján Hálfðánarson, Íþr.f. Dímon. Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

HSK mót í tvímenningi

HSK mótið í tvímenningi í bridds var haldið í Selinu á Selfossi 8. janúar 2015. Alls tóku 18 pör þátt í HSK mótinu. Eftir 40 spil urðu þeir Guðmundur Þór Gunnarsson og Björn Snorrason hlutskarpastir. Gunnlaugur Karlsson og Ísak Örn Sigurðsson urðu í öðru sæti. Gunnlaugur Sævarsson og Kristján Már Gunnarsson tóku svo bronsið.

HSK mót í bridds fyrir 67 ára og eldri

HSK mótið í bridds fyrir 67 ára og eldri var haldið í þriðja sinn í Selinu Selfossi sunnudaginn 15. mars 2015. Ungmennafélagsandinn sveif yfir mannskapnum og keppnisskapið vantaði ekki. Fjórtán pör skráðu sig til leiks og eftir hörkuspennandi keppni.

**Verðlaunahafar:**

1. sæti Garðar Garðarsson og Pétur Skarphéðinsson, GF, með 200 stig
2. sæti Ægir Þorgilsson og Svavar Hauksson, Hekla/Dímon, með 171 stig.
3. sæti Kjartan Kjartansson og Skafti Ottesen, Hamar, með 169 stig.

HSK mótið í sveitakeppni

HSK mótið í sveitakeppni í bridds var endurvakið laugardaginn 21. mars í félagheimilinu á Flúðum. Tólf sveitir tóku þátt í mótinu en alls voru spiluð 55 spil. Tvær sveitir börðumst um efsta sætið allan tímann, sveitir TM Selfossi og Halldórs Svanbergssonar og hafði sú fyrrnefnda sigur.

Lokastaða efstu sveita varð eftirfarandi

1. TM Selfossi
2. Halldór Svanbergsson
3. Borgun

Fimleikanefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Hólmfríður Fjóra Smáradóttir, Umf. Þór, formaður, Ástrós Hilmarsdóttir, Umf. Selfoss, Rakel Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri. Varamaður: Freydis Örlygsdóttir, Umf. Biskupstungna.

HSK mót í fimleikum

HSK mótið í fimleikum var haldið 8. febrúar 2015 í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn. Fimleikadeild Þórs Þorlákshöfn hélt mótið að þessu sinni og gekk mótið mjög vel fyrir sig. Á þessu móti voru 9 lið frá 2 félögum skráð til leiks. Liðin komu frá Selfossi og Þór Þorlákshöfn. Mikil fækkun var á liðum frá fyrri árum.

Keppt var í 5., 4., 3., Kky- og meistaraflokk. HSK meistarar voru krýndir í Kky, 4. 3. og meistaraflokk. HSK meistarar eru þeir sem hafa hæstu samanlagða einkunn óháð aldri í þessum flokkum. Selfoss 11 urðu HSK meistarar í 4. flokki. Þór T-3 urðu HSK meistarar í 3. flokki og Þór T-1 í meistaraflokki. Því miður varð einhver



Sveit TM Selfossi vann sveitakeppni HSK.

misskilningur og gleymdist að tilkynna HSK meistarar í kky-flokki, en þeir strákarnir í Selfoss HB21 fengu sendan bikar síðar.

Frjálsíþróttaráð HSK

Stjórn frjálsíþróttaráðs HSK skipa: Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Vöku. Gjaldkeri: Tómas Karl Guðsteinsson, Íþróttafélaginu Garpi. Meðstjórndur: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna, Lára Hreinsdóttir, Umf. Laugdæla og Sigurður Pétursson, Umf. Selfoss.

Aðalfundur ráðsins var haldinn 6. maí 2015. Tveir menn gáfu ekki lengur kost á sér til setu í stjórn ráðsins en það voru Jón Ágúst Reynisson og Benóný Jónsson, fyrrum formaður ráðsins. Í þeirra stað voru kosin í stjórn Lára Hreinsdóttir Umf. Laugdælum og Sigurður Pétursson Umf. Selfoss. Á fundinum var Benóný veitt silfurmerki HSK fyrir góð störf í þágu hreyfingarinnar. Á aðalfundinum kom fram að fjárhagsstaða frjálsíþróttaráðs er mun betri en síðustu ár og ráðið er nú skuldlaust. Þess vegna var ákveðið að lækka iðkendagjald ráðsins niður í 125 kr. og árgjaldið var lækkað um 50% en það var hækkað á sínum tíma til að bæta

fjárhagsstöðuna. Keppnisgjöld á héraðsmótum voru einnig lækkuð á árinu. Haustiundur frjálsíþróttaráðs fór svo fram 7. október og stjórnarfundir voru haldnir þegar tilefni þótti til. Fimm manna undirbúningsnefnd vegna MÍ 11–14 ára, sem haldið var á Selfossvelli í júní, starfaði jafnframt fyrstu sex mánuði ársins og fundaði reglulega.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn á Selfossi dagana 28. júní – 2. júlí. Alls voru 59 frískir krakkar sem kláruðu skólann. Frjálsíþróttaskólinn var sá fjölmennasti frá upphafi af öllum þeim stöðum sem hann hefur verið haldinn og var þetta sjöunda starfsár skólans á HSK-svæðinu. Umsjónarmenn skólans voru, líkt og síðustu ár, frjálsíþróttakonurnar Ágústa Tryggvadóttir og Fjóra Signý Hannesdóttir. Frjálsíþróttaskólinn heppnaðist mjög vel þrátt fyrir þennan fjölda af þátttakendum. Börnin komu nær öll af Suðurlandi, og voru þau flest í sigurliði HSK/Selfoss á Íslandsmeistaramótinu sem fór fram helgina fyrir skólann, en einnig voru nokkur börn frá öðrum félögum þó þau hafi verið færri en undanfarin ár.

Markmið frjálsíþróttaskólans er að kynna og breiða út frjálsíþróttir á Íslandi. Dagskrá skólans var mjög fjölbreytt þar sem til að mynda voru kvöldvökur á hverju kvöldi ásamt fjölbreyttri hreyfingu allt frá hefðbundnum frjálsíþróttæfingum, til sundsprells og ratleiks. Alls voru 13 þjálfarar og aðstoðarmenn sem hjálpuðu til í skólanum enda að mörgu að huga, svo sem matartímum, frítímum, æfingum og öðrum dagskrárlíðum. Skólinn fór fram við frábærar aðstæður þar sem stutt er í alla aðstöðu sem nota þarf, svo sem gistiaðstöðuna, frjálsíþróttavöllinn og sundlaugina. Frjálsíþróttaskólanum lauk með velheppnuðu frjálsíþróttamóti á fimmtudeginum þar sem nokkrir persónulegir sigrar unnust. Eftir grillveislu fengu krakkarnir viðurkenningarskjal fyrir þátttöku í skólanum og kvöddust sát og sæl eftir skemmtilega viku.

Keppt var áfram undir merki HSK/Selfoss á meistaramótum á árinu og áttum við þátttakendur á öllum helstu



Frá keppni á héraðsmótinu í fimleikum 2015.